

EINBYLISHÚS VIÐ GRUNÐARSTÍG
Glæsileg eign í hjarta
Reykjavíkur
Fasteignablaðið
allt í MIÐJU BLAÐSINS



TANNSMÍÐURINN NASH
Gerir vígtennur fyrir
Íslendinga
Fjölskyldan hrædd við viðskiptavinina
FÓLK 34



Hollasta Hagkerfi í heimi
LATÓ HAGKERFIÐ
www.glitnir.is/lattoar
GLITNIR
Orkuvatn

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. júlí 2006 – 197. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Árásir Ísraela fordæmdar

Yfirmaður Neyðarhjálp SP fordæmir loftárásir Ísraelsmanna sem mannréttindabrot. Um 600.000 Líbanir hafa flosnað upp frá heimilum sínum. Skotið var á líbanska flóttamenn í suðurhluta landsins í gær.

BEIRÚT, AP Aðgerðir Ísraelsmanna eru ekki í samræmi við þann skaða sem þeir hafa orðið fyrir og skemmdir á mannvirkjum í Beirút eru hryllilegar, er haft eftir Jan Egeland, yfirmanni neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna, en hann telur að um mannréttindabrot sé að ræða. Egeland kom til Beirút í gær skömmu eftir eina loftárás Ísraelsmanna og hafði orð á því að eyðilegging borgarinnar væri mun víðtækari en hann hefði grunað. „Þetta er hryllilegt,“ sagði Egeland. „Hér sé ég fjölda heimilislausra barna

sem þjást. Í þessu stríði greiða almennir borgarar óhóflegt gjald. Eg hefði ekki trúað því að húsaröð á húsaröð ofan hefði verið jöfnuð við jörðu.“ Hann bætti við að „óhófleg viðbrögð Ísraelsmanna“ væru brot á alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Í Líbanon hafa nú um 600.000 almennir borgarar flúið heimili sín, samkvæmt tölum Alþjóðaheilbrigðis-



JAN EGELAND

stofnunarinnar. Um 380 hafa látið lífið í stófelldri tólf daga langri sprengjuárás Ísraels hers, þar af ellefu skæruliðar Hizbollah. Til samانبurðar má nefna að alls hafa 36 ísraelskir borgarar látist og voru sautján þeirra hermenn. Ísraelskar herþotur drápu þrjá flóttamenn þegar þær sprengdu sendiferðabíl í loft upp í gær. Þrettán aðrir farþegar særðust en komust lífs af. Sendiferðabíllinn var aftastur í langri

bílalest flóttamanna sem var á leið gegnum fjallendi til Tyreborgar. Ísraelsher hafði skipað þeim og íbúum tólf annarra þorpa að flýja heimili sín daginn áður. Ísraelski herinn ætlar að leyfa skipum með neyðarvistir að koma að landi í Beirút og hefur heitið því að gera ekki árásir á veg milli Beirút og Trípólí og auðvelda þannig flóttamanna norður á bóginn. Herinn hefur ekki skilgreint samsvarendi örugga flóttaleið í Suður-Líbanon, þar sem neyðin er mest og vegirnir háskalegastir.

klemens@frettabladid.is

Góð stemning í bænum fyrir hátíðina
Mærudagar og Sænskir dagar hefjast í dag undir yfirskriftinni Húsavíkurhátíð. Hún stendur í eina viku og í boði er menningar- og skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna.
TÍMAMÓT 20

Nýir framhaldsskólar
„Það er eðlilegt að skiptar skoðanir séu um hvaða leiðir beri að fara við breytingar á menntakerfinu enda miklir hagsmunir í húfi, sem er menntun barnanna okkar,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.
UMRÆÐAN 19

Arfgengur hæfileiki
Sigurgeir Þór Helgason sigraði í hæfileikakeppni starfsmanna ÍTR með því að flauta lagið Atti Katti Nóa með auganu.
FÓLK 34

Tilfinningaríkur Tiger
Kyllingurinn Tiger Woods brotnaði saman og grét er hann tryggði sér sigur á opna breska meistaramótinu í golfi. Hann tileinkaði nýlátnum föður sínum sigurinn.
ÍÞRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG

ÁFRAM GÓÐVIÐRI – Í dag verður hægviðri eða hafgola. Víðast bjart með köflum, einkum til landsins. Hætt við þokubökkum við norður- og austurströndina. Þykkar upp sunnan og vestan til síðdegis. Hiti 11-20 stig, hlýjast til landsins.
VEÐUR 4

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST

HVIJLA HÖSÍÐ / SÍB

3 Km
10 Km
21 Km
42 Km



BÍLVELTA Á VESTURLANDSVEGI Ökumaður sendibíls missti stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hann klessti á ljósastaur og valt. Um tíma var haldið að maðurinn væri fastur inni í bílnum en hann kastaðist út úr honum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikil umferð var til höfuðborgarsvæðisins í gær:

Banaslys við Eystri-Rangá

UMFERÐ Banaslys varð síðdegis í gær á Suðurlandsvegi við Eystri-Rangá. Karlmaður á þritugsaldri sem var á leið austur á mótörhjól missti stjórn á hjólinu vestan megin við brúna yfir ána og lenti á rörstokki. Talið er að maðurinn hafi látist samstundis, en hann lenti við bakka árinna og hjólið kastaðist út í ána. Lögregla telur

ekki að um hraðakstur hafi verið að ræða. Á nýnda tímanum í gærkvöldi ók sendibíll á staur á Vesturlandsvegi. Í fyrstu var talið að ökumaður sæti fastur inni í bílnum en þegar sjúkraliðar komu á staðinn kom í ljós að hann hafði kastast úr bílnum við áreksturinn. Hann var með meðvitund þegar sjúkrabíll kom á staðinn, en þegar blaðið fór í

prentun var óljóst hve alvarleg meiðsl hans voru. Mikil umferð var til Reykjavíkur í gær enda ferðahelgi að ljúka. Á tímabili var umferðin svo mikil að óslitin röð lá frá borgarmörkunum upp að rótum Esjunnar. Að sögn lögreglu var einnig töluverður straumur bíla á leið til borgarinnar frá Selfossi en þar gekk öll umferð vel fyrir sig.
- sps

Eftir 17 daga hungurverkfall: Saddam lagður á sjúkrahús

BAGDAD, AP Eftir sautján daga langt hungurverkfall þótti ástand Saddams Hussein svo slæmt að hann var færður á spítala í gær. Hann neitar enn að innbyrða heilar máltíðir en fær nú næringu í gegnum slöngu. Saddam og þrír aðrir sakborningar hafa verið í hungurverkfalli síðan 7. júlí til að mótmæla verklagi réttarins og bágunum öryggisráðstöfunum fyrir verjendur sína, en þrír þeirra hafa verið myrtir frá því réttarhöld hófust. Verjendur hafa biðlað til bandarískra yfirvalda að tryggja öryggi sitt, en munu hafa hafnað sömu öryggisráðstöfunum og eru í boði fyrir dómara og saksóknara.
- kóp



SADDAM HUSSEIN

Drögum ó morgun

Átt þú miðo?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



SPURNING DAGSINS

Gísli, ertu í harðri samkeppni við Gallerí Húdd?

„Nei, það ríkir fákeppni á þessum markaði.“

Gísli Ásgeirsson hefur opnað sýninguna Hringrás í Gallerí Skotti. Galleríið er farangursgeymslan á Isuzu-jeppa hans.

Ökuníðingur flúði lögreglu: Stakk af undir áhrifjum lyfja

LÖGREGLUFRÉTTIR Maður um þrítugt var handtekinn í gær á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrabrautar fyrir ofsaaftur og grun um að aka undir áhrifjum lyfja.

Fyrst var tilkynnt um ógætilegan akstur mannsins í Þingholtunum. Lögreglubíll mætti manninum á Laugavegi við Nóatún og gerði tilraun til að stöðva hann, en maðurinn stakk af og upphófst eltingaleikur. Loks var maðurinn stöðvaður við Kringluna, en ekki vildi hann koma með góðu og þurfti að beita afli til að handtaka hann. Í bílnum fundust fíkniefni og er maðurinn grunaður um að aka undir áhrifjum lyfja. - sgi



UMSKIPTI HJÁ FRÓÐA Reynir Traustason er hættur sem ritstjóri Mannlífs.

Ritstjóri Mannlífs hættur:

Reynir annað

STARFSLOK „Ég óskaði sjálfur eftir að hætta og geri það í góðu en ég vil ekki tjá mig um hvað við tekur að sinni,“ segir Reynir Traustason blaðamaður, en hann er hættur störfum sem ritstjóri Mannlífs.

Reynir hefur verið ritstjóri þar síðan í desember 2004 þegar hann hætti sem fréttastjóri DV og hefur tímaritið selst vel undir hans stjórn. Hann segir enga óvissu taka við heldur sé framundan nýtt og spennandi verkefni en hann vill þó ekki opinbera að sinni hvað um sé að ræða. „En ég hætti í góðu og hef gott eitt af mínum fyrrum vinnustað að segja.“ - aðe

Framkvæmdastjóri flugumferðarsviðs Flugmálastjórnar Íslands:

Segir farið með hálsannleik

KJARAMÁL Félag íslenskra flugumferðastjóra sýnir af sér ótrúlega óbilgírni að láta í veðri vaka að Flugmálastjórn hafi skellt á nýju vaktakerfi án samráðs við starfsmenn. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri flugumferðarsviðs Flugmálastjórnar Íslands, hefur sent frá sér vegna ummæla stjórnar Félags íslenskra flugumferðarstjóra um vaktakerfisbreytingu sem gerð var 16. mars síðastliðinn.

Þar segir hann rétt að Flugmálastjórn hafi aldrei viljað semja um vaktakerfi, en Félag íslenskra flugumferðarstjóra fari viljandi

með hálsannleik þegar því sé lýst yfir að félagið hafi alltaf verið reiðubúið að semja um vaktakerfi og því hafi ekki borist nein tilboð um slíkt frá Flugmálastjórn. Ásgeir segir algerlega óviðunandi að stjórn stéttarfélags skuli ekki virða gildandi kjarasamning og staðfesta túlkun hans, en kjósa heldur að ala á óánægju.

Loftur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segist ekki ætla að svara þessari yfirlýsingu að svo stöddu. „Þarna er alla vega komið fram það sem við höfum sagt, að Flugmálastjórn hefur aldrei viljað semja við okkur.“ - sfs



FLUGUMFERÐARSTJÓRN Ásgeir segir óviðunandi að stjórn stéttarfélags skuli ekki virða gildandi kjarasamning og staðfesta túlkun hans en kjósa heldur að ala á óánægju.

Fjárfesting félagsins stórkostleg mistök

Forstjóri Bygðastofnunar segir stórkostleg mistök hjá Eignarhaldsfélagi Vestmannaeyja að eyða öllu sínu fé í eitt fyrirtæki. Fyrirverandi stjórnarformaður félagsins segir auðvelt að vera vitur eftir á, kaupin hafi þótt góð á sínum tíma.

VESTMANNAEYJAR Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Bygðastofnunar, segir mistök hafa verið gerð þegar Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja ákvað að leggja nánast allan sinn pening í eitt fyrirtæki, Íslensk matvæli. „Út frá þeim reglum sem gilda um svipuð eignarhaldsfélög og hvernig þau starfa er augljóst mál að þetta voru stórkostleg mistök,“ segir hann.

Guðjón Hjörleifsson, alþingismaður og fyrirverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir auðvelt að vera vitur eftir á, en hann var stjórnarformaður félagsins þegar kaupin voru gerð. „Þegar við gengum frá kaupunum á Íslenskum matvælum höfðum við undir höndum kannanir frá greiningardeild Íslandsbanka og endurskoðunar-fyrirtækinu Deloitte & Touche. Þar lá fyrir að þetta væri ekki slæm fjárfesting.“

Bergur Elías Ágústsson, fulltrúi Bygðastofnunar í stjórn Eignarhaldsfélags Vestmannaeyja, sagði af sér á dögnum vegna lögbrotu félagsins sem hann kallar svo. Í greinargerð sem hann skrifaði til Bygðastofnunar segir hann að Guðjón Hjörleifsson hafi ekki greitt fjórðung stofnfjár í eignarhaldsfélagi Vestmannaeyja eins og hlutafélagaskrá hafi verið tilkynnt um. Einnig hafi hann ekki látið bæjarstjórn vita af kaupum á fyrirtækinu Íslenskum matvælum.

Guðjón segir það alrangt sem Bergur segir að hann og Þorsteinn Sverrisson, framkvæmdastjóri félagsins, hafi átt að leggja til tvær milljónir í stofnféð. „Það stóð aldrei til að við yrðum hlutahafar í félaginu, enda enginn einstaklingur hluthafi í því. Við lánuðum kennitölur okkar til að hægt væri að stofna félagið. Stofnféð átti að koma annars staðar frá og gerði það.“ Hann segir einnig



VESTMANNAEYJABÆR Þegar Íslensk matvæli urðu gjaldþrota tapaði Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja miklum fjárumunum. Í greinargerð sinni segir Bergur Ágústsson að bæjarstjórn hafi ekki vitað af þessum kaupum þegar hún lagði pening í félagið.

rangt að bæjarstjórn hafi ekki vitað af kaupunum, rætt hafi verið um þau á aðalfundi eignarhaldsfélagsins og bæjarstjórnarfundum.

Daginn eftir stofnun Eignarhaldsfélags Vestmannaeyja var gengið frá kaupum þess á fyrirtækinu Íslenskum matvælum fyrir 130 milljónir króna. Rúmu ári síðar kom í ljós að rekstur fyrirtækisins gekk ekki sem skyldi og varð það gjaldþrota. Tapaði Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja miklum peningum á kaupunum og var nálægt því að fara í gjaldþrot.

Ekki náðist í Berg Elías Ágústsson vegna málsins í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

salvar@frettabladid.is



BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON

GUÐJÓN HJÖRLEIFSSON

Banaslys í Englandi:

Fljúgandi lista- verk drepur tvo

ENGLAND Tveir létust og tólf manns slösuðust þegar risastórt uppblásíð listaverk losnaði úr festingum sínum á sunnudag. Slysíð varð í Durham-sýslu í Englandi samkvæmt fréttavef BBC.

Margir voru inni í listaverkinu, sem samanstendur af tengdum herbergjum, þegar það lyftist fjórutíu metra upp í loftið, flæktist í staur og brotrenti við nálægan leikvöll.

Rannsókn á tildrögum slyssins er hafin, en um fimm hundruð manns voru í kringum listaverkið, sem er á stærð við hálfan fótbolta-völl, þegar það hófst á loft.

- sfs

Fólk hætt komið á ferð yfir á:

Flutu 30 metra niður Krossá

BJÖRGUN Fimm sluppu óslösuð þegar pallbíll þeirra festist í Krossá í Þórsmörk í gær. Billinn lenti ofan í hyl, flaut upp og með straumnum um þrjátíu metra niður ána. Þar skorðaðist hann fastur og vatn braut yfir. Fólkinu tókst að klifra upp á þak bílsins og var þaðan bjargað, af björgunarsveit Landsbjargar. Skálaverðir í Húsadal drógu billinn upp.

„Krossáin hefur tekið marga bíla gegnum tíðina, enda erfið á og þarf töluverða reynslu og kunnáttu til að komast yfir hana svo öruggt sé,“ segir Sigurður Viðarsson hjá Landsbjörg. „Þetta getur komið fyrir hvern sem er, árnar eru breytilegar og best er að vaða yfir þær og kanna aðstæður.“ - sgi

Forseti Írans ómyrkur í máli:

Ísraelar á sjálfseyðingarbraut

TEHERAN, AP Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, lýsti því yfir í gær að Ísraelsmenn hefðu „þrýst á sjálfseyðingarhnapp“ með aðgerðum sínum í Líbanon. Hann útskýrði orð sín ekki nánar, en gaf til kynna að múslimaríki og önnur gætu einangrað Ísraelsríki á einhvern hátt. Yfirmaður herráðs Írana hafði tilkynnt daginn áður að Íranar mundu alls ekki blanda sér í stríðið í Mið-Austurlöndum.

Íranska ríkisstjórnin tók þátt í stofnun Hizbollah-samtakanna á nýnda áratugnum og styrkir þau. Ráðamenn í Teheran hafa hins vegar vísað á bug þeim ásökunum Ísraelsmanna að Hizbollah hafi fengið eldflugar frá Íran til árása á Ísrael. - kóp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Miðbær Reykjavíkur Allt fór vel fram í miðbæ Reykjavíkur í fyrriðtt, þótt skemmtanahald væri mikið. Þrennt var þó tekið fyrir ölvunarakstur.

Eir og bæjarráð Álftaness slíta samningi um byggingu þjónustuíbúða:

Heimahjúkrun verði meiri

SVEITARSTJÓRNARMÁL Meirihluti Álista í bæjarráði Álftaness samþykkti á bæjarráðsfundi síðastliðinn fimmtudag að fela Sigurði Magnússyni bæjarstjóra að ganga frá samningsslitum við Hjúkrunarheimilið Eir um uppbyggingu þjónustuíbúða og annarrar þjónustu í miðbæ sveitarfélagsins.

Sigurður Magnússon bæjarstjóri segir það rangt sem komið hafi fram í fjölmiðlum að ákvörðunin hafi verið einhliða frá bæjarráði. Nú muni bæjarráð standa fyrir arkitektasamningi með Arkitektafélagi Íslands um skipulag miðsvæðisins.

„Þetta var eitt aðaldeilumálið í kosningunum í vor, það var óskað eftir því að svæðið yrði endurskipulagt. Uppbyggingu svæðisins verður frestað um ár, en hluti svæðisins verður notaður í uppbyggingu á



SIGURÐUR MAGNÚSSON Nýr bæjarstjóri á Álftanesi segir breytingarnar vera í samræmi við vilja kjósenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þjónustuíbúðum fyrir aldraða og byggingu nýrrar stjórnsýslubyggingar sleppt. Við teljum þær 100 þjónustuíbúðir, sem átti að reisa, vera of mikið því við stefnum á aukna heimaþjónustu fyrir aldraða. Flestir vilja búa áfram heima, frekar en að flytja í þjónustuíbúðir,“

segir Sigurður.

Guðrún Jóhannsdóttir, formaður Félags eldri borgara á Álftanesi, segist vera orðin langþreytt á endalausum breytingum á skipulagi miðsvæðisins. Aldraðir hafi tekið þátt í undirbúningi fyrra skipulags og þeirra vinna sé nú til einskis. - sgi

Grillkjötið frá Goða er heitast á grillið í sumar!

GODI
alltaf góður

LÍTUR VEL ÚT
SANTAFE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



Með bílinn handa þér

NJÓTTU ATHYGLINNAR! NÝR SANTA FE



HYUNDAI HEFUR GÆÐIN!

Hyundai var í 3. sæti, næst á eftir Porsche og Lexus, í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power & Associates. Í niðurstöðum könnunarinnar segir m.a. að þessi glæsilegi árangur sýni, að Hyundai sé orðinn fremsti framleiðandi bifreiða í almennum flokki (non-luxury class).

„Þetta eru afar ánægjulegar fréttir, sérstaklega með hliðsjón af því að þessar niðurstöður staðfesta fyrri árangur Hyundai í IQS gæðakönnuninni. Það hefur jafnframt verið áhugavert að fylgjast undanfarin ár með góðu gengi Hyundai í alþjóðlegum gæðakönnunum sem þessum. Ef eitthvað skiptir okkur hjá B&L máli, þá eru það gæði jafnt vörunnar okkar, sem þjónustu.“

IQS gæðaönnunin er tvíþætt, þar sem hún snýr annars vegar að framleiðslugæðum og hins vegar að gæðum hönnunarinnar. Þarna er því ekki aðeins verið að mæla áreiðanleika bíla, heldur einnig hversu ánægðir eigendur þeirra eru með búnað þeirra, þægindastig o.fl.

www.jdpower.com

 **HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622








Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.7.2006

KAUP

	Bandaríkjadalur	73,68	74,04
	Sterlingspund	136,80	137,46
	Evra	93,36	93,88
	Dönsk króna	12,512	12,586
	Norsk króna	11,767	11,837
	Sænsk króna	10,101	10,161
	Japanskt jen	0,6343	0,6381
SDR		108,83	1089,47

Gengisvísitala krónunnar

1289,3089

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarráð lætur skoða hvort henti að flytja olíubirgðastöð burt úr miðbænum:

Rýmt verði fyrir íbúðabyggð

SKIPULAGSMÁL Borgarráð Reykjavíkur samþykkti á fundi síðastliðinn fimmtudag að stofna verkefnisstjórn, sem skal láta athuga framtíðarstöðsetningu olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey. Í kjölfarið verði svo athugað hvort betra væri að hafa stöðina í Hvalfirði eða á Grundartanga. Einnig verður skoðað hvort henti að flytja olíu svo langa leið frá nýrri stöð inn í höfuðborgina.

Gísli Marteinn Baldursson, sem situr í borgarráði, segir hugmyndina hafa verið lengi uppi á borðinu. „Þessi tillaga sem við lögðum fram núna miðar að því að finna aðrar lausnir og komast að því hvar ann-

ars staðar þessir olíugeymar geta verið,“ segir Gísli.

Gísli segir ástæðuna fyrir þessu vera fyrirhugaða fimm til tíuþúsund manna íbúðabyggð í Örfirisey. „Olíubirgðastöð fer ekki saman við þær áætlanir. Það þarf að keyra mörg tonn af eldsneyti gegnum miðborgina, sem er ekki gott fyrir neinn. Þessi byggð mun þó ekki rísa á næstunni, fyrst verður byggt á Geldinganesinu, en Örfirisey er gott byggingaland og þetta yrði mikill áfangi í þéttingu byggðar.“

Verkefnisstjórnin mun skila tilögum um verlag og tímaáætlun til borgarráðs fyrir 15. september.

-sgj



OLÍUTANKARNIR Í ÖRFIRISEY Meirihlutinn í borginni telur Örfirisey vera áhugaverðan kost fyrir íbúðabyggð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Slökkvistarf gekk vel:

Eldur í húsi við Sogaveg

LÖGREGLUFRÉTTIR Eldur kom upp í rusli bakdyrarnar við geymslu á Sogavegi í gærmorgun. Allt bendir til að um íkveikju hafi verið að ræða.

Eldurinn var talinn meiri í fyrstu en hann reyndist loks vera og komu fimm bílar frá lögreglu, alls tíu til fimmtán manns. Talsverður fjöldi slökkvibíla var sendur á staðinn og gekk auðveldlega að slökkva eldinn.

Litlar sem engar skemmdir urðu vegna eldsins, en reyk-skemmdir gætu þó verið nokkrar.

-sgj

Jarðskjálftar við Grímsey:

Sá stærsti 3,2 á Richter-kvarða

JARÐSKJÁLFTAR Nokkrir jarðskjálftar urðu við Grímsey í fyrrinótt og fram undir morgun. Stærsti skjálftinn var 3,2 á Richter-kvarða og varð hann klukkan 37 mínútur yfir miðnætti. Nokkrir smærri skjálftar komu í kjölfarið.

Tíu mínútur yfir tíu í gærmorgun varð svo skjálfti upp á 2,7 á Richter nálægt Grímsey.

-sgj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í Flókadal Eldur kom upp í íbúðarhúsi á Hrísum í Flókadal á sjötta tímanum í fyrrinótt. Skemmdir urðu í risi og á jarðhæð vegna vatns, sóts og elds, en slökkvistarf gekk vel. Ein kona á fimmtugsaldri var í húsinu og slapp hún út af sjálfsdáðum. Talið er að kviknað hafi í út frá rafmagni.

Stal sælgæti Maður var handtekinn fyrir innbrot í verslun 11-11 í Skipholti í fyrrinótt. Þegar lögregla skipaði manninum að vera kyrr hrundi undan klæðum hans nokkuð magn sælgætis- og snakkpoka. Maðurinn var ölvaður og ekki lítur út fyrir að hann hafi stolið öðru en góðgætinu.

Meðferðarúrræði úr takt við tímenn

Endurskipuleggja þarf meðferð fyrir geðsjúka, að mati Elínar Ebbu Ásmunds-dóttur, meðlims Hugarafis. Hún er þeirrar skoðunar að skerða eigi þá starfsemi sem nú er í höndum geðdeildar LSH og byggja upp önnur úrræði fyrir geðsjúka.

HEILBRIGÐISMÁL Elín Ebbu Ásmunds dóttir hefur starfað við geðdeild Landspítalans í tæp 25 ár og gegnir nú stöðu forstöðuþjálfa við deildina. Elín er ósátt við stefnu spítalans í meðferðarúrræðum fyrir geðsjúka og vill sjá breytingar. Elín er nú í námsleyfi og í tengslum við námið vann hún úr notendaránnsókn meðal geðsjúkra þar sem kemur í ljós að engin ein leið er sú rétta í átt að bata og engin ein stétt sem ætti að hafa forræðið þegar kemur að meðferðarúrræðum fyrir geðsjúka.

„Ég vil minnka umsvif geðdeildar LSH og færa þjónustuna sem mest í nærumhverfi fólks þar sem unnið er út frá styrkleikum og þátttöku í samfélaginu og því að gera fólk betur í stakk búið að komast aftur út í samfélagið. Það vinnst svo takmarkaður árangur með því að taka fólk út úr samfélaginu til að lækna það eins og gert er á geðdeild LSH.“

Elín lýsir ánægju með tilrauna-verkefnið Ný leið fyrir unglina í



ELÍN EBBA ÁSMUNSDÓTTIR Meðlimur Hugarafis.



BRÁÐAMÓTTAKA GEÐDEILDAR LANDSPÍTALANS Elín Ebbu vill minnka umsvif geðdeildarinnar og færa þjónustuna í nærumhverfi fólks.

vanda sem hleypt var af stokkunum nú um helgina og vill sjá sams konar úrræði fyrir geðsjúka.

Elín er enn fremur mjög ósátt við þá stéttaskiptingu sem er við lýði á geðdeild Landspítalans en þar spila lækna og hjúkrunarfræðingar stærsta hlutverkið. „Í nýju stjórnskipulagi var sú leið farin að setja hjúkrunarfræðing og lækni yfir flest svið á LSH og sú breyting gerð að nýskipaðir yfirmenn fengu aukin völd og bera þeir nú alfaríð ábyrgð á fjárhag og starfsemi deildanna.“

Elín segist hafa litla trú á því stjórnarfyrrirkomulagi sem ríki innan LSH og segir tilkomu hátaeknisjúkrahúss engu bæta þar um. „Þrátt fyrir innihaldsfagra starfsmannastefnu spítalans er það staðreynd að starfsfólk hans er mismikils metið og hefur mis-

mikil áhrif.“ Elín hefur háð launabaráttu við LSH og finnur sárlega til þess að sitja ekki við sama borð og aðrir hærra settir í valdapyramída spítalans. „Ég hef ekki sama bakland og yfirlæknar LSH, sem hafa töluvert hærra tekjur en ég og hafa þar af leiðandi efni á að ráða sér lögfræðing ef þeim finnst á sér brotið og fara með málið til Hæstaréttar.“

Elín segir að í seinni tíð sé það orðin lenska að starfsfólk LSH annað hvort yfirgefi spítalann eða fari í mál því lítið rúm sé fyrir skiptar skoðanir og lítið sé hlustað á raddir starfsfólks sem séu á skjön við ríkjandi fyrrirkomulag. Elín segir að lokum mikilvægt að fólk láti í ljós skoðanir sínar á starfsemi LSH, ekki síst í ljósi þess að spítalinn sé í eigu allra landsmanna.

hugrun@frettabladid.is

Eþiópíski herinn neitar innrás:

Hafa tekið tvo bæi í Sómaliú

SÓMALÍA, AP Hundruð eþiópískra hermanna fóru í fyrradag inn í sinn annan bæ í Sómaliú til að styðja stjórn stríðsherra í landinu. Eþiópísk stjórnvöld neita að hafa sent herlið inn í landið en íbúar og starfsmenn Sameinuðu þjóðanna eru á öðru máli. Auk þess sveima herþylur um svæðið, en engin slík er í eigu sómalska hersins.

Herinn hóf innreið sína síðastliðinn fimmtudag og í kjölfarið lauk friðarviðræðum stjórnar stríðsherranna við íslamska bókstafstrúarmenn. Múslimarnir gengu út af fundinum og sögðu vopnahlæ hafa verið rofið með innrás hers Eþiópíu.

-sgj



AFTUR OFANJARÐAR Drengurinn Prins sést hér borinn í burtu frá átján metra djúpri holunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Litill drengur á Inlandi:

Bjargað eftir fimmtíu tíma

NÝJA-DELÍ, AP Litlum dreng var bjargað úr átján metra djúpri holu á Inlandi í gær. Drengurinn hafði mátt dúsa í holunni í tæpar fimmtíu klukkustundir eða síðan á föstudaginn.

Atvikidið vakti mikla athygli um víða veröld þar sem indversk sjónvarpsstöð kom myndavél niður í holuna og var með beina útsendingu af ástandi drengsins og björgunaraðgerðum allan sólarhringinn.

Til að tryggja að holan félli ekki saman og drengurinn græfist inni handgrófu indverskir hermenn nýja holu og tengdu hana við þá fyrri með neðanjarðargöngum.

Samkvæmt indversku sjónvarpsstöðinni Zee var dagur frelsunarinnar einnig fimmtán ára afmælisdagur piltsins.

-kóp


LÖGREGLUFRÉTTIR

Tekinn með amfetamín Karlmaður var tekinn í fyrrinótt í Kópavogi með amfetamín í fórum sínum, en bíll sem hann var farþegi í var stöðvaður við reglubundið eftirlit. Málið telst upplýst.

Amfetamín á Húsavík Lögreglan á Húsavík lagði hald á fimm grömm af ætluðu amfetamíni í gær. Hún hafði fengið visbendingu um efnið í bíl á leið til bæjarins og reyndist visbendingin rétt. Ekki er talið að efnið hafi verið ætlað til sölu. Málið telst nú upplýst.

VEÐURSPÁ

um hádegis



um hádegis

Kaupmannahöfn	23°C	hálfskyjað	London	27°C	heiðskirt	Alicante	33°C	hálfskyjað
Billund	26°C	hálfskyjað	Paris	33°C	léttskyjað	Mallorca	28°C	heiðskirt
Osló	27°C	skúrur	Frankfurt	32°C	heiðskirt	Algarve	29°C	heiðskirt
Stokkhólmur	30°C	hálfskyjað	Friedrichshafen	26°C	skúrur	Krít	28°C	heiðskirt
Gautaborg	22°C	hálfskyjað	Berlin	31°C	heiðskirt	Las Palmas	25°C	heiðskirt

* Hitatölur sýna spágildi fyrir hæsta hita dagsins. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



MS drykkjaryörur í útileguna

MS mjólkurdykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.

FOTO: VÍSIR / GVA

Stærsta íþróttá- og fjölskylduhátíð landsins

4.–6. ágúst 2006

að Laugum í S-Pingeyjarsýslu um verslunarmannahelgina

Enginn aðgangseyrir!

Frítt í leiktæki
Frí tjalðsvæði

Knattspyrna
Körfubolti
Frjálsar íþróttir

Skák • Sund
Hestaíþróttir
Glíma

Flugelda-
sýning

Kvöldvökur:

*Grease • Ína og hljómsveit
Von • Oxford • Upphot
Ultra Mega Thecnobandið Stefán*

*Marimba hópurinn
Veitingatjald*

Vímuefnalaus fjölskylduhátíð

Frekari upplýsingar
á heimasíðu okkar www.ulm.is

Leiðin liggur að Laugum



9. UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ





KJÖRKASSINN

Hefurðu heimsótt Húsdýragarðinn í sumar?

Já	15%
Nei	85%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefurðu farið til útlanda á árinu?

Segðu þína skoðun á [visir.is](http://www.visir.is)



Forstjóri Haga fagnar útkomu skýrslu um matvæleverð:

Vill einfalda skattlagningu

VERSLUN Forstjóri Haga vill að skattlagning matvæla sé aðeins í formi virðisaukaskatts og að vörugjald verði fellt niður. „Ég tel að það sé eðlilegt að skatturinn sé tekinn bara á einum stað og það sé virðisaukaskattur,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. Nýlega kom út skýrsla nefndar á vegum forsætisráðherra um orsök háskattverðs. Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að matarreikningur meðalfjölskyldu geti lækkað um allt að 130.000 krónur ef farið verði að öllum tillögum hennar.

Til glöggvunar er dæmi um skattlagningu strásykurs þar sem

eitt kíló af sykri er skattlagt um 112 prósent. Innkaupsverðið ásamt flutningskosntaði er 35 krónur en síðan leggur ríkið á 30 króna vörugjald og 14 prósent virðisaukaskatt. Sykurpokinn kostar þá 74 krónur ef gert er ráð fyrir engri álagningu.

Finnur segir að yfirvöldum sé algjörlega frjálst að lækka tolla á matvöru og telur einnig mikilvægt að samræma virðisaukaskattsþrep-in þar sem stór hluti matvöru sé skattlagður um 24,5 prósent. Hann vonast til þess að stjórnvöld fari að tillögum nefndarinnar og lækki þar með matarreikning landsmanna.

- sþg



FINNUR ÁRNASON, FORSTJÓRI HAGA Segir matvöru vera margskattlagða og vill að vörugjald verði fellt niður.

Greiðslumark mjólkur:

Eykst um fimm milljónir lítra

KÚABÆNDUR Reglugerð um greiðslumark mjólkur verðlagsárið 2006-2007 hefur verið birt. Greiðslumark mjólkur eykst um fimm milljónir lítra og er nú 116 milljónir lítra. Gangi allt eftir er það mesta mjólkurframleiðsla síðan 1978, þegar mjólkurframleiðsla var 120 milljónir lítra.

Samkvæmt mjólkursamningnum eru beingreiðslur ársins tæpur þrjár og hálfur milljarður að viðbætti verðtryggingu samkvæmt vísitölu neysluverðs, miðað við að grunnvísitala sé 230. Vísitala júlímánaðar 2006 er 263,1 sem þýðir að beingreiðslur á lítra eru að jafnaði 34,17 krónur.

- sþs

Tilboð á færanlegum loftkælitækjum

Er heitt og þungt loft á þínum vinnustað?

- *Rétt hitastig og hreint loft
- *Nett og flott tæki sem sóma sér vel hvar sem er.
- *Bætur heilsuna og eykur velliðan og afköst starfsmanna

Verð aðeins kr. 68.765

www.kaelitækni.is s. 440-1800 Okkar þekking nýtist þér ...

BÍLL DAGSINS

OPEL ASTRA 1.6GL

Nýskr 06.00 - Beinskiptur - Ekinn 102 þús km. - Allt að 100% lán.

Verð áður: 740.000,-
Tilboð: 580.000,-

50.000kr. af bensini fylgja öllum notuðum bílum

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

LYFJA
- Lífið heil

Voltaren Emulgel
ÁHRIFARÍKT BÓLGUEYÐANDI GEL
VIÐ VÖÐVA- OG LIÐVERKJUM.

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Voltaren Emulgel® er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem. Varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávallt leita ráða læknis eða lyfjafraeðings áður en lyfið er notað. Þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hættu er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðil. Geymid þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilstöðum - Höfn - Faskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhófn - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvamnstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

Bannað að leigja út nektardansmeyjar

Nokkuð hefur verið um að nektardansmeyjar séu pantaðar í heimahús og á vinnustöðum til dæmis í steggjapartí. Lögreglusamþykktir eru óljósar varðandi þessi mál, en lögfræðingur telur athæfið ólöglegt.


NEKTARDANS Dæmi eru um að nektardansmeyjar séu pantaðar í heimahús, samkomusali og á skemmtistaði í lokuð einkasamkvæmi, til dæmis í steggjapartí eða afmælisveislu. Lögreglusamþykktir eru óljósar varðandi rekstur nektardans utan þeirra nektardansstaða sem hafa leyfi fyrir starfseminni.

Í lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar stendur að þar sem heimilt sé að sýna nektardans á næturklúbba skuli tryggt að sýning fari fram í rúmgóðu húsnæði og sé sýnendum óheimilt að fara um meðal áhorfenda. Hvers konar einkasýningar séu óheimilar. Einnig sé lögreglu heimilt að fara um samkomusali og önnur húskynni sem gestir eiga aðgang að.

Brynhildur Flóvenz lögfræðingur telur ólöglegt hjá nektardansstöðum að leigja þjónustuna úr húsi. „Staðirnir hafa ekki leyfi til að selja sína starfsemi annað, til dæmis í einkasamkvæmi og heimahús, því lögreglan getur ekki fylgst með á þeim stöðum. Þær kröfur sem eru í lögreglusamþykktinni verður að uppfylla,“ segir Brynhildur. Lögregla hefur lítið frétt um mál af þessu tagi.

Brynhildur telur tvo aðila geta verið brotlega í slíkum málum, nektardansstaðinn sem leigir út dansara og eigendur þeirra staða sem halda veislur þar sem nektardans fer fram. Kaupandi að dansinum brjóti hins vegar ekki af sér.

„Það vita allir að það er mjög sterk tenging milli vændis og nektarstaða. Þess vegna er milli-leið á Íslandi að leyfa nektarstaði, en einkadans bannaður. Það eru mörg atvik á mörkum þess lögreglega sem hefur aldrei reynt á hjá dómstólum,“ segir Brynhildur.



NEKTARDANSMÆR Löggjöf um nektardans utan nektardansstaða er óljós að mati lögfræðings, en vist er að eitthvað er um að staðirnir standi fyrir slíkri útleigu. Myndin er erlend.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leigir nektardansstaðurinn Goldfinger í Kópavogi út nektardansmeyjar í einkasamkvæmi. Verð þjónustunnar mun vera 25 þúsund krónur fyrir stuttan dans.

Ásgeir Davíðsson, eigandi skemmtistaðarins Goldfinger, segir ekkert hæft í því að hann hafi milligöngu um nektardans í einkasamkvæmum. „Ég kannast

ekkert við þetta. Þetta hefur verið gert einstaka sinnum í auglýsingaskyni fyrir staðinn, en við höfum aldrei tekið greiðslu fyrir það. Ég hef ekkert að fela og allir eru velkomnir til mín að skoða hvað fer fram. Ég hef verið hreinskilinn með mín mál,“ segir Ásgeir.

EKKI NÁÐIST Í TALSMEÐ ANNARRA NÆTURKLÚBBA vegna málsins.

steindor@frettabladid.is

Afgreiðsla vegabréfa verður hraðvirkari eftir nokkrar vikur að sögn Þjóðskrár:

Ný vegabréf á örfáum dögum

VEGABRÉF Innan nokkurra vikna verða kynntar breyttar reglur um biðtíma vegna nýrra vegabréfa. Nú er gert ráð fyrir að biðtíminn sé tíu virkir dagar, en í kjölfar breytinganna gæti hann styst niður í örfáa daga.

„Við stefnum að því að stytta biðtímann talsvert, þegar við erum búnir að vinna úr byrjunarvandamálum á nýju rafrænu vegabréfunum með örflögnum,“ segir Jóhann Jóhannsson hjá Þjóðskrár. Í nýju rafrænu vegabréfunum eru margar nýjungar og stefnt er að því að skrá á þau fingraför, en það mun þó ekki gerast fyrr en eftir þrjú ár. Þjóðskrár tók við málum vegabréfa í vor þegar hún

var færð undir dómsmálaráðu-neytið.

Engin innköllun er á vegabréfunum vegna breytinganna yfir í rafrænu vegabréfin. „Það eina er að ef fólk vill fara án áritunar til Bandaríkjanna þarf vegabréf að vera gefið út eftir 1. júní 1999,“ segir Jóhann. Að öðru leyti gilda öll eldri vegabréf, eftir því sem gildistími segir til um.

„Við erum bjartsýnir á að geta stýtt biðtímann verulega mikið, niður í örfáa daga, en ég get ekkert sagt nánar um það að svo stöddu,“ segir Jóhann.

Áfram verður boðið upp á flýti-meðferð á afgreiðslu vegabréfa gegn aukagreiðslu.

- sþj



NÝJU VEGABRÉFIN Mikið hefur verið um breytingar í afgreiðslu vegabréfa síðustu mánuði, fyrst með rafrænu vegabréfunum og nú með styttingu biðtíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjáðu



Sjáðu flotta hönnun Frumsýning C1

Komdu í Brimborg. Komdu í nýjan sýningarsal Citroën að Bíldshöfða 8.

Komdu í kaffi og kleinur

Sóltíloð gildir aðeins til 4. ágúst n.k.

Sniðugir Frakkarnir

Þegar tveir bílar mætast fara þeir hvor í sína átt. Ólíkt því þegar Toyota mætti Citroën. Tveir stórir bílaframleiðendur tóku mál hvor af öðrum og fannst sniðugt að nýta þann mun sem er á þeim og hanna saman mætan bíl. Samvirknin gaf af sér risasmáa tvíbura: Citroën C1 og Aygo frá Toyota. Nú er mál að skipta. Komdu í Brimborg. Sjáðu Citroën C1 - í nýjum sýningarsal Brimborgar, Bíldshöfða 8. Sniðugir Frakkarnir. Eigðu franskan tvíbura: 3 eða 5 dyra.

Veldu Citroën. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú nýjan bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.



■ Citroën C1 SX 1,0i
3 dyra 5 gir 68 hö*
Bílasamningur 16.669 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Verð án sóltíloðs 1.395.000 kr.
Sóltíloð 1.355.000 kr.

Skoðaðu úrval risasmárra Frakka: C1, C2 og C3

- | | | |
|--|--|--|
|  <p>■ Citroën C1 SX 1,0i
5 dyra 5 gir 68 hö*
Bílasamningur 16.866 kr.
Rekstrarleiga 27.500 kr.
Verð án sóltíloðs 1.435.000 kr.
Sóltíloð 1.395.000 kr.</p> |  <p>■ Citroën C2 VTS 1,6i
3 dyra 5 gir 125 hö*
Bílasamningur 21.455 kr.
Rekstrarleiga 33.600 kr.
Verð án sóltíloðs 1.849.000 kr.
Sóltíloð 1.749.000 kr.</p> |  <p>■ Citroën C3 SX 1,4i
5 dyra 5 gir 75 hö*
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Verð án sóltíloðs 1.629.000 kr.
Sóltíloð 1.599.000 kr.</p> |
|--|--|--|

Sóltíloð gildir aðeins til 4. ágúst n.k.

sóltíloð

Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is



Sumarið er í Brimborg



*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímalínu. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Pólskir og ítalskir lögreglumenn frelsuðu um eitt hundrað Pólverja:

Nútímaprælabúðir starfræktar á Ítalíu

ÍTALÍA, AP Pólskir og ítalskir lögreglumenn frelsuðu um eitt hundrað Pólverja úr þrælahaldi á Ítalíu í mánuðinum. Tuttugu og fimm voru handteknir í lögregluáðgerðinni, en hún var árangur hálfis árs langrar rannsóknar.

Handtökurnar voru á grundvelli mansals og frelsisskerðingar. Pólverjunum mun hafa verið lofað 450-600 króna tímakaupi við ávaxtatíslu á Ítalíu áður en þeir yfirgáfu Pólland en þegar á hölm-inn var komið reyndist kaupid einungis ein evra á klukkustund, eða 94 krónur. Að auki var verkamönnunum komið fyrir í óhrjáleghum vinnubúðum og gert að greiða

fyrir mat og leigu. Þetta, auk ferða-kostnaðar og umboðslauna upp á 21.000 krónur, steypti mörgum þeirra í skuldir. „Starf“ nokkurra kvennanna reyndist vera vændi.

Einstaklingar sem ekki sættu sig við þetta máttu þola ofbeldi; barsmíðar og nauðganir. Nokkrir munu hafa framið sjálfsmorð. Eftirlitsmenn vinnubúðanna kölluðu hver annan „kapó“, en það heiti var notað um fangaverði í útrýmingarþúðum nasista. - kóp

VINNAN GJÖRIR YÐUR FRJÁLS Inngangurinn frægi í Auschwitz-fangabúðirnar í Póllandi. Sagt er að þrælahaldararnir hafi sótt sér fyrirmynd í fangabúðir nasista.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir hópurinn sem stendur fyrir mótmælum við Kárahnjúka?

2 Í hvaða sæti lenti landslið kvenna undir 21 árs í knattspyrnu á opna Norðurlandamótinu um helgina?

3 Hvað heitir hrefnuveiðiskipið sem lenti í því að skutull sprakk ekki við veiðar á dögnum?

SVÖR ERU Á BLAÐSÍÐU 34

STÚLKUR & STÆLGÆJAR

Í DAG KL. 10:00
OPNAR NÝ OG GLÆSILEG
BARNAFATAVERSLUN
Í VERLUNARMÍÐSTÖÐINNI
HVERAFOLD 1-3

OPNUNAR-ÚTSALA

VERIÐ VELKOMIN

STÚLKUR & STÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3 - 112 REYKJAVÍK - S. 588-5015

allt
matur

Alla föstudaga



HVEITIAKUR BRENNUR Slökkviliðsmenn börðust í vikunni við bruna á hveitakri í Montana í Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skógareldar æ algengari

Loftslagshlýnun hefur valdið því að skógareldum, kjarreldum og fleiri brunum úti í náttúrunni fjölga. Vísendingum um þetta fjölga stöðugt, hvort sem litið er til Bandaríkjanna, Síberíu eða Ástralíu.

NEW YORK, AP Eftir því sem loftslagið hlýnar verða skógareldar algengari víðs vegar um jörðina. Vísindamenn finna æ fleiri vísendingar um að fjölgun skógarelda tengist loftslagsbreytingum, eins og lengi hefur verið spáð.

Skógareldum hefur til dæmis fjölgað gríðarlega í Bandaríkjunum á síðustu þremur áratugum, samkvæmt skýrslu sem rannsóknarstofnunin Scripps Institution í Kaliforníu sendi frá sér fyrir skemmstu.

Svipaða sögu er að segja frá Kanada, þar sem um 2,6 milljónir hektara eyðileggjast af völdum skógarelda á ári hverju, en fyrir um þrjátíu árum varð að jafnaði um ein milljón hektara á ári skógareldum að bráð.

„Hlýnunin er nátengd því að stærra svæði brennur í Kanada, og ég býst við að það sama gildi um heim allan,“ segir Mike Flannigan, gamalreindur rannsóknarmaður við skógareftirlitsstofnun Kanada.

Í Síberíu eru skógareldar á þessu ári nú þegar orðnir svo margir að árið telst með þeim allra verstu í sögunni. Þó er þetta ár ekki mikið verra en sex af síðustu átta árum.

Nadezda M. Tchebakova, loftslagsfræðingur við rússneska skógarektarstofnun, segir að á árunum

1980 til 2000 hafi hitinn í suðurhluta Síberíu verið að meðaltali tveimur til fjórum stigum hærri en almennt tíðkaðist fyrir 1960.

„Snjórinn byrjar að bráðna mun fyrr á vorin,“ sagði hún. „Úrkoma fer minnkandi. Þessi blanda af hækkingu hita og minnkandi úrkomu ætti að skapa aðstæður fyrir tíðari skógarelda.“

Í Rússlandi hafa ellefu milljónir hektara orðið eldi að bráð á þessu ári, en það er álíka stórt svæði og Grikkland.

Í Ástralíu var árið 2005 heitasta ár sögunnar og hið hættulega kjarreldatímabil þar syðra lengist ár frá ári.

„Breytingarnar hafa orðið miklu hraðari en upphaflega var spáð fyrir tíu eða fimmtán árum,“ segir Brian Stocks, vísindamaður í Kanada. „Það er eins og fólk sé loksins að byrja að skoða þetta.“

Skýrslan frá Scripps-stofnuninni, sem greint er frá í vísindatímaritinu Science, er byggð á ítarlegum gögnum frá 34 árum um skógarelda í vesturhluta Bandaríkjanna. Tíðni eldanna hefur verið mjög breytileg frá ári til árs, en þó má merkja greinilega þróun: Á seinni hluta tímabilsins eru eldarnir að meðaltali fjórum sinnum fleiri en á fyrri hluta tímabilsins.

gudsteinn@frettabladid.is

Jepplingur á verði fólksbíls.
2.590.000 kr.



Subaru Forester er mun öflugri en margir stærri jeppar en samt lipur og léttur í akstri líkt og fólksbíll. Forester var valinn dráttarbíll ársins í Hollandi og hentar því vel fyrir fellihýsi og tjaldvagna. Í Rússlandi var hann valinn jepplingur ársins og bíllinn með minnstu bilanatíðnina í Þýskalandi. Á Íslandi er hann ódýrasti sjálfskipti jepplingurinn á markaðnum í dag.

www.subaru.is

Júlipakki: 180.000 kr.

Aukahlutapakki fylgir með júlí á meðan birgðir endast. Upphækkun, heilsársdekk og 16" álfelgur.

STADALBÚNAÐUR: 2.0 lítra - 158 hestöfl, fjórhjóladrif, hiti í speglum, hraðastillir (PLUS), hiti í sætum (PLUS), hiti í framnúðu (PLUS), sjálfvirk loftkæling (PLUS), kastarar í stúðara (PLUS), sóllúga (LUX), aðgerðastýri (LUX) og leðurinnrétting (LUX).

Forester 2.590.000,- Forester PLUS 2.790.000,- Forester LUX 3.090.000,-

SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason	Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Njarðvík 421-8808
	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reykjavík 474-1453



VATNI VARPÐ ÚR ÞYRLU Myndin var tekin í byrjun maí árið 2003 þegar neyðarástand hafði myndast skammt frá bænum Chita í Síberíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BYLGJAN, HAGKAUP OG FJÖLSKYLDAN SKEMMTA SÉR SAMAN Í GALTALÆK UM VERSLUNARMANNAHELGINA

GALTALÆKUR



SUMARGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ
Í VÍMULAUSU UMhverfi

FORSALA HEFST Í DAG

FLUGELDASÝNING - VERÐELDUR OG
SÖNGVARAKEPPNI
SKÍMÓ - PAPPARNIR - NYLON
SNORRI SNORRASON
ÍZAFOLD - INGÓ IDOL - BRÍET SUNNA

BYLGJAN
20 ÁRA

Galtalækur - þar sem íslendingum
finnst skemmtilegast að tjalda!



DAGSKRÁIN OG VEÐRIÐ HEFUR ALDREI LITIÐ EINS VEL ÚT
MIÐASALA Í HAGKAUPUM

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



ÞJÓÐDANSARI Í KONGÓ Pessi Þjóðdansari sjænaði sig til fyrr í mánuðinum í tilefni af danshátíð til heiðurs Joseph Kabila, forseta landsins, í Kinshasa. NORDICPHOTOS/AFP

Tveir menn hafa verið dæmdir fyrir að brjóta rúður á ómerktum lögreglubíl:

Töldu lögreglumenn vera farsímaþjófa

DÓMSMÁL Tveir karlmenn á þrítugsaldri voru í Héraðsdómi Reykjaness dæmdir í sektir og fangelsi fyrir líkamsárás, eignaspjöll og þjófnaði.

Mennirnir tveir réðust í júní í fyrra að ómerktum lögreglubíl í Hafnarfirði eftir að hafa veitt honum eftirför og króað hann af. Þeir brutu báðar fremri hliðarrúður bílsins þannig að glerbrotum rigndi yfir óeinkennisklæddu lögreglumennina tvo sem í bílum sátu, en lögreglumennirnir hlutu af því skurði og rispur. Mennirnir höfðu ætlað að aðstoða kunningja sinn við að endurheimta farsíma sem tekinn hafði verið upp í fíkn-

efnaskuld en rugluðust á bílum og réðust á lögreglumennina. Annar árásarmannanna hlaut hundrað þúsund króna fjársekt fyrir athæfið.

Hinn maðurinn var einnig sakfelldur fyrir fjögur innbrot og þjófnaði, þar sem hann stal peningum og ýmsu góssi að verðmæti tæpar fimm hundruð þúsund krónur. Sá hlaut níu mánaða fangelsisdóm, þar af átta mánuði skilorðsbundna til þriggja ára, auk fjársekta til handa ríkisins og þeirra sem hann rændi, samtals tæpar sex hundruð þúsund krónur. Báðir mennirnir hafa margsinnis komist í kast við lögin.



HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Báðir hafa mennirnir margsinnis komist í kast við lögin og var annar maðurinn einnig dæmdur fyrir fjóra þjófnaði á síðasta ári.

Annar hefur frá árinu 1997 hlotið þrettán dóma og verið dæmdur í 35 mánaða fangelsi samanlagt.

Hinn hefur frá árinu 1998 hlotið átta dóma og samtals 24 mánuði í fangelsi.

- sh

Sveitarstjóri Norðurþings:

Tólf sækja um embættið

SVEITARSTJÓRNARMÁL Tólf umsóknir bárust um embætti sveitarstjóra í Norðurþingi. Norðurþing varð til við sameiningu Raufarhafnarhrepps, Óxarfjarðarhrepps, Kelduneshrepps og Húsavíkurbæjar.

Umsækjendur eru Arinbjörn Kúld viðskiptafræðingur, Ásmundur Richardsson viðskiptafræðingur. Friðfinnur Hermannsson framkvæmdastjóri, Garðar Jóhannesson framkvæmdastjóri, Guðmundur Rúnar Svavarsson framkvæmdastjóri, Helgi S. Harrýsson framkvæmdastjóri, Jón Óskar Þórhallsson skrifstofustjóri, Óskar Marínó Sigurjónsson bílstjóri, Róbert Trausti Árnason rekstrarráðgjafi, Sigríður Hrönn Elíasdóttir ráðgjafi, Sigurjón Benediktsson tannlæknir og Veturlíði Þór Stefánsson sendiráðsritari.

- öh

Venesúela í Mercosur-fríverslunarsamtökin:

Barist gegn félagslegu misrétti

ARGENTÍNA, AP Fríverslunarsamtök rómönsku Ameríku, Mercosur, bættu Venesúela formlega í sinn hóp á fundi í Argentínu í síðustu viku. Þetta er ein mesta stækkun samtakanna frá stofnun þeirra árið 1991 og eru nú þrjú stærstu hagkerfi Suður-Ameríku; Brasilía, Argentína og Venesúela, saman komin í þeim.

Hugo Chávez, forseti Venesúela, sagði í ræðu að þetta markaði nýtt tímabil í sögu Mercosur: að samtökin „ættu að reisa að húní gunnfána baráttunn-



FÍDEL KASTRÓ

ar gegn félagslegu misrétti, fátækt og atvinnuleysi.“

Fundinn sátu flestir lykiláhrifamenn álfunnar, til dæmis forsetar Brasilíu, Bólívíu og Chile. Mesta athygli vakti þó koma Fídels Kastró, sem mætti í grænum hermannaþungi. Með komu hans var saman kominn á fundinum bróðurhluti þeirra leiðtoga í álfunni sem mest hafa staðið uppi í hári ráðamanna í Washington, að funda um efnahagslega samvinnu.

- kóp



VANN KAUPLAUST David Anderson var beðinn að vinna einn dag til reynslu á veitingastað í borginni. Hann fékk ekki greitt fyrir vaktina. Myndin er úr safni.

Látinn vinna launalaust

Veitingahús í Reykjavík auglýsti eftir starfskröftum á dögunum. Maður sem sótti um starf var beðinn að vinna einn vinnudag til reynslu og fá ekkert greitt fyrir. Kolólöglegt athæfi, segja stéttarfélagin.

ATVINNUMÁL Breskur maður var boðaður í starfsviðtal hjá veitingahúsi í Reykjavík eftir að hann svaraði atvinnuauklýsingu. Í framhaldi var hann beðinn um að vinna eina vakt á veitingahúsinu, í sjö tíma, til reynslu, án þess að fá greitt fyrir.

Manninum, sem heitir David Anderson, var tjáð á mánudag að hann ætti að mæta komandi miðvikudag til reynslu. „Ég spurði um leið hvort ég fengi greitt fyrir vaktina og sagði þá maðurinn að hann teldi svo vera, en hann þyrfti að spyrja yfirmann sinn,“ segir David. „Svo þegar ég mætti til vinnu á miðvikudaginn spurði ég aftur hvort ég fengi greitt og þá sagði maðurinn að svo væri ekki, svo ég afþakkaði boðið.“

Stéttarfélagið Efling segir svona atvik kolólöglegt en alls ekki ný af nálinni. „Við þekkjum nokkur dæmi þess að fólk er beðið um að vinna til reynslu án þess að fá borgað og er meira að segja látið vinna yfirvinnu. Svo er hringt í það daginn eftir og því tjáð að það fái ekki vinnuna,“ segir Ágúst Þorláksson, þjónustufulltrúi hjá stéttarfélaginu Efling.

Ágúst segir stéttarfélagið aðstoða fólk sem er beitt slíkum órétti. „Ef svona mál kemur inn til okkar er það sett beint í lögfræðinnheimtu og þarf þá atvinnuveitandinn að borga auka fimmtán þúsund krónur fyrir það eitt að fá bréf frá lögfræðingi. Atvinnurekendur kjósa yfirleitt að borga ef þeir telja að viðkomandi ætli að gera veður út af svona,“ segir Ágúst.

Að sögn Guðmundar Hilmarssonar hjá Alþýðusambandi Íslands eru fá viðurlög við slíku hátterni hjá atvinnurekendum. „Það eru engin viðurlög til í sjálfu sér, nema að þeir komast ekki upp með svona,“ segir Guðmundur. Hann segir að ef menn séu beðnir munnlega um að koma í einn dag til vinnu verði atvinnurekendur að virða uppsagnarfrestinn. Enginn geti unnið án þess að vera beðinn og beiðnin jafngildi ráðningarsamningi. „Menn verða að virða uppsagnarfrestinn, sem er mismunandi eftir kjarasamningum. Það skiptir engu hvort um munnlegan eða skriflegan ráðningarsamning er að ræða því þeir hafa sama gildi.“

aegir@frettabladid.is

1.390.000,- Bílumst!



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



OPEL CORSA 1,2 LIMITED EDITION

EINNIG FÁANLEGUR MEÐ 1,3 LÍTRA DÍSEL VÉL

MÁNAÐARGREIÐSLA 16.999,-* REKSTRARLEIGA 26.900,-**


Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Auto Bild Samkvæmt gæðakönnun biláttarritsins Auto Bild árið 2006 eru þeir með mestu gæðin meðal þjúska bíta.


* Bilasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

** Rekstrarleiga í 36 mánuði - Aukabúnaður á mynd: álfelgur



ENNEEMV / SIA / N022044

The Contender – alvöru boxarar



The Contender eru þættir sem hafa slegið algjörlega í gegn um víða veröld, fengið frábæra dóma og metáhorf. Sextán hnefaleikakappar berjast um hver sé sá efnilegasti. Sá sem stendur uppi í lokin fer heim með milljón dali. Raunveruleikabáttur og íþróttaviðburður í einum pakka.

The Contender hefst á SkjáEinum í kvöld kl. 21:30. Fylgstu með!





FULLT TUNGLI Í PÉTURSBOG Rómverskur hermaður villtist til Rússlands á dögnum, kannski til að funda við leiðtoga G8-riksanna í Pétursborg. NORDICPOTOS/AFP

Algeng lyf Actavis í Danmörku hækka um allt að sextíu prósent í verði:

Punglyndislyf hækkaði mest

LYFJAVERÐ Verð á algengum lyfjum Actavis í Danmörku hefur hækkað. Flest þeirra lyfja sem hafa hækkað í verði kosta nú um fjórutíu til fimmtíu prósentum meira en þau kostuðu um miðjan maímánuð.

Mest hækkar þunglyndislyfið Citaham í hundrað stykkja tali. Það kostaði 2.122 eða 176,8 danskar krónur í maí en kostar nú 5.759 íslenskar eða 459,9 danskar krónur, samkvæmt verðskrá dönsku lyfjastofnunarinnar. Sambærilegt þunglyndislyf Actavis á Íslandi, sem kallast Oroprom og inniheldur sömu virku efnin og sama magn, kostar sem fyrr 17.658 krónur, samkvæmt Lyfjastofnun.



HALLDÓR KRISTMANNSON Forstöðumaður innri og ytri samskipta Actavis.

Haldór Kristmannsson, forstöðumaður innri og ytri samskipta Actavis, segir lyfjaverð sveiflast

mjög og þróast hratt í Danmörku: „Eina vikuna kostar þessu þessu fimmtíu krónur en þrjú hundruð þá næstu. Verðið veltur á samkeppninni á hverjum tíma. Stundum eru birgðir seldar undir kostnaðarverði til að standast samkeppnina. Hún er gríðarlega hörð.“

Verð á Simvastatin, Citaham, Lansoprazol og Enalapril í misstórum lyfjaglósum var skoðað. Verð á rúmlega helmingi lyfjapakninganna hafði hækkað. Í einu tilviki af þeim 24 þessu sem skoðaðar voru hafði verð lækkað. Meltingarfærlyfið Lansoprazol lækkaði um tæpa eina danska krónu, um tíu íslenskar krónur. - gag

Siglingastofnun Íslands:

Aukin samvinna við Norðmenn

SIGLINGAMÁL Siglingastofnun Íslands og Kystverket, systurstofnun hennar í Noregi, hafa ákveðið að taka upp aukna samvinna við vöktun skipaumferðar á hafsvæðinu milli Noregs og Íslands. Þá munu stofnanirnar skiptast á upplýsingum um veðurfar og sjólag á hafsvæðinu.

„Olíu- og gasflutningar frá Rússlandi og Noregi til Bandaríkjanna eru að aukast og því má búast við meiri skipaumferð hér við landið. Við teljum gott að auka samstarf við Norðmenn á þessu sviði, en það hefur verið gott gegnum árin,“ segir Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri. - öhö

Súnníar í Norður-Bagdad:

Vilja fá sína eigin hersveit

BAGDAD, AP Um 500 súnnímúslimar hópuðust saman fyrir framan helsta helgidóm súnnía í Bagdad eftir reglulegar föstudagsbætur síðustu viku og kröfðust þess að borgarhverfi þeirra fengi sína eigin hersveit.

Azamiyah-hersveitin hefur legið undir ámæli fyrir að vera ósanngjörn í garð súnnía, en hún er að mestu skipuð sjáamúslimum. Kröfumenn vilja að því verði breytt hið fyrsta, fyrr verði „hvorki öryggi né stöðugleiki“ á svæðinu.

Síðan átök súnnía og sjía komust í háamæli hinn 22. febrúar, þegar einn helgidóma sjía var sprengdur í loft upp í borginni Samarra, hafa að minnsta kosti 160 þúsund fjölskyldur verið hraktar frá heimilum sínum í Írak. - kóp

Heilbrigðiseftirlitið í Reykjanessbæ neitaði að teygja reglurnar fyrir kattareiganda í fjárþörf:

Greiðsla strax eða kettinum yrði lógað

KATTAHALD Eigandi tveggja ára kattarins Nölu, Kristján Guðmundsson, í Höfnum fékk ekki greiðslufrest til mánaðarmóta og sló lán til að borga köttinn sinn úr haldi heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Kötturinn var fangaður fyrir utan heimili hans og átti að aflífa hann á miðvikudag yrði greiðslan ekki innt af hendi.

„Framkoma heilbrigðisyfirvalda er svo ómannúðleg,“ segir Kristján, sem flutti frá Akureyri með fjölskyldunni og köttum sínum tveimur fyrir ári. „Þá fór ég með kettina til dýralæknis, skráði þá og lét bólusetja og ormahreinsa eins og ber. Ég spurði hvort ég hefði þá gengið frá öllu vegna flutningsins á þeim. Ég vissi ekki að kattahald kostaði fimmtán þúsund í sveitarfélaginu. Þannig var það ekki á Akureyri,“ segir Kristján.

Magnús H. Guðjónsson, fram-

kvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlitisins, segir Kristjáni bæði hafa verið boðið að greiða með kreditkorti fram í tímann eða skilja eftir ávísun. Það hafi hann ekki getað gert. „Við förum eftir reglunum og erfitt að gera undantekningar. Það er ekki fyrir opinbert embætti að mismuna fólki,“ segir Magnús. Reglur um kattahald séu mismunandi eftir sveitarfélögum og stífar í Reykjanessbæ til að koma í veg fyrir að fólk fái sér ketti, hirði svo ekki um þá og láti lóga. Síðan reglurnar voru settar taki fólk ekki ákvarðarnir um dýrahald í fljótfærni. Nú heyrir til undantekninga sé óskað eftir að köttum sé lógað.

Magnús segir eftirlitið reglulega auglýsa skilmálana í bæjarblöðum, en bendir þeim á sem ekki vita að tilkynna þurfi eftirlitinu sjálfu um kattahaldið. - gag



KRISTJÁN SÆKIR HÉR KÖTTINN NÖLU Kristján þurfti að slá lán til að bjarga lífi Nölu. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja krafðist fimmtán þúsund króna skráningargjalds eftir að kötturinn var veiddur í búr í Höfnum. MYND/ELLERT GRÉTARSSON

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH

Nicotinell[®]

Classic

20% afsláttur

af 2 mg nikótíntyggigúmmi

40% afsláttur

af 4 mg nikótíntyggigúmmi

Í apótekum á meðan birgðir endast.



Nicotinell tyggigúmmi er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munnum og dregur úr fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingabörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverki, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Lyfið er ekki ætlað á meðgöngu / brjóstgjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ónæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Nicotinell tyggigúmmi er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja þessu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Hrollvekjandi lesning um verðlag á Íslandi

Vörutegund:	SKYNDIRÉTTIR MEÐ KJÖTI 1 kíló - kjötmagn 3 - 20%	Uppruni: Evrópa
Tollverð:		130 kr.
Almennur tollur:	Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur	
Magntollur:	41 kr. á kíló	41kr.
Vörugjald:	Á þessa vöru leggst ekki vörugjald	
VSK:	14%	24kr.
Samtals:		195 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		50%

Vörutegund:	UNGNAUTALUND, 1 kg	Uppruni: NÝJA SJÁLAND
Tollverð:		490 kr.
Almennur tollur:	30%	147kr.
Magntollur:	1462 kr. á kíló	1462kr.
Vörugjald:	Á þessa vöru leggst ekki vörugjald	
VSK:	14%	294kr.
Samtals:		2393 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		388%

TOLLVERÐ (kostnaðarverð vöru við höfn í Reykjavík). Opinberar álögur leggjast ofan á þetta verð. Samtals talan neðst er lágmarks verð **án álagningar kaupmanns**. Það er það verð sem íslensk heimili þurfa að greiða.

Lágmarks skattlagning er það hlutfall opinberra gjalda sem leggst ofan á kostnaðarverð.

Innflutt eða innlent?

2200 manns tóku þátt í skoðanakönnun á bonus.is þar sem 62% þátttakenda voru fylgjandi frjálsum innflutningi á landbúnaðarvörum: Sjáðu bonus.is!

*Frælsi til að velja!
Frælsi til að hafna!*

Vörutegund:	BRAUÐOSTUR, kílóverð	Uppruni: Evrópa
Tollverð:		350 kr.
Almennur tollur:	Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur	
Magntollur:	430 kr. á kíló	430kr.
Vörugjald:	Á þessa vöru leggst ekki vörugjald	
VSK:	14%	124kr.
Samtals:		1009 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		188%

Hver vill ekki eiga valið?

Vörutegund:	RJÓMA-JURTAÍS 2 LÍTRAR = 1 KÍLÓ	Uppruni: Evrópa
Tollverð:		120 kr.
Almennur tollur:	30%	36kr.
Magntollur:	110 kr. á kíló	110kr.
Vörugjald:	8 kr. á lítra	16kr.
VSK:	14%	39kr.
Samtals:		321 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		168%

Vörutegund:	SMJÖRLÍKI, 500g MJÓLKUR-FITA 10-15%	Uppruni: Evrópa
Tollverð:		45 kr.
Almennur tollur:	Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur	
Magntollur:	88 kr. á kíló	44kr.
Vörugjald:	Á þessa vöru leggst ekki vörugjald	
VSK:	14%	12kr.
Samtals:		101 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		125%

„ORÐRÉTT“

Réttur til málsvarnar

„Þetta eru eðlilegir náungar eins og ég og þú“.

SVEINN ANDRI SVEINSSON HÆSTARÉTTARLÖGMADUR OG VERJANDI HEFUR VAKIÐ ATHYGLI FYRIR AÐ TAKA AÐ SÉR VÖRN HARÐSVIR-ADRA GLÆPAMANNA EINS OG DÓPSALA OG KYNFERÐISAFBROTAMANNA. FRÉTTABLAÐIÐ 23. JÚLÍ.

Breytt í listasafn

„Ég segi oft í gamni að lífið byrji um áttætt“.

JÓHANN EYFELLS LISTAMAÐUR FLUTTI SIG UM SET TIL TEXAS Á NÍRÆDISALDRI ÞAR SEM HANN BREYTTI BÚGARÐI SÍNUM Í LISTASAFN. MORGUNBLAÐIÐ 23. JÚLÍ.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

LEIT Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Einungis á sviði lögreglu

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar réði inn starfsmenn frá öryggisþjónustum til að aðstoða við öryggisleit á vellinum þegar bregðast þurfti skjótt við athugasemdum eftirlitsstofnunar Evrópska efnahagssvæðisins um skort á flugvernd. Þykir mörgum þetta skref í átt að einkavæðingu öryggisgæslu á vellinum. Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Stúdentaráðs, segist hafa skilning á þessum aðgerðum flugmálastjórnar miðað við aðstæður. „Þessum málum væri hins vegar best komið undir stjórn lögreglustjóra þar sem líkamsleit er alvarlegt inngrip í friðhelgi einstaklingsins og slíkt ætti einungis að vera á sviði lögreglumanna. Auk þess krefst slík leit ákveðinnar þjálfunar, en Öryrkjabandalagið benti til dæmis á að líkamsleit á fötluðu fólki kræfist sérþjálfunar, sem ég efast um að starfsmenn Securitas eða Öryggis- miðstöðvar Íslands búi yfir. Sigurður segir stóru spurninguna snúast um hversu langt menn vilji ganga í því að fela einkaaðilum umsjón öryggismála. „Ég er uggandi yfir öllum hugmyndum um auknar



SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON

valdbeitingarheimildir til einkarekinna öryggisfyrirtækja, og held til dæmis að flestum myndi líka afar illa við þá tilhugsun að vera stöðvaðir af Blönduós hraðaefirliti ehf. þó svo að vegaeftirlitið væri örugglega gróðavælegur business.“

HVAD ER AÐ FRÉTTA? TÓMAS TÓMASSON TÓNLISTARMAÐUR

Er afskaplega mikill bóhem

„Efst á baugi er nýliðin helgi, við vorum að spila á föstudag og laugardag, það var afskaplega gaman. Ég var að spila á Players í Kópavogi og á Traffic í Keflavík í gær,“ segir Tómas Tómasson, bassaleikari Stuðmanna. „Við erum að spila núna alveg hverja helgi, fram til 26. ágúst, þá eru Stuðmenn komnir í fri og enginn veit hvað gerist.“ Spurður hvað hann ætli að gera í fríinu segist Tómas búast við því að fara til Grikklands. „Ég hef komið þangað áður en ég ætla að reyna að fara til Krítar núna“.

„Ég er afskaplega mikill bóhem, sit á kaffihúsum og les blöð,“ segir Tómas þegar blaðamaður spyr hann hvað hann geri þegar hann fær frí frá tónleika-

haldi. „Semja? Nei, nei, ég gaf mér það loforð fyrir tíu árum að ég ætlaði aldrei að gera sólóplötu,“ en Tómas hefur þó haslað sér völl sem rithöfundur þar sem hann gaf út bókina Sögur Tómasar frænda á síðasta ári.

„Það er von á annarri, það verða miklu svæsnari sögur en áður. Hún seldist í þúsund eintökum þannig að ég ætla að verða miklu svæsnari í

næstu bók og ná henni upp í 1.500 eintök.“ „Við erum svo skynsamir að gera aldrei of mikil plön, við hringjum bara í hvern annan þegar einhver góð hugmynd kemur upp,“ segir Stuðmaðurinn en hann spilaði inn á fyrstu plötu hljómsveitarinnar árið 1975.

Í vetur ætla Tómas að spila með Snillingunum, sem hann segir vera mjög skemmtilegan félagsskap. „Við erum bara að spila í einkasamkvæmum, það er draumur hvers poppara að spila í einkasamkvæmum, þetta er þægileg innivinna, það er vel borgað og skemmtilegt fólk,“ en Tómas hefur spilað með hljómsveitinni í um átta ár.

Stuðmenn verða á þremur stöðum um verslunarmannahelgina; í Galtalæk, Vestmannaeyjum og Reykjavík.

Féllu fyrir íslenskunni í Vín

Þeir eru ekki margir erlendu ferðamennirnir sem hægt er að tala við á íslensku en blaðamaður rakst þó á tvo slíka fyrir skemmstu. Austurríkismennirnir tveir sækja íslenskutíma í Vínaborg og slá nú um sig hér á landi.

„Við elskum Ísland,“ segir Roland Hell og hlær líkt og félagi hans Stefan Rieger. „Við höfum nú í eitt ár sótt íslenskutíma í Vínaborg og við munum gera svo áfram hjá Steinunni Harðardóttur næsta vetur. Ástæðan fyrir því að við ákváðum að læra íslensku er sú að við eigum íslenskan vín í Austurríki. Hann heitir Helgi Jónsson og er í raun landspekkur þar fyrir söng sinn, hann syngur eins konar djass og rokk. En þegar við heyrðum þennan vín okkar tala á sínu móðurmáli fannst okkur þetta svo fallett mál að við vildum læra það. Svo er það nokkuð hagkvæmt fyrir mig því ég hef svölítið verið að læra í norrænum fræðum.“

Stefan segir að almennt hrifist fólk ekki svo af íslenskunni í Austurríki. „Mörgum finnst við vera dálítið skráttir en það verður bara að hafa það,“ segir hann og hlær við. En ekki er allt jafn dásamlegt við þetta tungumál. „Það er svolítið basl með allar beygingarnar,“ útskýrir Roland, „og svo getur verið erfitt að bera sum orð fram. Til dæmis vatn,“ segir hann og er engu líkara en hann snýti sér í leiðinni. „Svo myndi ég til dæmis ekki vilja heita Páll,“ segir hann og er engu líkara en skelli í gómmum þegar tvöfalda ellið er borið fram.

En þeir tvímenningar eru einnig hrifnir af menningunni hér á landi. „Við vorum nýlega í miðbæ Reykjavíkur og hittum þá Tómas Lemarquis sem leikur aðalhlutverkið í Nóa Albínóa,“ segir Rol-



ROLAND HELL OG STEFAN RIEGER Eftir að hafa setið sveitir yfir íslenskuþögnunum í vetur er gott að geta slegið um sig á Íslandi á máli innfæddra. Þeir segjast hafa heillast strax af málinu þegar þeir heyrðu íslenskan vinn tala það en hann er landspekkur söngvari í Austurríki.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

and og kemst allur á flug. „Við fengum eiginhandararitun hjá honum. Þetta var alveg frábær reynsla, við höfum ekkert með Bruce Willis og allar þessar Hollywood-stjörnur að gera nú þegar við erum búnir að hitta Tómas,“ segir hann og brosir við.

Þeir hafa farið víða um Ísland og voru á leið til Vestfjarða þegar

blaðamaður hitti á þá á Eiríksstöðum í Haukadale. „Þetta hefur verið frábær ferð og styrkir okkur í þeirri trú að það hafi verið vel þess virði að læra íslensku,“ segir Stefan. „Það er gaman að því hvað fólk verður hissa þegar við tölum íslensku. Við eigum alveg örugglega eftir að koma aftur.“

jse@frettabladid.is

Það geta allir tekið þátt í þróunarhjálp

Þær Margrét Þóra Einarsdóttir og Guðrún Blöndal hafa hleypt af stokkunum fjáröflun fyrir munaðarlaus og fötluð börn í Mapúto í Mósambík undir yfirskriftinni Gerum eitthvað gott - gerum það saman. Í Mapúto er rekin Mutanyana Weru miðstöðin fyrir þessi börn og mun ágóði verkefnisins renna til kaupa á húsgögnum og öðrum nauðsynjum inn í nýtt húsnæði hennar.

Fjáröfluninni er skipt í nokkrar safnanir en sú fyrsta verður söfnun á húsgögnum sem verða seld á flóamarkaði í samstarfi við Skátafélagið Klakk og er liður í Akureyrarvöku sem verður 26. ágúst.

Guðrún Blöndal segist lengi hafa dreymt um að fara til útlanda í hjálparstarf en þar sem hún hafi ekki tók á því núna hafi komið upp sú hugmynd að vinna hjálparstarf að heiman frá sér. „Okkar tenging við Mósambík er Marta Einarsdóttir, sem vinnur hjá Þróunar-



MÓSAMBÍK Börn í Mutanyana Weru miðstöðinni í Mapúto. FRÉTTABLAÐIÐ/MARTA EINARSDÓTTIR

samvinnustofnun Íslands, og grunnhugmyndin er líka sú að við sjáum nákvæmlega hvert peningarnir fara og við fylgjum verkefnum eftir,“ segir Guðrún.

Guðrún segir að viðbrögðin hafi verið mjög góð og að verkefnið sé sífellt að stækka. „Suma daga á maður meiri peninga en aðra en

maður á samt allt, maður er bara full ef maður kemst ekki til útlanda tvisvar á ári og á ekki heitan pott,“ segir Guðrún en hugmyndin er að fólk gefi eitthvað sem það geti verið án. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðunni http://www.123.is/gott/.

- 888

RÁÐGJÖF
DULSPEKI
allt
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is
VEIÐ
SMÍÐ
HÍLAPVOTTUR

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ SÁÁ

AÐ HLÖÐUM Í HVALFIRÐI

HELGINA 28 TIL 30 JÚLÍ

Hlaðir eru á Hvalfjarðarströnd við Ferstiklu rúmlega 60 km. frá Reykjavík. Hátíðin er sniðin að öllum aldurshópum og sérstök dagskrá verður í gangi alla dagana fyrir börn. Golfvöllur og veiði eru í næsta nágrenni auk fjölda fallegra gönguleiða. Fólk getur hvort heldur gisti í tjöldum eða húsbílum. Öll aðstaða er að Hlöðum svo sem snyrtingar, eldunaraðstaða, matsalur og að ógleymdu dansgólfinu. Rútuferðir verða til og frá Hlöðum alla dagana, verð aðra leið með rúttunni eru krónur 700.- panta þarf rútuferðir fyrirfram. Aðgangseyrir á hátíðina er krónur 3.500.- og ókeypis fyrir börn til 12 ára aldurs. Forsala miða fer fram í Síðumúla 3-5, en upplýsingar og pantanir í síma 824-7646 eða á hilmar@saa.is.

STÓRKOSTLEG DAGSKRÁ

**FORSALA
TAKMARKAÐUR
MIÐAFJÖLDI**


BUBBÍ	KK	PAPAR	ERPUR
SPÚTNIK	DISCO	GUNNI & FELIX	ÓKEYPIS FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
BRÚDLEIKHÚS	TOLLI LISTASMIÐJA FYRIR BÖRN & GUNNY	ÁVAXTA KARFAN	RIKKI G
SÚPAN HENNAR SOLLU	RÚTUFERÐIR	STÓRHJÓMSVEIT KIDDA BJARNA	SUNDLAUG
BRENNNA	BREKKU SÖNGUR	LINUDANSA KENNSLA	ÞÓRR



MIÐASALA Í SÍÐUMÚLA 3-5

Svona erum við

> Fjöldi brautskráðra með meistara-gráðu á Íslandi



Heimild: www.his

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: HRYÐJUVERKAMAÐUR

Huglægt hver er hryðjuverkamaður

Pó að margir stjórnálmenn telji það auðvelt hafa fræðimenn ekki náð samstöðu um hver getur talist hryðjuverkamaður. Vandinn felst aðallega í því að erfitt er að skilgreina hver sé munurinn á hermanni, skæruliða og hryðjuverkamanni. Slíkt mat getur farið eftir pólitískum tilgangi þess sem skilgreinir eða hugsunargangi á hverjum tíma, að sögn Vísindavefs Háskóla Íslands.

Hvað er hryðjuverkamaður?

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 hefur verið erfiðara að skilgreina hugtakið „hryðjuverkamaður“, því margir valdhafar hafa notað hugtakið eftir hentugleika. Hryðjuverkamenn vinna í hófum sem fara leynt og ráðast á saklausa borgara í pólitískum tilgangi. Hins vegar eru hermenn merktir og berjast fyrir opnum tjöldum gegn

öðrum hermönnum. Þeim er bannað að ráðast á borgara. Munurinn er því eðli skotmarka. Skæruliði er svo annað hugtak, en skæruliðar berjast fyrir stjórnarskiptum eða byltingum og getur baráttu þeirra jafnvel verið samþykkt af alþjóðasamfélaginu.

Hvenær hefur almenningsálit breytt skilgreiningunni?

Dæmi eru um það að álit á aðilum hefur breyst í takt við tíðarandann. Til dæmis var Nelson Mandela úthrópaður sem hryðjuverkamaður fyrir baráttu sína gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku. Það breyttist allt eftir að aðskilnaðarstefnunni lauk, hann varð forseti og hlaut friðarverðlaun Nóbels.

Hvað er hryðjuverk?

Orðið hryðjuverk var fyrst notað um stjórnar-

athafnir ógnarstjórnar Jakobína í Frakklandi undir lok 18. aldar, þegar fjölmargir pólitískir andstæðingar þeirra voru sendir í fallöxina. Nú á dögum er orðið notað á annan hátt. Verknadir ófgahópa og andspyrnuaflla eru kallaðir hryðjuverk, en aðgerðir stjórnvalda og herja eitthvað annað. Árásir ríkisstjórna á eigin þegna eru kölluð mannréttindabrot, en árásir gegn þegnum annarra ríkja eru kallaðar stríðsglæpir.



SPURT & SVARAÐ

MÁVAVANDINN



GUÐMUNDUR BJÖRNSSON

Meindýraeyðar skjóta máva

Mávar eru farnir að gera mörgum íbúum höfuðborgarsvæðisins lífið leitt og hafa sumir borgarfulltrúar skorð upp herðir gegn mávunum. Guðmundur Björnsson er rekstrarstjóri meindýravarna hjá Reykjavíkurborg.

Hversu mikið er af mávum í borginni?

Síðustu tölur frá 1990 herma að stofninn á landinu telji um 110 þúsund fugla. Ég hef heyrt að í borginni séu í kringum 3000 stykki.

Hefur fuglunum fjölgað undanfarið?

Það eru ekki til tölur um það. Min tilfinning er að það séu færri fuglar í vörpunum en hefur verið.

Eru svona mávavandamál þekkt erlendis?

Menn hafa lent í svona og tekið á þeim málum á sama hátt og hér er gert, og meira að segja með svefnlyfjum líka.



VAXANDI ATVINNUGREIN Hvalaskoðun hófst við strendur Íslands árið 1995 og hefur verið sívaxandi atvinnugrein síðan.



VÍSINDAVEIÐAR Árið 2003 hófst hvalveiðar í vísindaskyni.



VIÐ REYKJAVÍKURHÖFN Hvalveiðiskipin hafa verið bundin við bruggju síðan árið 1989.

Atvinnuveiðar á hrefnu hefjast hugsanlega á næsta ári

Vísindaveiðum á hrefnu við Íslandsstrendur lýkur á næsta ári og vonast Félag hrefnuveiðimanna til þess að atvinnuveiðar taki þá við. Sjávarútvegsráðherra telur atvinnuveiðar rökrétt framhald af vísindaveiðunum.

Meginmarkmið rannsóknaráætlunarinnar, sem felur í sér veiðar á 200 hrefnum, er að afla

grunnþekkingar á fæðuvistfræði hrefnu hér við land en auk rannsókna á fæðusamsetningu með greiningu magainnihalds verður aflað annarra gagna sem nauðsynleg eru til að meta afrán tegundarinnar á hinum ýmsu fæðutegundum.

Sýnatökur hófst í ágúst 2003 og voru 37 hrefnur veiddar á veiðitímabilinu það árið. Árið 2004 voru 25 hrefnur veiddar og árið 2005 veiddust 39 hrefnur. Sjávarútvegsráðuneytið gaf leyfi fyrir veiðum á 50 hrefnum á veiðitímabilinu í ár og hafa 28 hrefnur verið veiddar af þeim kvóta. Veiðitímabilinu í ár átti að ljúka 4. ágúst en sökum mikillar brælu í sumar var ákveðið að lengja tímabilið til 18. ágúst.

Hafrannsóknastofnunin gerði verktakasamning við Félag hrefnuveiðimanna vegna vísindaveiðanna en enginn annar leyfi til að veiða hér hrefnur. Á vef Hafrannsóknastofnunarinnar er tekið fram að vísindaveiðarnar séu ekki dulbúnar atvinnuveiðar þar sem tryggt sé að allur hugsanlegur ágóði af sölu afurða renni til rannsóknanna. Áður en veiðar hófust var gerð kostnaðaráætlun sem tók meðal annars til launa og reksturs skipa og í lok veiðitímabils er bókhald veiðimanna yfirfarið af endurskoðendum.

Eftirspurn eftir hrefnukjöti

Að sögn Gunnars Bergmanns Jónssonar, framkvæmdastjóra Félags hrefnuveiðimanna, hefur sala á hrefnukjöti gengið vonum frammar í ár. „Við byrjuðum á ákveðinni markaðssetningu í fyrra sem er að skila sér núna. Miðað við þá eftirspurn sem við erum að sjá er ekki hægt að segja að það sé ekki markaður fyrir hrefnukjöt á Íslandi.“ Gunnar segir að erlendir ferðamenn séu einna æstastir í að

kaupa hrefnukjötið en hörð gagnrýni á hvalveiðar hefur undanfarið komið frá einum geira í ferðaþjónustu, fulltrúum hvalaskoðunarskipa.

Hvalaskoðun og hvalveiðar

Hvalaskoðun hófst við strendur Íslands árið 1995 og hefur verið sívaxandi iðnaður síðan. Samkvæmt úttekt auðlindasérfræðings sem gerð var árið 2003 eru beinar og óbeinar tekjur í kringum milljarð að sögn Ásbjörns Björgvinssonar, formanns Hvalaskoðunarsamtakanna. „Aðalsöluvaran okkar er gæfustu og forvitnustu dýrin sem koma upp á bátunum. Það er því verið að skada okkur með beinum hætti með veiðum þar sem þetta eru dýrin sem hrefnuveiðimenn skjóta helst.“

Ásbjörn segir að þegar ákveðið hafi verið að hefja vísindaveiðar hafi sjávarútvegsráðherra lofað að ekki yrði veitt á skilgreindum hvalaskoðunarsvæðum. „Þegar það var ekki að ganga eftir kvörtuðum við yfir því við sjávarútvegsráðuneytið og sýndum hvaða svæði það væru sem við hefðum verið að sigla um. Yfirmaður hvaladeildar Hafrannsóknastofnunarinnar sagði þá að þeir hefðu ekki átt að sigla á því á hvaða svæði hvalaskoðunarskipin væru að sigla á og vildi ekki samþykka þau.“

Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnuninni, segir að vissulega sé ágreiningur um skilgreiningu á svæðum. „En við höfum notað þá reglu að fara ekki inn á þau svæði við vísindaveiðarnar þar sem hvalaskoðunarfyrirtækin eru í reglulegum ferðum. En sum fyrirtækin vildu skilgreina stærra hvalaskoðunarsvæði en við gátum samþykkt. Til dæmis er Faxaflóinn langþéttasta hrefnusvæði landsins og það myndi skekkja sýnatöku ef við værum útilokaðir þaðan.“ Gísli segir að Hafrannsóknastofnunin hafi ekki viljað beita sér fyrir því að svæðin yrðu skilgreind nákvæmlega þar sem

um takmarkaða rannsókn sé að ræða. „Líkur eru á að atvinnuveiðar hefjist síðar og við vildum því ekki setja fordæmi núna.“

Hafrannsóknastofnunin hefur mælt með veiðum á hrefnu af líffræðilegum ástæðum á allt að 400 dýrum undanfarið ár. Um 44 þúsund hrefnur eru á landgrunni Íslands samkvæmt síðustu mælingu, sem fór fram árið 2001. Næsta mæling verður gerð eftir ár.

Atvinnuveiðar rökrétt framhald

Ekki hafa verið teknar neinar pólitískar ákvarðanir um hvað tekur við þegar vísindaveiðum lýkur, að sögn Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra. „En ég tel rökrétt framhald að við stundum hvalveiðar í atvinnuskyni. Allar líffræðilegar forsendur eru til staðar og það er orðið óumdeilt að takmarkaðar veiðar munu ekki hafa nein neikvæð áhrif á hvalastofna nema síður sé. Og þjóðréttarlega séð höfum við allan rétt okkar megin.“ Einar segir þó að þetta þurfi að vegna og meta út frá öllum hlíðum. „Menn hafa talað um það að hvalveiðar myndu trufla aðra atvinnustarfsemi á borð við ferðaþjónustu. Nú höfum við stundað hvalveiðar í þrjú ár sem hefur ekki haft nein slæm áhrif á ferðaþjónustu nema síður sé. Reynslan hefur því sýnt að ótti manna var ástæðulaus.“


Spurður hvort ekki þurfi að skilgreina nánar svæði hvalaskoðunar annars vegar og hvalveiða hins vegar segir Einar það engan vanda. „Það má skilgreina svæði sem hvalveiðar fara ekki fram á til þess að koma til móts við hagsmuni hvalaskoðunarfyrirtækja. Hafsvæðið í kringum Ísland er nægilega stórt til að bera hvoru-veggja hvalveiðar og hvalaskoðun.“



FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR D. GUÐMUNDS.
sdg@frettabladid.is

VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MED **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupíknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölins Elvarssonar og Rósu Svövdóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum

MORRISSEY

Í LAUGARDALSHÖLL 12. ÁGÚST 2006



Miðasala stendur yfir í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og á midi.is

skoðun

SIJÓNARMÍÐ
PORSTEINN PÁLSSON

Nýr framhaldsskóli:

Vegurinn til veruleikans

Athyglisvert er að fylgjast með viðbrögðum við róttækum tillögum svokallaðrar starfsnámsnefndar sem nýlega kynnti hugmyndir um nýjan framhaldsskóla með meira frelsi og aukinni ábyrgð skólanna sjálfra.

Viðbrögðin vekja eftirtekt fyrst og fremst fyrir þá sök að tillögnum er víðast hvar vel tekið. Segja má að það sé fremur óvenjulegt. Hitt hefur alltént verið algengara um langan tíma að menn þræti um hvaðeina sem fram kemur á þessu mikilvæga sviði samfélagsstarfseminnar.

Að starfi nefndarinnar komu fulltrúar úr öllum áttum. Það gildir hvortheldur lítið er til skólanna eða stjórnmalanna. Nefndin starfaði hratt og skilaði tillögum um afgerandi skólapolítiska stefnubreytingu.

Umfram annað hefur verið ánægjulegt að sjá jákvæð viðbrögð þingmanna bæði úr liði stjórnar og stjórnarandstöðu. Þau vekja vissulega vonir um að skýrslan og tillögurnar sem í henni felast geti orðið annað og meira en orðin tóm eða minnisstætt skúffugagn.

Nú blasir við að gera orðin að veruleika. Hér verður því ekki haldið fram að það sé einfalt mál eða eitthvert léttaverk. Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð getur vegurinn frá orðum til athafna verið vandradaður og ferillinn snúinn.

Ástæðan er sú að nefndin hefur ekki leyst upp allan ágreining um skólafestun. Gildi tillagnanna felst í því að þær vísa veg til að leysa úr hnútum ólíkra sjónarmiða. Aðferðin er aukið frelsi og aukin ábyrgð.

Kjarninn í lausninni er í einfaldleika sínum sá að ein lausn þurfi ekki að útiloka aðra. Hún opnar leið fyrir fjölbreyttara skólakerfi þar sem menn geta farið ólíkar leiðir.

Hættan sem við blasir er sú að einstakir hagsmunahópar freisti þess að tryggja sín sjónarmið áður en nýjar leikreglur taka gildi. Væntanlega yrði það gert með þeim rökum að hnýta yrði alla lausa enda um tiltekin efni áður en haldið yrði af stað í breytingar.

Vinnulag af þessu tagi myndi vitaskuld hefja framgang þeirrar nýskipunar sem er rætt. Hitt er þó öllu verra að það gæti gert að engu grundvallarhugmyndina um aukið frelsi og aukna ábyrgð skólanna sjálfra.

Nú má vera að þessi hættu sé óveruleg. En hvað sem því líður segir reynslan að það væri ógætilegt og sennilega óhyggilegt að reikna ekki með því að hún sé fyrir hendi.

Tillögurnar um nýjan framhaldsskóla fela til að mynda í sér farveg til þess að leysa þrætuna um styttingu námstímans, sem hefur verið í óleysanlegum hnút.

Óþarfi er að útiloka einn kost í þessu efni þegar fleiri geta þróast samtímis með góðum árangri. Það er beinlínis æskilegt að kerfið geti þjónað mismunandi markmiðum og ólíkum þörfum.

Mála sannast er að reyna mun á ráðkænsku að koma þessum hugmyndum fram og gera skynsamleg orð á blaði að veruleika í skapandi skólastarfi. Það vandasma verkefni hvílir nú á herðum menntamálaráðherra.

Það mál sem hér er um að tefla er af þeirri stærðargráðu að með engu er unandi við að það lendi í einhvers konar útideyfu. Í því ljósi væri æskilegt að sjá áður en langt um líður tímasetta aðgerðaáætlun stjórnvalda um að koma málinu fram.

Það ætti að létta róðurinn í því efni að pólitískt bakland málsins sýnist vera traust og í góðu lagi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kristilegu kærleiksblómín spretta
Nokkur umræða er nú sprottin upp um hugsanlegt samstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og sýnist sitt hverjum um ágæti þeirra hugmynda. Í öllu falli sýna skeytasendingar milli forystumanna þessara flokka ekki mikinn samstarfshug; þannig andar greinilega heldur köldu milli þeirra Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra og Björgvins G. Sigurðssonar, þingmanns Samfylkingar. Í nýlegum pistli á heimasíðu Björns segir til dæmis að Björgvin bregðist aldrei vondum málstað og sé þess tilbúinn að lýsa því yfir á prenti. Áður hafði Björgvin látið þau orð falla á heimasíðu sinni að yfirgangur og bulluháttur einkennið umfjöllum Björns um málefni Samfylkingarinnar.



Það gæti því orðið líf og fjör í hugsanlegri sambúð þessara flokka í ríkisstjórn.

Ljótt er ef satt er

Á nýja fréttavefnum oridid.blog.is, sem Andrés Jónsson jafnaðarmaður ku meðal annarra standa að, kennir ýmissa grasa í fréttaflutningi. Þannig upplýsir vefurinn til að mynda lesendur sína um að það hafi verið sænski skíðakappinn Ingemar Stenmark sem kenndi Slóvenum þann ljóta síð að taka í vörina að sænskum síð. Þetta á Ingimar að hafa gert á þeim árum sem enginn stóðst honum snúning í skíðabrekkunum en tengsl hans við Slóveníu voru gegnum jógóslavneska skíðafraeileiðandann Elan. Og Orðið skúbbar þeirri frétt sömuleiðis að gamla kommúnistaflokkurinn í Júgóslavíu hafi stöðvað byggingu háhýsis í Ljubljana á sínum tíma!

Menningin blómstrar hjá forsetanum

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, kemur af vinstri væng íslenskra stjórn-mála eins og flestum er kunnugt um. Það kom því ekki mörgum á óvart á sínum tíma þegar Ólafur réði Örnólf Thorsson í stöðu aðstoðarmanns síns og síðan forsetarítara, en Örnólfur var lengi innanbúðarmaður hjá því virta bókaforlagi Máli og menningu sem heldur betur hafði vinstri stimpillinn á sér. Nú nýverið var svo annar gamall starfsmaður Máls og menningar, Arni Sigurjónsson bókmenntafræðingur, ráðinn í stöðu skrifstofustjóra forsetaembættisins þannig að menn leita ekki langt yfir skammt í mannráðningum á þeim bænum.



„Vegurinn til Hallormsstaðar“

Í liðinni viku var rætt við fréttamann sem staddur var „í Kastrop“ og nokkrum dögum áður var annar fréttamaður staddur „í Skriðuklaustri“. Og öll erum við orðin hræðilega von þvi að talað sé við fólk „í Dalvík“ og „í Ólafsfirði“. Enn hrapar næmi fjölmiðlafólks fyrir því hvar við erum stödd á landinu. Hin nákvæma tilfinningu íslenskunnar fyrir staðsetningu, legu og lögun staðar, hverfur fyrir flatneskjulegu og enskustolnu orðferi. Eða finnst okkur ekki fallegur (og eðlilegur) munur á því að fara upp á Akranes og koma síðan í Borgarnes?

Fyrir nokkru vaknaði ég inn í bítisviðtal við einn af mætustu þingmönnum þjóðarinnar. Til sönnunar máli sínu sagði hann reynslusögu úr þjóðlífinu. Hún hófst svo: „Það sagði mér bóndi frá Árnessýslu...“

Fyrir nokkrum árum skrifaði ég blaðagrein til varnar forsetningum framán við örnefni íslensk og erlend. Greinin þar yfirskriftina: „Í Grænlandi“. Hún hafði greinilega engin áhrif. Stuttu síðar tönnluðust tveir Kastljós-drengir á þessari villu og varð tíðrætt um uppgang handboltans „í Grænlandi“. Ástandið í þessum málum hefur ekki gert annað en að versna. Menn virðast nú alveg hætta að fara „austur á Selfoss“ heldur fara þeir bara „til Selfoss“ og hitta þar bændur „frá Árnessýslu“. Það skiptir engu máli hvort það er Effemm, eða háttvirt Fréttastofa Ríkisútvarpsins; þessi blæbrigði málsins eru á undanhaldi og er það miður. Um árið sagði fréttaritari RÚV frá því að „vegurinn til Hallormsstaðar“ væri lokaður. Vonandi er vegurinn inn á Hallormsstað ennþá opin. Jafnvel reyndir besserwiserar í fjölmiðlastétt segja frá hlutum sem eru að gerast „á Bretlandi“.

Sjálfsagt er ekki langt þar til við munum búa „í Íslandi“.

Nú getur verið að hér sé um eðlilega þróun að ræða. Þjóðin sé smám saman að einfalda mál sitt; íslenskan stefni að því að verða auðtöluð tunga líkt og enskan sem

Í DAG
TIL VARNAR
FORSETNINGUM

HALLGRÍMUR
HELGASON

Við erum á Hellu, á Hvolsvelli, í Fljótshlíð, í Þykkvabæ, undir Eyjafjöllum, úti í Eyjum, á Skógum, á Kirkjubæjarklaustri, í Vík, í Skaftafelli, á Höfn, í Hornafirði, á Djúpavogi, á Breiðdalsvík, í Breiðdal, á Stöðvarfirði, á Fáskrúðsfirði, á Reyðarfirði...

hefur fyrir löngu losað sig við flókandi líft og þau sem hér um ræðir. Ég er þó einn af þeim sem mun sakna þessara blæbrigða tungumálsins sem lýsa þjóð sem þekkir (eða þekkti) landið sitt.

Ég geri hér því tilraun númer tvö til að sporna við þessari þróun. Til hægðarauka fyrir útvarps- og sjónvarpsfólk landsins er hér listi yfir beygingarleiðir að helstu stöðum landsins og heimsins. (Fólk má endilega leiðrétta mig fari ég með fleipur.)

Við förum austur fyrir fjall, austur í Hveragerði, austur á Selfoss, austur á Þingvelli, austur á Laugarvatn, upp á Flúðir, upp á Kjöl, yfir Kjöl, yfir Sprengisand, upp í Landmannalaugar, upp á Hveravelli, upp á hálendið, upp í Kerlingarfjöll.

Við erum á Hellu, á Hvolsvelli, í Fljótshlíð, í Þykkvabæ, undir Eyjafjöllum, úti í Eyjum, á Skógum, á Kirkjubæjarklaustri, í Vík, í Skaftafelli, á Höfn, í Hornafirði, á Djúpavogi, á Breiðdalsvík, í Breiðdal, á Stöðvarfirði, á Fáskrúðsfirði, á Reyðarfirði, á Eskifirði, á Neskaupstað, í Norðfirði, á Egilsstöðum, austur á Héraði, inni á Hallormsstað, á Seyðisfirði, í

Loðmundarfirði, á Borgarfirði Eystri, á Vopnafirði, í Möðrudal, á Bakkafirði, á Þórshöfn, á Raufarhöfn, á Sléttu, á Kópaskeri, á Húsvík, í Mývatnssveit, á Mývatni, á Laugum, í Vaglaskógi, í Fjörðum, á Grenivík, á Akureyri, í Eyjafirði, á Dalvík, í Hrísey, í Grímsey, á Ólafsfirði, á Siglufirði, í Fljótum, á Hofsi, í Skagafirði, á Saudárkróki, í Varmahlíð, í Húnaveri, í Bænduósi, á Skagaströnd, á Hvamms-tanga, í Hrutafirði, í Staðarskála, á Brú, á Ströndum, á Hólmarvík, í Djúpuvík, á Drangnesi, í Trékyllisvík, í Árneshreppi, á Hornströndum, í Djúpinu, á Ísafirði, í Hnífsdal, í Bolungarvík, á Suðureyri, á Flateyri, á Þingeyri, á Bíldudal, á Tálknafirði, á Patreksfirði, á Brjánslæk, í Vatnsfirði, í Flatey, á Breiðafirði, á Barðaströnd, á Reykhólum, í Bjarkarlundi, í Saurbæ, í Búðardal, í Stykkishólmi, á Grundarfirði, í Ólafsvík, á Búðum, á Mýrum, í Munaðarnesi, í Borgarfirði, í Borgarnesi, á Akranesi, á Grindartanga, í Hvalfirði, í Kjós, á Kjalafirði, í Mosfellsbæ, í Grafarvogi, í Árbæ, í Breiðholti, í Miðbænum, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, í Garðabæ, á Álftanesi, á Bessastöðum, í Hafnarfirði, í Vogum, í Sandgerði, í Garðinum, í Grindavík, í Bláa lóninu, í Þorlákshöfn, á Eyrarbakka, á Stokkseyri og að sjálfsögðu á Litla-Hrauni.

Einu staðirnir sem við getum farið „til“ eru Reykjavík og Keflavík. Hvernig sem stendur á því.

Við getum verið ættuð af Suðurlandi, úr Skagafirði, að vestan, úr Hrutafirði, norðan af Ströndum, úr Þingeyjarsýslum, af Héraði, úr Lóni, úr Árnessýslu...

Erlendis gerast hlutirnir á Grænlandi, í Færeyjum, á Kanaríeyjum, í Bretlandi, á Bretlandseyjum, í Skotlandi, á Írlandi, í Wales, á Spáni, í Portúgal, á Kúbu, í Bandaríkjunum, á Nýfundnalandi, í Sviss, á Svalbarða, í Afríku, á Hawaii, í Japan, á Ítalíu, í Grikklandi, á Kypur, í Ísrael, á Indlandi, í Víetnam, á Kastrop, í Leifstöð, á tunglinu, á Mars, í alheiminum, hjá guði.

Og hana nú.

Mallorca
Sumartilboð

Royal Playa de Palma
59.900 kr.
á mann m.v. 2 í íbúð 11. júlí.

Nánari upplýsingar um ferðir ásamt lýsingum á hótélum er að finna á www.urvalutsyn.is

Úrval-Útsýn, Lág múla 4: 585 4000 - Akureyri: 460 0600 - Vestmannaeyjum: 481 1450

MARKAÐURINN
FYLGI FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: www.frettabladid.is UMBROT: 365 PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmíðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

GOSBRUNNUR Í GARÐINN

Hvern dreymir ekki um að heyra róandi nið vatns í garðinum? Sjaldan hefur úrval tilbúinna gosbrunnna verið meira en nú.

HÚS 4



allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	6-7
Árborgir	21
Ás	18-20
Ásbyrgi	5
Draumahús	12-13
Eignastýring	17
Eignaumboðið	16
Fasteingafélag Austurl.	16
Fasteingafélagið Stoðir	9
Fasteingamiðlunin Múli	9
Fyrirtækjasalan	21
Lyngvík	8
Lundur	10-11
Nýtt heimili	15
S.L.I ehf	15



Húsið er á tveimur hæðum, auk kjallara og bílskúrs.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
24. júlí, 205. dagur ársins
2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag	
Reykjavík	4.08	13.34	22.58
Akureyri	4.08	13.34	22.58

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Glæsileg eign í hjarta Reykjavíkur

Fasteignasalan 101 Reykjavík hefur til sölu gullfallegt 208 fermetra einbýlishús við Grundarstíg með 41 fermetra bílskúr.

Húsið, sem er byggt 1913 og endurbyggt 1943, er úr timbri og steini. Húsið stendur á 419 fermetra eignarlóð. Garðurinn er afgirtur og einstaklega fallegur með gosbrunni, hellulögðum stígum, fjölbreyttum gróðri og tveimur sólpöllum.

Gengið er inn á miðhæð hússins. Komið er inn í forstofu með fatahengi og flísum. Þar inni af er gangur með innbyggðu fataherbergi. Eldhúsið er mjög rúmgott með fallegri viðarinnréttingu, tengi fyrir uppþvottavél og borðkrók með útsýni yfir garðinn. Gengið er frá borðkrók út á sólríka verönd með skjólveggjum.

Stofa og borðstofa eru rúmgóðar með parketti á gólfi, sem og gott herbergi sem er á hæðinni. Gengið er upp teppalagðan stiga á efri hæðina og komið upp á stigapall með útgangi út á suðursvalir. Gott hjónaherbergi með skápum og parketti er á hæðinni, gangur með innbyggðum skáp, baðherbergi með baðkari og tvö rúmgóð herbergi, annað með innbyggðum skáp.

Í kjallara er rúmgott herbergi með stórra geymslu inni af, þvottahús með sturtuástöðu og vaski, salerni og rúmgóð geymsla með hillum. Bílskúrin er mikið endurnýjaður og í honum eru rafmagns- og vatnslagnir.

Skipulags-ogbyggingarsvið Reykjavíkur borgar hefur samþykkt að byggja megi ris-hæð ofan á húsið. Búið er að skipta um alla glugga og gler í húsinu. Ásett verð er 67 milljónir.



Porlákshöfn hefur upp á margt að bjóða fyrir iðnfyrirtæki.

Iðnaðarlóðir eftirsóttar

IÐNAÐARLÓÐIR Í PORLÁKSHÖFN ERU EFTIRSÓTTAR UM ÞESSAR MUNDIR.

Bæjarstjórnin í Porlákshöfn, Ólafur Áki Ragnarsson, lét hafa það eftir sér í nýlegu viðtali við Viðskiptablaðið að sveitafélagið hefði upp á mikið að bjóða hvað iðnaðarlóðum viðkæmi, bæði vegna þess hve mikið er af landi á svæðinu og skipulagðar lóðir fyrir iðnaðarhúsnæði upp á 150.000 fermetra. Ólafur sagði landið jafnframt henta undir iðnað, vegna þess hve ódyrt væri að gera grunna. Þetta væri því alveg einstakt atvinnutækifæri fyrir fyrirtæki. Að auki væri ekki langt frá Porlákshöfn til höfuðborgarinnar.


- rve

www.nytthus.is

einbýlishús
parhús
sumarhús
litaður panill í þakkanta



Nýtt Hús ehf.
Seylubraut 1
230 Reykjanesbæ
Sími: 414-3400



Fjöldi ánægðra viðskiptavina Sjá nýuppsetta stiga á www.byggingavorur.com

Stigar & Handrið Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Vantar betra aðgengi í garðinn?, stigi getur leyst málið.....

Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús. Hús okkar eru byggð til að endast. Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-summerhús

www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1618



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

Girðingaefni



Nú er tækifæri að girða af lóðina, garðinn eða sumar-bústaðinn. Val á galvaniseruðu eða plasthúðuðu (grænt) girðingaefni. Hæð 2m eða 1,2m.

ATLANTSKAUP ehf.
Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík, sími 533 3700



Hert gler
...í stigann?



Smíðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is

Heitur pottur úr stuðlabergi

Tindur Hafsteinsson, sölustjóri hjá Creditinfo, og Anna S. Kristjánsdóttir hjá KB banka eru að breyta húsi sínu til að skapa fjölskylduvænna umhverfi.

„Við erum að búa til gríðastað fyrir fjölskylduna, þar sem hægt verður að borða saman, spjalla, læra, horfa á sjónvarpið og fara í leiki,“ segir Tindur um stækkun sem verið er að gera út frá eldhúsinu á húsi þeirra Önnu og áætlað er að ljúki í haust.

Tindur segir það ekki koma að sök þótt gólfplötur hússins stækki um 35 fermetra á kostnað garðsins, þar sem sá hluti garðsins sem hverfi sé hvort eð er dimmur og leiðinlegur og því lítið sem ekkert notaður.

Ekki er nóg með að verið sé að breyta húsi Tinds og Önnu heldur er verið að endurhanna lóðina. „Við erum búin að reisa nýjan vegg á milli lóða, þar sem sá gamli lá undir skemmdum af völdum trjágróðurs,“ segir Tindur. „Við bróðir minn vorum önnur kafnir við vinnu á veggnum frá því um páska, en nú á bara eftir að mála hann.“

Að sögn Tinds hefur líka verið skipt um jarðveg umhverfis heitan pott í garðinum, sem er sérstakur fyrir þær sakir að vera búinn til úr stuðlabergi. „Okkur Önnu langaði í heitan pott, þó ekki þennan dæmigerða plastpott sem upplitast oft með tímanum og lítill prýði er af. Við vildum frekar búa til pott sem félli vel að umhverfinu og fannst stuðlaberg kjörinn efniviður. Hugmyndin kviknaði þegar við sáum pott umkringdan stuðlabergi í Seljalandslaug. Við tókum hana skrefinu lengra með því að steypa botninn.“

Leifar af stuðlaberginu voru settar fyrir framan nýja vegginn. Fyrir utan að það brjóti upp garðinn segist Tindur ætla að setja upp grill og útiarinn þar á bak við. „Við ætlum svo að leggja antíkflísar frá BM Vallá framan við vegginn, bæði vegna flottheita og svo er nóg af grasi í garðinum sem þarf að slá,“ bætir Tindur við og hlær. „Markmiðið er að gera umhverfið eins viðhaldsfrítt og unnt er svo samverustundum fjölskyldunnar fjölgi.“

roald@rettabladid.is



Þessi myndarlegi veggur var reistur til að aðskilja lóð fjölskyldunnar og nágrennanna, en tímabært var orðið að fjarlægja þann gamla sem lá undir skemmdum.




Í vinnu starfsnámsnefndar var leitast eftir því að ná breiðri sam-

stöðu um hvaða leiðir væru skynsamlegar til að efla framhaldsskólann og auka aðsókn að starfsnámi. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar helstu hagsmunaaðila, s.s. framhaldsskólanna, Kennarasambandsins, launþega, atvinnulífs og þingmenn úr jafnt stjórn sem stjórnarandstöðu. Þau viðbrögð sem tillögur nefndarinnar hafa fengið vekja vonir um að unnt verði að sætta mismunandi sjónarmið á grundvelli þeirra enda verði rammi nýja framhaldsskólans nægjanlega víður til að ólík viðhorf njóti sín og fjölbreytilegar hugmyndir fái svigrúm til að sanna ágæti sitt.

Það er eðlilegt að skiptar skoðanir séu um hvaða leiðir beri að fara við breytingar á menntakerfinu enda miklir hagsmunir í húfi, sem er menntun barnanna okkar. Menntakerfið verður hins vegar að vera í stöðugri þróun og taka mið af breyttum aðstæðum og þörfum í samfélaginu. Með tillögum starfsnámsnefndar og því starfi sem nú á sér stað undir merkjum tíu skrefa samkomulagsins er vonandi að viðtæk samstaða náist um áframhaldandi þróun og eflingu íslenska skólakerfisins.

Pólitísk ruslatínsla

UMRÆÐAN

HREIN BORG



ÁGÍR MAGNÚSSON
SÉRKENNARI

Fegrun borgarinnar á ekki að vera á pólitískum forsendum og umhverfast um það að slá gamla góða Villa til riddara.

Það er ansi hvítleitt þegar borgarstjóri vor getur vart komið fram í fjölmiðlum án þess að tala borgina, sem hann stjórnar, niður. Reykjavík sé bæði skítug og ljót. Í mínum huga er Reykjavík hvorki skítug né ljót enda margt verið gert undanfarin ár til að bæta umhverfi hennar.

Hins vegar má alltaf gera betur, ekki síst í því efni að höfða til borgarbúa sjálfra, þó að borgin beri vissulega ábyrgð. Það er gott að fara í hreinsunaráttak, en það skilar litlu ef því er ekki fylgt eftir, hin daglega umgengni skiptir mestu máli og er í raun eina leiðin til að halda borginni okkar hreinni, hugarfar okkar sjálfra.

Fegrun borgarinnar á ekki að vera á pólitískum forsendum og umhverfast um það að slá gamla góða Villa til riddara. Ég hef mikinn áhuga á umhverfi mínu og hef hingað til ekki litið á það pólitískum augum að hirða kringum mig. Vonandi gengur hreinsun borgarinnar vel og allir borgarbúar, einstaklingar jafnt sem fyrirtæki, líta í eigin barm og bæta umgengni sína um borgina. Þetta er sameiginlegt verkefni okkar allra og hafið yfir pólitíska refsakák.

Ef nálgast á hreinsun borgarinnar út frá pólitískum forsendum og persónugera hana í einum manni er hætt við að borgarbúar missi áhugann á verkefninu og treysti á að Villi reddi málnum einn og óstuddur. Gangi um borg og bý með ruslapoka í annarri, rekuna í hinni og ljósmyndara á hælunum.

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö

Kr 2.690.000 eða

Kr. 28.912 á mánuði*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Með bílinn handa þér



Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.

* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarleg greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524


AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

PETER SELLERS (1925-1980) LÉST ÞENNA DAG.

„Það er enginn ég. Ég er ekki til. Ég var einu sinni til en ég lét fjarlægja mig með skurðaðgerð.“



Peter Sellers var enskur gamanleikari.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Ástrós Gunnarsdóttir dansari er 42 ára.

Bryndís Hólm er 41 árs.



Birkir Jón Jónsson alþingismaður er 27 ára.

ÚTFARIR

13.00 Hermanía Kristín Þórarinsdóttir, Skálagerði 11, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Grensásarkirkju.

13.00 Ragnar Marnó Bjarnason, rafvirkjameistari, Háagerði 31, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

15.00 Sæmundur Björnsson, Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

PETTA GERÐIST 24. JÚLÍ 1911.

Macchu Picchu finnst

Á þessum degi árið 1911 enduruppgötvaði Hiram Bingham hina fornu borg Inka, Macchu Picchu. Borgin er um 80 kílómetra norðvestur af Cuzco í Andesfjöllunum í Perú og er í 2.350 metra hæð yfir sjávarmáli. Hiram Bingham, prófessor við Yale-háskólann í Bandaríkjunum, var leiddur til Macchu Picchu af heimamanninum Melchor Arteaga. Þrátt fyrir að umheimurinn hafi ekki vitað af tilvist borgarinnar gerðu heimamenn það. Talið er að borgin hafi verið byggð af Sapa Inca Pachacuti um 1440 en þar var búið til ársins 1532 þegar Spánverjar réðust inn í Perú og náðu landinu á sitt vald. Borgin var ekki hefðbundin Inkaborg heldur er talið að þangað hafi þeir farið til þess að



hvíla sig frá ys og þys stærri borganna. Yfir háannatímann hafi búið þar um 750 manns en mun færri á meðan á regntímanum stóð. Macchu Picchu er einn frægasti minnisvarði um veldi Inkana en það var stærsta veldi Ameríku fyrir tíma Kólumbusar. Árið 1983 var Macchu Picchu sett á heimsmínjaskrá UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þangað kemur mikill fjöldi ferðamanna á hverju ári en margir óttast þó of mikinn ágang þeirra um svæðið. Macchu Picchu er mikilvægasti ferðamannastaður Perú og hafa stjórnmöld þar í landi barist fyrir að fá til baka þá muni sem Bingham tók með sér til Yale á sínum tíma.

MERKISATBURÐIR

- 1923** Lausanne-samkomulagið sem markaði landamæri Tyrklands er undirritað af Grikklandi og Búlgaríu ásamt öðrum þátttakendum fyrri heimsstyrjaldarinnar.
- 1933** Ferðafélag Íslands fer í fyrstu Þórsmerkurferð sína.
- 1956** Ríkisstjórn Hermanns Jónssonar tekur við völdum og situr í rúm tvö ár.
- 1974** Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðar að Richard Nixon forseta beri skylda til þess að afhenda spólu með samtölum úr Hvíta húsinu vegna rannsóknar á Watergate-málinu.
- 2005** Lance Armstrong vinnur Tour de France í sjöunda sinn.

HÚSAVÍKURHÁTIÐ: HEFST Í DAG

Góð stemning í bænum

Húsavíkurhátíð hefst í dag en í ár verður Mærudögum og Sænskum dögum í fyrsta sinn splæst saman. Hátíðin stendur í viku og er boðið upp á veglega menningar- og skemmtidagskrá sem er ætlað að höfða til allrar fjölskyldunnar. Þórunn Harðardóttir, einn skipuleggjenda hátíðarinnar, segir að Mærudagar hafi fyrst verið haldnir árið 1997 en að Sænskir dagar hafi verið haldnir í fyrsta sinn í fyrra.

„Mærudagar eru fjölskylduhátíð fyrir Húsvík-inga, bæði fyrir þá sem búa hér og brottflutta. Það eru margir gamlir Húsvíkingar sem koma heim og heilsa upp á vini og ættingja og síðan er þetta líka fyrir íslenskar fjölskyldur sem eru á ferðinni og erlenda ferðamenn,“ segir Þórunn. Hugmyndin að Sænskum dögum kviknaði árið 1998 þegar Húsvíkingar héldu upp á dag Garðars Svavarssonar en hann var sænskur víkingur sem kom hingað til lands árið 870.

„Við höfum alltaf haft mikinn áhuga á að styrkja menningartengsl á milli Íslands og Svíþjóðar í tengslum við þá stórmerkilegu sögu sem við eigum um Garðar Svavarsson og Náttfara. Garðar Svavarsson kom frá Svíþjóð og var fyrstur til að uppgötva að Ísland var eyja og hafði hér vetursetu. Náttfari dvaldi hér áfram og var í rauninni fyrsti landnámsmaðurinn,“ segir Þórunn en það var síðan Ingólfur Arnarson sem fékk heidurinn af því að vera fyrsti landnámsmaðurinn. „Við höfum unnið mjög náið með sænska sendiráðinu í þessu og erum



FRÁ HÁTÍÐARHÖLDUNUM Í HÚSAVÍK Í FYRRA Í ár verða Mærudagar og Sænskir dagar í fyrsta sinn haldnir saman en sendiherra Svíþjóðar, forseti Íslands og utanríkisráðherra munu öll heiðra hátíðargesti með nærveru sinni.

líka að vinna að sýningu um Garðar Svavarsson sem heitir Garðarshólm,“ en það nafn gaf Garðar landinu þegar hann kom hingað til lands.

Meðal viðburða á hátíðinni eru siglinganámskeið fyrir börn og unglíngla, golfmót, bílasýning, tónleikar, tívolí, fjölskylduskemmtun og sirkusnámskeið en sænskur sirkus ætlar að

mæta á svæðið. Einnig verður boðið upp á fyrirlestira, glerlistasýningu og brennu. „Síðan verður sænskur matseðill á veitingastaðnum Gamla bauk og það er kokkurinn úr sendiráðinu sem ætlar að elda sænskan mat,“ segir Þórunn en sendiherra Svíþjóðar á Íslandi, Madeleine Ströje-Wilkens, ætlar að koma til Húsavíkur og

ávarpa gesti hátíðarinnar. Það er ókeypis inn á hátíðina en það kostar inn á einstaka viðburði eins og tónleikana, leiksýningarnar og böllin sem haldin verða á laugardagskvöldið. Á tjaldstæðinu þarf aðeins að borga fyrir fyrstu nóttina en eftir það geta gestir dvalið þar sér að kostnaðarlausu.

gudrun@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnheiður Danielsdóttir

Gnoðarvogi 38, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólí sunnudaginn 16. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 27. júlí kl. 15.00.

Árni Sigurðsson
Sigurður Árnason
Ingunn Árnadóttir
Helgi Árnason
Daníel Árnason
Gylfi Árnason
barnabörn og barnabarnabörn

Bryndís Alda Jónsdóttir
Sighvatur Arnarsson
Sigurlína Jóhannesdóttir
Sigurhanna Sigfúsdóttir
Guðrún Vala Elísdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hermanía Kristín

Þórarinsdóttir

Skálagerði 11, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Grensásarkirkju mánudaginn 24. júlí kl. 13.00.

Andrea Danielssen
Sigurþór Charles
Guðmundsson
Bjarni Ólafur Guðmundsson
Þórarinn Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabarn

Páll Ragnarsson
Málfríður Sjöfn
Hilmarsdóttir
Martina Guðmundsson
Guðbjörg Ívarsdóttir

Martin og Lewis skemmta í síðasta sinn

Á þessum degi í New York árið 1956 skemmtu þeir Dean Martin og Jerry Lewis í síðasta sinn saman á Copacabana-klúbbum en þar höfðu þeir staðið fyrir skemmtunum í tíu ár. Dean Martin var leikari

og söngvari og vinsæll skemmtikraftur í Bandaríkjunum um miðja síðustu öld. Hann hitti Lewis á næturklúbbi þar sem þeir voru báðir að skemmta og með þeim tókst vinátta og síðar samvinna. Þeir hófu

samstarf sitt árið 1946 í Atlanta og urðu fljótlega mjög vinsælir en samstarf þeirra brast árið 1956. Lewis gekk vel að fá störf í Hollywood en Martin átti erfiðara uppdráttar. Martin var hins vegar mjög vinsæll skemmtikraftur og árið 1965 fékk hann sinn eigin sjónvarpsþátt á NBC-sjónvarpsstöðinni sem hét The Dean Martin Show. Hann var einnig vinsæll söngvari og var hluti af Rottgenginu ásamt þeim Frank Sinatra, Sammy Davis Jr., Peter Lawford og Joey Bishop. Hann lést árið 1995, þá 78 ára gamall.



DEAN MARTIN



Þessi skrautlegi stuðningsmaður var mættur á fótboltaleik á Green Point-vellinum í Höfðaborg í Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Háfnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



* Skv. Fjölmildakömmun Gallup maí 2006.

F. I. O. / SVA

Nærð þú athygli
allra í fjölskyldunni?
40% fleiri lesa Fréttablaðið!

Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* **lesa 40% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Með einni birtingu í Fréttablaðinu getur auglýsingin þín náð til 68,3% þjóðarinnar sem er meira en nokkur annar fjölmiðill á Íslandi getur boðið. Auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.



FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

STUÐ MILLI STRÍÐA Af hjálparlitlum sjálfshjálparbókum

DÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR NENNIR EKKI AÐ LESA BÆKUR SEM KENNA FÓLKI AÐ HAGA SÉR



Bókin „Hann er ekki nógu skotinn í þér“ er ein vinsælasta sumarlesningin í ár. Konur kaupa bókina í hrönnum í þeirri von að bæta samskipti sín við hitt kynið. Þetta er ekki fyrsta slíka bókina. Síðustu árin hafa tugir svipaðra sjálfshjálparbóka komið út. Vandinn er hins vegar sá að meðan önnur hver kona les bókina les hana ekki nokkur karlmaður. Að vera í sambandi þar sem aðeins annar aðilinn hefur lesið kennslubókina hlýtur að vera eins og að róa bát þar sem aðeins annar ræðarinn

kann réttu tókin - það gengur bara ekki.

Mér leiðast svona bækur og þar sem ég les þær ekki er ég ekki í nokkurri aðstöðu til að setja mig í dómarasætið. Titlarnir einir duga til þess að ég kys að huns þær. Ég reyni líka að huns greinar í tímaritum um sambærileg efni og verð oft hálf uppgefin þegar ég fletti glanstímaritunum og sé að á annarri hverru síðu eru greinar eða ráðleggingar sem kenna okkur hvernig við eignum að haga okkur. Inn á milli erum við síðan hvött til þess að vera vera við sjálf og hugsa sjálfstætt. Er nema von að maður verði ringlaður?

Um daginn rakst ég á þrjátíu ára gamla sjálfshjálparbók á bóka-

safninu. Ég blaðaði í henni fyrir forvitnissakir og skellihló. Það sem þótti gott og gilt fyrir þrem áratugum árum síðan er bráðfyndið í dag. Heitustu bókanna í dag bíða sömu örlög. Eftir nokkur ár verða ráðin og hugmyndirnar orðin ferlega úrelt. Þá þurfum við að kaupa nýjar sjálfshjálparbækur til að læra upp á nýtt hvernig við eignum að haga okkur. Kannski er skynsamlegra að eyða tímanum í eitthvað annað.

Eina sjálfshjálparbókina sem á eitthvert erindi við nútímann þetta sumarið er Draumalandið hans Andra Snæs. Hinar ættum við að geyma í plastinu í svona tuttugu ár, lesa þær þá og hlæja að vitleysunni í sjálfum okkur.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



RÚNAR RÓBERTSSON 13-16 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU
ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN
20 ÁRA

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**KL. 14.00**

Brúðubíllinn skemmtir börnum og þeim sem enn varðveita barnið í sér í Árbæjarsafni.

menning

menning@frettabladid.is

Hönnunartvíeykið Stígvél

Hönnunartvíeykið Stígvélsamanstandur af tveimur ungum stúlkum, Ingunni Jónsdóttur og Þórunni Árnadóttur, en þær taka þátt í Skapandi sumarstörfum á vegum Hins hússins. Þær opnuðu sýningu á verkum sínum í Gallerí Gyllinhæð en hún stóð yfir nú um helgina. „Sýningin okkar var afrakstur átta vikna rannsóknarvinnu á íslenskrí menningu. Við sýndum ljósmyndir frá ýmsum uppákomum á eigin vegum, hluti sem við notuðum á uppákomunum og eins hluti sem sérstaklega voru hannaðir með sýninguna í huga,“ segir Ingunn.

Á yfirlitssýningunni kenndi ýmissa grasa, en Ingunn og Þórunn bjuggu íslenskum blómum til að gera það fallegt.“



INGUNN OG ÞÓRUNN Sýna ljósmyndir frá ýmsum uppákomum sem þær hafa sjálfar staðið fyrir.

til margvíslega muni sem allir hafa vísun í alþýðumenningu Íslendinga. „Við hönnuðum til dæmis hálsmen sem er gert úr móti af íslenskum kleinum. Við byrjuðum á því að steikja kleinurnar þannig að þær yrðu þínulitlar eða aðeins tveir sentimetrar á lengd, tókum svo mót af þeim úr plastefni og hönnuðum hálsmen.“

Þær hönnuðu einnig ljós sem búið er til úr áli, skreið og ber laufabrauðsmynstur. „Á sýningunni getur einnig að líta mjög þykkt teppi sem er sérstaklega búið til fyrir íslenskar aðstæður, en það er vatnshelt. Við létum síðan prenta á það net úr

> Ekki missa af...

...tríóinu Tónaflljóði í Sigurjónssafni í Laugarnesinu á morgun. Tríóið er skipað þeim Sigrúnu Erlu Egilsdóttur sellóleikara, Þórunni E. Pétursdóttur sópransöngvara og Valdísu Vigfúsdóttur. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30.

...samsýningunni Eiland í Gróttu með listamönnunum Ásdísu Sif Gunnarsdóttir, Friðriki Erni Hjaltested, Haraldí Jónssyni, Hrafnkeli Sigurðssyni og Ragnari Kjartanssyni. Opið er í dag á milli tíu og fimmtán.

...sýningu Ragnars Axelssonar, ljósmyndara Morgunblaðsins, í Vestmannaeyjum. Íshúsið í Vestmannaeyjum er prýtt myndum Ragnars, sem hefur um árabíl verið einn virtasti ljósmyndari landsins.

MR SKALLA GRÍMSSON
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

Föstudag 21. júlí kl. 20 uppselt
Laugardag 22. júlí kl. 20 uppselt
Sunnudag 23. júlí kl. 15 aukasýning
Sunnudag 23. júlí kl. 20 uppselt
Föstudag 28. júlí kl. 20 örfá sæti laus
Laugardag 29. júlí kl. 20 örfá sæti laus
Sunnudag 30. júlí kl. 15 aukasýning
Sunnudag 30. júlí kl. 20 nokkur sæti laus
Föstudagur 4. ágúst kl. 20
Laugardagur 5. ágúst kl. 20
Sunnudagur 6. ágúst kl. 15
Sunnudag 6. ágúst kl. 20
Laugardagur 19. ágúst kl. 20

LEIKHÚSTILBOÐ
Tvirréttáður kvöldverður og leikhúsmiði kr. 4300 - 4800.-

FM957

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Auglýsingasími: 550 5000

Footloose

21. júlí - fös kl. 20 - Uppselt
27. júlí - fim kl. 20 - laus sæti
28. júlí - fös kl. 20 - laus sæti
17. ágúst - fim kl. 20 - laus sæti
18. ágúst - fös kl. 20 - laus sæti

Móðarsalan er í síma 568 8000
www.borgarnesleikhus.is
www.minnstakus.is/footloose



ÍSLENSKA HREYFIPRÓUNARSAMSTEYPA Tekur fyrir raunveruleikasjónvarp í dansleikhúsi sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Dans og ofurraunveruleiki

Íslenska hreyfipróunarsamsteypa samstandur af fimm ungum dönsurum; þeim Vigdísu Evu Guðmundsdóttur, Melkorku Sigríði Magnúsdóttur, Katrínu Gunnarsdóttur, Ásgerði Guðrúnu Gunnarsdóttur og Ragnheiði Sigurðard. Bjarnason.

Danshópurinn er meðal fjölmargra annarra sem taka þátt í verkefninu Skapandi sumarstörf hjá Hinu húsinu, en æfingar á dans- og leikverki eru nú í fullum gangi og að sögn Melkorku ganga þær vonum framar. „Bæði hugmyndavinnan og dansæfingar hafa staðið yfir í allt sumar en við munum halda áfram þeirri vinnu fram að frumsýningu, sem verður 10. ágúst næstkomandi.“

Sýningin okkar er hluti af stórrí listahátíð sem grasrótarhátíð ungra listamanna stendur fyrir en hátíðin nefnist ArtFart og fer hún fram í verksmiðjuhúsnæði Johnson & Kaaber.“

Melkorka segir Íslensku hreyfipróunarsamsteypuna ekki einvörðungu hafa fengið styrk frá Hinu húsinu heldur jafnframt frá félaginu Ungt fólk í Evrópu, en það er styrktarfélag sem veitir ungu listafólki tækifæri til að leggja rækt við list sína. „Verkið okkar fjallar um raunveruleikasjónvarpsefni sem svo vinsælt er alls staðar í heiminum í dag. Við tókum fyrir megináherslurnar í þessari tegund sjónvarpsefnis, sem að okkar mati leggur allt upp úr því að niðurlægja fólk. Málum virðist nefnilega því miður þannig háttáð að áhorfendur margir hafa gaman af því að fólk sé gert að athlægi.“

Þetta setjum við síðan inn í heim sem byggir á Disney-veröld. Allt sem við vinnum með í þessu verki passar inn í Disney-veröld sem er ekkert annað en ofurraunveruleiki.“

Melkorka segir að því lengra sem liðið hafi á vinnuferlið hafi þær fært sig lengra inn á svið ofurraunveruleika. Meinið er, að sögn Melkorku, að það er búið að taka raunveruleikann úr sambengi í þessari tilteknu tegund af sjón-

varpsefni og búa til úr honum eitthvað allt annað sem ekki er raunverulegt, heldur fáránlegt og handan þess sem er. „Við vinnum með þetta efni út frá spuna þar sem allir eru jafnir og við útilokum ekkert við úrvinnslu hugmynda.“ Melkorka segir þær stöllurnar áður hafa starfað saman; í fyrra sýndu þær verk í Færeyjum sem þær nefndu Best í heimi, en verkefnið var styrkt af menntamálaráðuneytinu. „Við unnum þetta verk út frá heimildarmynd Kristínar Ólafsdóttur sem heitir How do you like Iceland og sýnd var í Ríkissjónvarpinu í fyrra.“ Hún segir þær vinkonurnar líka hafa nóg fyrir stafni næstu misserin, enda var þeim boðið að taka þátt í afmælisýningu hjá Dansleikhúsi Með Ekka sem haldin verður um næstu áramót, auk þess sem nokkrar þeirra eru á leið í nám erlendis. „Við munum engu að síður halda áfram af fullum krafti að vinna saman, þrátt fyrir að Atlantshafið skilji sumar okkar að. Það þarf meira til en hafið til að leiða okkur í sundur. Samstarf okkar er rétt að hefjast,“ segir Melkorka í lokin. - br

INNKÖLLUN stofnfjárbréfa

Stjórn SPV gerir kunnugt að hún hefur ákveðið að stofnfjárbréf í sparissjóðnum verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánudaginn 31. júlí 2006 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu stofnfjárbréf í sparissjóðnum í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.

Stofnfjárhlutir í SPV eru 3205 og eru allir gefnir út á pappírformi. Nafnverð hvers hlutar er 25.000 kr. og allir stofnfjárhlutir eru í sama flokki. Stofnfjárbréfin ógildast er rafræn skráning tekur gildi skv. framansögðu.

Við rafræna útgáfu stofnfjárbréfa verður nafnverð þeirra skráð með sama hætti og áður, þ.e. hver stofnfjárhlutur er 25.000 kr. að nafnverði.

Reykjavík, 24. febrúar 2006

F.h. stjórnar SPV,
Ragnar Z. Guðjónsson,
Sparissjóðsstjóri

Sækir um hæli í Svíþjóð

Eiginkona titilpersónu bókarinnar Bóksalinn í Kabúl hefur sótt um hæli í Evrópu og segir að bókin hafi stofnað lífi sínu í hættu. Bókin, sem er eftir norsku blaðakonuna Ásne Seierstad, segir frá hjónunum Shah Mohammed Rais og Suraya Rais og fjölskyldu þeirra eftir fall talíbanastjórnarinnar þar í landi.

Bókin kom út árið 2002 og naut vinsælda víða um heim. Nýlega var hún gefin út í Afganistan og segir Rais að hún sé ekki lengur óhult eftir það. Hún hefur því sótt um hæli í Svíþjóð en svo gæti farið að hún fari til Noregs. Eiginmaður Rais hefur hins vegar ekki sótt um hæli og er óvíst að hún geri það. Fljótlega eftir að bókin kom út

höfðaði eiginmaður Rais mál á hendur Seierstad þar sem hún hefði svert orðstír hans með því að lýsa honum sem ofstækmanni sem stjórnaði fjölskyldu sinni harðri hendi. Seierstad segir að hann hafi ekki hlustað á neinar sáttatillögur heldur fari nú offari í fjölmíðlum til að ná sér niðri á henni og forlaginu og heimti skaðbætur. Hann stefnir líka á að gefa út bók þar sem hann segir sína hið á málinu.

ÁSNE SEIERSTAD Bóksalinn frá Kabúl segir frá fjölskyldu í Afganistan eftir fall talíbanastjórnarinnar.



RÚNTAÐ UM LANDIÐ FYRIR SPES: **GÍSLI HVANNDAL SKRIFAR FRÁ HRINGFERÐINI**

Ókeypís fyrir börnin hans Njarðar

Fimmtudaginn 19. lögðum við af stað frá Hvolsvelli eftir góðar móttökur á Hlíðarenda. Guðjón ákvað að koma við á Heilsugæslustöðinni sökum sárinda í ökkla. Þegar elskulegar starfskonurnar komust að því að við værum að hjóla „fyrir börnin hans Njarðar“, þá hlúðu þær að sárum hans endurgjaldlaust og skrifuðu upp á bólgueyðandi lyf sem hann gleypði í sig. Drengirnir voru við það að gefast upp þegar þeir komu að Seljalandsfossi, en þar lagðist Dagbjartur niður og kallaði hástöfum á móður sína. Á meðan þeir veinuðu og streitust á móti vindi kom ég dóti okkar fyrir á Hótel Lundi í Vík í Myrdal. Ég hjólaði svo á móti þeim og ekki var ástandið betra þegar við mættumst. Nú var hnéd á Guðjóni að gefa sig og ég dró því upp

hitakremið sem fékk að smjúga inn að aumum vöðva. Við komum til Víkur rétt fyrir níu og þegar ég kom brunandi inn í bæinn náði ég í fyrsta sinn þeim merka áfanga að fara yfir hámarks hraða (50 km/klst.) á reiðhjólí. Guðjón fór strax á Halldórskaffi svo að hann gæti borðað í snarhasti og spilað, á meðan eldaði Dagbjartur dýrindis máltíð á Hótel Lundi undir ljúfum tónum Rásar 1. Þegar þetta er skrifað sit ég í góðum félagsskap Ólafs Björgvinssonar trésmíðs úr Reykjavík á Halldórskaffi. Hann vill ólmur veita vel af vini og smáaur í baukinn enda eru Össur og Njörður sko hans menn! Biður hann kærlega að heilsa Össuri. Eins og ávallt taka þjónustustúlkurnar vel á móti okkur og þennan pistil fékk



GÍSLI Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Ólafur Björgvinnsson var sáttur við framtak þeirra stráka enda eru Össur og Njörður mennirnir hans.

ég að senda hjá Fríðu á Hótel Lundi. Hér geng ég bara inn í olæst hús og geri mig heimakominn eins og ekkert sé. Næsti viðkomustaður er Geirland á Kirkjubæjar-

klaustri þar sem móttökurnar verða ekki síðri. Vonandi verður þetta svona það sem eftir er ferðar... hversu mikið sem það nú verður?



LJÓSMYNDIRNAR Hugleikur hefur sýnt það að undanförunu að honum er margt til lista lagt og er ljósmyndasýningin bara enn ein rósín í hnappagatið fyrir þennan snjalla rit höfund.



MÆTTU Í KRONKRON Þær Sigga og Huguín létu sig ekki vanta á ljósmyndasýningu Hugleiks.

Ljósmyndir Hugleiks til sýnis

Fjöllistamaðurinn Hugleikur Dagsson hélt ljósmyndasýningu í húsa kynnum KronKron verslunarinnar. Hugleikur hefur verið áberandi í bókmenntalífi landsans auk þess að vera valinn leikskáld ársins á Grím- unni. Honum er því greinilega margt til lista lagt eins og gestir ljósmyndasýningarinnar gátu borið vitni um.



ÁNÆGÐAR Þær Helga og Sissa voru ánægðar með það sem fyrir augum bar og nutu þess að skoða skemmtilegar myndir Hugleiks.



GLÆÐIR Í BRAGÐI Þeir Hjörtur og Mistik var ánægðir með verk Hugleiks.



LJÓSMYNDARINN Hugleikur var stoltur af verkum sínum sem voru til sýnis.



GÓÐIR SAMAN Þeir Mundi og Stefán Svan voru meðal þeirra fjölmörgu gesta sem litu inn í KronKron.



Í GÓÐRA VINA HÓPI Þau Palli, Davíð Örn og Ástríður voru mætt og létu fara vel um sig á ljósmyndasýningunni.

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

Stjórn á
blóðþrýstingi



HVÍTA HÚSÍÐ / SÍA

LH inniheldur náttúrulega lífvirk peptíð sem geta hjálpað til við stjórn á blóðþrýstingi

LH-drykkurinn er gerður úr undanrennu og er því fitulaus. Auk peptíðanna inniheldur hann í ríkum mæli kalk, kalíum og magníum en rannsóknir benda til að þessi steinefni hafi einnig jákvæð áhrif á blóðþrýsting.

Tískusýning í góða veðrinu

Glæsileg tískusýning var haldin á veitingastaðnum Vegamótum á laugardaginn. Ungir íslenskir hönnuðir sýndu þar afrakstur sinn og lögðu fjölmargir tískufíklar leið sína þangað til að sjá hvað væri það nýjasta í íslenskri tisku.



SÉRSTAKUR Strákatiskan var mjög sérstök og skrautleg á köflum.



FLOTT Pessi fyrirseta skartaði þessum glæsilega sumarkjól á Vegamótum.



GLÆSILEG HÖNNUN Kjöllinn vakti mikla athygli á Vegamótum þar sem ungir íslenskir hönnuðir létu ljós sitt skína.



Í GÓÐU STUÐI Þrátt fyrir að einhverjir muni varla láta sjá sig í þessum fötum gefa þau einhverja hugmynd um það sem koma skal.

TILBOÐ

SÚPERTURN

64 BITA 3500+

Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bitu tækni, Hyper Transport og 2000FSB

GEFORCE 7300GS

Nýjasta kynslóð skjá korta með 256MB DDR2 810MHz minni, CineFX 4.0 tækni og TV-út tengi

HLJÓDLÁT VINNSLA

Góður og hljóðlátur Dragon turnkassi með ofur hljóðlátum Fortron afgjafa, hurð og USB2 tengi að framan



Örgjörvi 3500+ Athlon64 - HT 2000FSB og Hyper Transport
Minni 1GB DUAL DDR400 Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð
Harðdiskur 250GB WD SE 8MB - SATA 2 SATA2 300, 7200RPM og 8MB buffer
Skjåkort 256MB GeForce7 NX7300GS MSI PCI-E 16X, 810MHz DDR2
Hljóðkort Dolby Digital 7.1 - EAX2 8 rása Dolby Digital hljóðkerfi
Annað 6xUSB2 tengi, Gigabit netkort 4x SATA Raid, 4x ATA133, ofl.

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harðir diskurinn er forsníðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: geisladrif, diskettudrif og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsgöðu gamla skjáinn, lykklaborðið og músina.

VERÐ 69.900



VL9
 • Samtals kr. 72.357
7.767

GEFORCE7 NX7600GT



Zero Noise

MSI Geforce7 7600GT með ofur hraðvirkt 256MB 1.4GHz DDR3 vinnsluminni, kemur með HDTV stuðning, TV-út og Dual DVI. Frábært VIFTULAUST PCI-Express 16X skjåkort með hljóðlausri Zero Noise Heatpipe MSI tækni

VERÐ 29.900

WD HARDIR DISKAR



WD Western Digital

SPECIAL EDITION

Special Edition harðiskar frá Western Digital sem eru 7200RPM og með 8MB buffer

FLUID BEARING

Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingabetri harðiskum

WESTERN DIGITAL

Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðiskarnir í dag á enn betra verði en áður

250GB 8.990 | **320GB 14.900**

Oll verð eru birt með fyrirvara um breytingar, innviðarvillur og myndbreytingar

SÚPERTILBOÐ 3



3000+

- 3000+ AMD Sempron 64Bit HT
- 512MB DDR400 Corsair minni
- 128MB GeForce6 6100 skjåkort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, SATA og FireWire

VERÐ 24.900

GEFORCE6 NX6600GT



MSI Geforce6 NX6600GT með ofur hraðvirkt 128MB DDR3 1000MHz minni, TV-út, VGA og DVI tengi, AGP

VERÐ 19.900

MSI MÓÐURBOÐ



MSI K9N Neo-F socket AM2 móðurborð með 4x800MHz DDR2 minnisraufum, 4xSATA2, 9xUSB2.0 tengi, Gb Lan ofl.

VERÐ 12.900

SENNHEISER HD 515



Sennheiser HD 515, létt heyrnatól sem ná yfir eyru, ótrúlega hljómmikil og þægileg í notkun

VERÐ 8.990

2800+ Sempron 64, MSI móðurborð, skjåkort ofl.
VERÐ 16.900

Sound Blaster Audigy SE 24bit 7.1 hljóðkort
VERÐ 4.990

512MB Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð
VERÐ 5.990

1GB Corsair USB2 lykkl með 10 ára ábyrgð
VERÐ 6.990

3500+ AMD Athlon64 Socket AM2 örgjörvi
VERÐ 16.900

100 stk 4x6 Glossy Photo GP-501 Ljósmyndapappír
VERÐ 3.490

Traxdata útvær 11-in-1 kortalesari fyrir flest kort
VERÐ 3.790

Traxdata útvær 11-in-1 kortalesari fyrir flest kort
VERÐ 3.990



Vaxtalaust tilboð er miðað við 9 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 72.357 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
 Nóatúni 17
 Sími 562 6730

AKUREYRI
 Glerárgötu 36
 Sími 464 7400

KEFLAVÍK
 Hafnargötu 90
 Sími 534 7400

Nýtt í

ULTRAVIOLET
Blöðstriðið er hæfið!
Milla Jovovich í mögnuðum Sci-Fi spennuþrilli!

FRÁ FÖRUNDI BRING IT ON
ÓVÆNTASTA, KYNPOKKAFYLLSTA OG SKEMMTILEGASTA GRÍNMYND ÁRSINS

OVER THE HEDGE
Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

CLICK
50.000 MANN

DA VINCI CODE
BYGGÐ Á VINSÆLUSTU BÓK Í HEIMI!

STAY ALIVE

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

Burgerbío Sími 462 3500

ULTRAVIOLET	kl. 4,50, 8 og 10.10 B.L. 12 ÁRA
OVER THE HEDGE ISL. TAL.	kl. 3, 5 og 7
OVER THE HEDGE ENSKYT TAL.	kl. 3, 5, 7, 9 og 11
SÝND Í LÚXUS ENSKYT TAL.	kl. 3, 5, 7, 9 og 11
STICK IT	kl. 3, 5, 30, 8 og 10.20
CLICK	kl. 9 B.L. 10 ÁRA
RAUÐHETTA ISL. TAL.	kl. 3
ULTRAVIOLET	kl. 5,50, 8 og 10.10 B.L. 12 ÁRA
THE BENCHWARMERS	kl. 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 5,30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
STICK IT	kl. 8 og 10
STAY ALIVE	kl. 8 og 10 B.L. 16 ÁRA
THE BENCHWARMERS	kl. 6 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 6 B.L. 10 ÁRA

400 kr. í bíó!
Eldir á allar sýningar í Regnboginum myndar með rauðu

Dolby SDDS Digital Surround EX BÍÓ.IS – allt á einum stað

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

Sími 553 2075

OVER THE HEDGE
Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

Sýnd kl. 4, 6 og 8 ISL. TAL. Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 ENSKYT. TAL.

SEE NO EVIL
SVANALEGASTA HRÖLLVEKJA ÁRSINS
ATTA FÓRNARLÖMB EINN GEDSJUKUR FJÓLDAMORDINGI HVER MUN LIFA NÓTTINA AF

Sýnd kl. 8 og 10 B.L. 16

CLICK
Sýnd kl. 4 og 6

www.laugarasbio.is



NÝTT KAFFIHÚS Kaffihúsið í Gróttu er opið til 20. ágúst. Sigríður Stella ber þar fram bæði súpur og sætabrauð.

Kósy kaffihús í Gróttu

Í Gróttu á Seltjarnarnesi er nú rekið kaffihús í tengslum við sýninguna Eiland. Kaffihúsið er til húsa í Fræðasetrinu og er þar hægt að fá vöflur, kaffi og kakó. „Við verðum líka með súpu og brauð með hummus á kvöldin og aðra smárétti,“ segir rekstrarstjórinn Sigríður Stella Guðbrandsdóttir. Hún segir að flestir þeir sem leggi leið sína út í Gróttu til þess að skoða sýninguna komi við á kaffihúsinu en þar er bæði hægt að sitja úti og inni. „Það er mjög kósy stemning hjá okkur. Við erum með húsgögn frá Góða hirðinum og svo spilum við bara íslensk sextíslög með Ellý Vil-

hjálm og fleirum,“ segir Sigríður Stella. Ellý fær þó af og til hvíld frá fóninum því á kaffihúsinu verða líka reglulega ýmsar tónlistarupptökur. Þannig lék nýlega kontrabassaleikari úr Sífoníuhljómsveitinni á kaffihúsinu og fleiri upptökur eru fyrirhugaðar á kvöldin. Kaffihúsið verður starfrækt jafnlengi og sýningin Eiland er í gangi eða til 20. ágúst. „Opnunartímar fara eftir flóðatöflum. Við erum með gjallarhorn sem við köllum í til að láta fólk vita þegar farið er að falla að.“ Nánari upplýsingar um sýninguna og opnunartíma hennar er hægt að fá á heimasíðunni www.eiland.is

Höfrungar skemmta þrjú hundruð innflytjendum

Hundrað og tuttugu Pólverjar, glaðir og reifir Rússar og fjöldi annarra af erlendu og innlendu bergi brotnu mættu í hvalaskoðunarferð Alþjóðhúss á fimmtudagskvöld, en alls fóru 330 manns í ferðina. „Þetta var mjög sérstakt, magnað að vera með folki af svo fjölbreyttu þjóðerni og allir með bros á vör,“ segir Helga Ólafsdóttir, starfsmaður Alþjóðhúss.

Auk fjörutíu Íslendinga var mætti fólk frá Georgíu, Palestínu, Grænhöfðaeypjum, Danmörku, Bretlandi, Perú, Finnlandi, Portúgal, Brasilíu, Japan, Kína, Bandaríkjunum, Litháen, Tyrklandi, Spáni, Taílandi, Filippseyjum, Kenýa, Níkaragua og fleiri löndum og virtust tungumálaerfiðleikar engin áhrif hafa á gleði bátsmanna. Fjölmargir höfrungar létu sjá sig við mikinn fögnuð en lítið sást af hvöllum. „Þetta var mikið ævintýri því margir hafa aldrei farið í hvalaskoðun. Allir voru úti á dekkinu og það var mjög gaman að sjá litlu höfrungana hoppa og skoppa,“ segir Helga, en bátarnir voru á vegum Hafsúlunnar og Eldingar, sem tóku vel í að aðstoða Alþjóðhúsið og voru með tilboð á barnum svo ekki vantaði drykkina.



GÓÐ MÆTING Hópurinn gekk fylktu liði frá Alþjóðhúsi niður að bryggju.



ELDING OG HAFSÚLAN Hvalaskoðunarferðin var hluti af vikulegri dagskrá Alþjóðhúss, sem stendur fyrir upptökum á fimmtudögum til að hrista saman innflytjendur og Íslendinga.



STEMNING Í BÁTUNUM Hvalaskoðunarferðin þótti takast mjög vel þrátt fyrir að lítið hefði sést af hval.



GENGIÐ UM BORD Ístak splæsti rútu á sitt fólk og stórir hópar komu frá öðrum fyrirtækjum.

Lét sem hún væri lesbía

Leikkonan Alicia Silverstone lét sig engu varða þó kjaftasögur gengu um að hún væri lesbía. Ástæða þess var sú að hún vildi halda ástarævintýri sínu með Chris Jarecki fyrir sig. Alicia lét því sem hún tæki ekki eftir því að fréttir birtust í fjölmiðlum um að hún væri lesbía. Alicia og Chris gengu í hjónaband fyrir ári síðan eftir að hafa hist á laun um nokkurt skeið. Fram að því höfðu fjölmiðlar furðað sig á því að hún væri ekki orðuð við neina heita piparsveina eða sæist á stefnumótum. Þess vegna fóru kjaftasögurnar af stað.

„Ég hittir Chris fyrst þegar ég

var tvítug,“ segir Alicia, sem í dag er 29 ára. „Við byrjuðum ekki saman fyrr en löngu seinna því ég var svo upptekin við að leika í kvikmyndum. Síðar uppgötvaði ég að hann væri besti maður sem ég hefði nokkurn tímann hitt og að ég myndi eflaust aldrei hitta annan slíkan. Þegar hlutirnir gerðust svo vildum við ekki auglýsa sambandið í fjölmiðlum. Þannig er ég bara þegar kemur að einkalífi mínu,“ segir Alicia, sem sér ekki eftir neinu.

ALICIA SILVERSTONE Leyndi sambandi sínu við núverandi eiginmann sinn.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Richards gæti slasast

Aðstandendur þriðju kvikmyndarinnar um sjóræningjana á Karíbahafinu óttast að Keith Richards gæti slasast í tókum en gítarleikari Rolling Stones hefur ákveðið að leika föður Jack Sparrow í næstu mynd. Richards féll niður úr kóstré í apríl þegar hann var í frú á Fídjeyjum og segir leikstjórinn Gore Verbinski að einhver atriði gætu reynst honum erfið en Richards þarf að klifra upp í mastur á sjóræningjaskipi. „Fyrir mann sem féll úr kókos-hnetutré gætu þessi skref orðið smá vandamál,“ sagði leikstjórinn en Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest hefur slegið í gegn



KEITH RICHARDS Leikur pabba Jack Sparrow í þriðju myndinni um sjóræningjana á Karíbahafinu. Leikstjóri myndarinnar óttast um heilsu hans.

um allan heim að undanfögnu og er væntanleg til sýningar hér á landi í þessari viku.

SAMBÍÓIN

Frámleiddum SHREK & MADAGASCAR

Dau ætla að ná aftur hverfinu... einn bita í einu!

OVER THE HEDGE

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI ER EINN STAFRENA / DIGITAL BÍÓ & ÍSLAKH

THE FAST AND THE FURIOUS TOKYO DRIFT

the break-up

SUPERMAN RETURNS

Mesta ofurmenni heims hefur snúið aftur.

★★★★★
KJÓT TOPPILÉ
★★★★★
EIN ALLRA BESTA HIND ÁÐING, BETAN TUNDR ADHAINN Í HÖP ÞEIRA FREINISU
★★★★★
M.M.L. KJÓTMYNDIR.COM

CARS

THE LAKE HOUSE

ALFABAKKA

OVER THE HEDGE ísl. tal	KL. 2-4-6
OVER THE HEDGE enskt. tal	KL. 2-4-6-8-10-10
SUPERMAN RETURNS	KL. 3:50-4:50-7-8-10-10 B.I. 10
SUPERMAN RETURNS VIP	KL. 3:20-8
THE BREAK UP	KL. 8-8:15-10:20
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 10:30 B.I. 12
BÍLAR ísl. tal	KL. 2-3-5:30

KRINGLUNNI

*OVER THE HEDGE ísl. tal	KL. 3-5-7
*OVER THE HEDGE enskt. tal	KL. 3-5-7-9
*SUPERMAN RETURNS	KL. 3-5:50-9 B.I. 10
THE BREAK UP	KL. 9

KEFLAVÍK

OVER THE HEDGE ísl. tal	KL. 8
THE OMEN	KL. 10 B.I. 16
SUPERMAN RETURNS	KL. 7-10 B.I. 10

AKUREYRI

OVER THE HEDGE ísl. tal	KL. 6-8
THE BREAK UP	KL. 10:10
SUPERMAN RETURNS	KL. 6-9 B.I. 10

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919



SIXTH SENSE-STJARNAN Haley Osment er átján ára í dag, en hann var tíu ára þegar The Sixth Sense var frumsýnd.

Slasaðist í slysi

Leikarinn Haley Joel Osment rifbeinsbrotnaði og brákaðist á axlarbláði í bílslysi í Los Angeles. Osment var að keyra heim til sín þegar bíll hans rakst á steinstólpa og valt. Osment, sem er átján ára, var fluttur með hraði á sjúkrahús en hann var með meðvitund og gat talað við lögregluna. Ekki er vitað hvort áfengi eða eiturylf voru í spilu en eitthvað hefur verið að hrjá drenginn fyrst hann missti einbeitinguna svona svakalega. Osment var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í The Sixth Sense 1998.

Beckham-hjónin langar í fjórða barnið

Breska blaðið News of the World greindi frá því í gær að knattspyrnuhetjan David Beckham og eiginkona hans Victoria væru að reyna að eignast sitt fjórða barn en þau eiga fyrir þrjá stráka, þá Brooklyn, Romeo og Cruz.

Blaðið segir að nú vilji hjónakornin eignast stúlku en heimildarmaður blaðsins segir að ástin blómstri sem aldrei fyrr hjá þeim Beckham og Victoriu. „Það er eins og þau séu nýgift. Þau geta ekki látið hvort annað í friði og eru alltaf að kyssast,“ sagði náinn vinur þeirra hjóna.

„David getur ekki beðið eftir því að verða pabbi á ný og honum finnst að stúlka myndi fullkomna fjölskylduna,“ bætti hann við en hjónabandið stóð ansi völtum fæti eftir að fréttir um meint framhjáald birtust fyrir nokkru.



DAVID OG VICTORIA Langar að eignast fjórða barnið og vonast að þá muni þau fá stúlku.



HJÓNAKORNIN Britney Spears og eiginmaður hennar Kevin Federline ætla að endurnýja hjúskaparheitin. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Endurnýja hjúskaparheitin

Poppþrússessan Britney Spears og eiginmaður hennar Kevin Federline hafa nú ákveðið að gefa slúðurpressunni langt nef og blása á allar kjaftasögur þess efnis að það séu erfiðleikar í hjónabandinu.

Þau ætla sér að endurnýja hjú-

skaparheit sín við hátíðlega athöfn í Hawaii í ágúst.

Þetta mun vera hugmynd Britneyjar þar sem hún vill styrkja samband þeirra og sýna heiminum að hún sé orðin ástfangin af Kevin á ný.

Eberg springur út

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Hér er komin önnur plata Einar's Tönsberg, sem vann sér það til frægðar að vera í hljómsveitinni Cigarette fyrir um það bil áratug. Sú sveit er frekar lítt eftirminnileg rokksveit en Einar hefur breytt alfarið um stíl. Hann hefur verið búsettur í London um nokkurra ára skeið og tónlistin sem hann framreiðir nú undir Eberg-nafninu er bæði skemmtileg og þræflott. Áhugasamir fá gott tækifæri til að berja hann augum á Innipúkanum um verslunarmannahelgina.

Einar flokkast auðveldlega í hóp nýrrar kynslóðar tónlistarmanna sem nefndir hafa verið fartölvutrubadorar. Kunnastur slíkra er auðvitað Mugison og nokkurn samhljóm má finna þeirra á milli.

Tónlist Ebergs er í grunninn fremur einföld og þægileg popptónlist byggð upp af gíturum og hljómborði. Það sem gerir hana heillandi er frumlegar og skemmtilegar útsetningar. Augljóst er að Einar hefur legið lengi yfir tónlistinni og það skilar sér vel.

Fyrsta lag plötunnar er Love Your Bum, hreint út sagt frábært lag sem ómögulegt virðist að fá leið á. Textinn mun vera söðinn saman úr slagorðum sem notuð



EBERG

VOFF VOFF

Eberg stimplar sig inn með flottri plötu sem gefur góð fyrirheit um framhaldið. Love Your Bum er án efa eitt af lögum ársins.

hafa verið í klósettpappírsglasi í Bretlandi.

Skemmtileg kvenrödd kemur við sögu í laginu, og reyndar víðar, og minnir sú innkoma nokkuð á hljómsveitina Ske á fyrstu plötu hennar. Eftir þetta rekur hvert ágætis lagið annað. My mín, Inside Your Head og Sober in June standa upp úr en varla er hægt að tala um að veika punkta sé að finna á plötunni.

Þó Eberg sé greinilega enn á mótunarsligi og eigi líklega eftir að verða enn betri með næstu plötu verður ekki af honum tekið að Voff voff er langflottasta íslenska plata ársins til þessa.

Höskuldur Daði Magnússon

Eldvarnartæki – til öryggis

Fyrir heimilið, sumarbústaðinn, vinnustaðinn og hótelið

1.056 kr. Reykskynjari 9v

3.459 kr. Eldvarnarteppi 100x100cm

4.950 kr. Dufttæki 2kg með mæli og bilfestingu

6.957 kr. 50l grá/svört

8.573 kr. 30l ryðfrítt stál

2.737 kr. 15l blá/svört

6.698 kr. Dufttæki 6kg með mæli og veggfestingu

Eldvarnarfötur

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



KR mætir ÍBV í kvöld

Átta liða úrslit VISA-bikars karla klárast í kvöld þegar ÍBV mætir KR í Frostaskjólínu. Leikurinn hefst klukkan 19.15 en ÍBV vann KR í leik liðanna í Landsbankadeild karla fyrir í sumar 2-0 á heimavelli sínum í Vestmannaeyjum.

sport

sport@frettabladid.is

ÍSLANDSMEISTARAR FRAM Í HANDBOLTA: GÆTU LENT Í LEIKMANNAVANDRÆÐUM FYRIR TÍMABILIÐ

Vandamál með atvinnuleyfi í Safamýri

Íslandsmeistarar Fram í handbolta gætu misst tvo leikmenn fyrir næsta tímabil, Úkraínumanninn Sergiy Serenko og Bosniumanninn Samir Avdibegovic sem þeir sömdu við nýverið. Nýjar og hertari reglur hafa verið settar um dvalar- og atvinnuleyfi fyrir leikmenn sem eru frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

„Við erum búnir að undirbúa okkur og ef þetta fer á versta veg þurfum við klárlega að styrkja hópin okkar enn frekar ef þeir koma ekki fyrir næsta tímabil,“ sagði Hjálmar Vilhjálmsson, varaformaður handknattleiksdeildar Fram, við Fréttablaðið í gær. Sergiy er reyndar nánast kominn með atvinnuleyfið en litlar líkur eru á því að fjölskylda hans fái dvalarleyfið. Hann og kona hans

eignuðust barn nýverið. Serenko og Avdibegovic eru ekki einu leikmennirnir sem eru í vandræðum með leyfið. Nina Voronina, sem kvenna-lið Fram hefur samið við, er í sömu sporum og líklega Florentina Grecu og Tite Kalandadze hjá Stjórnunni. Vinnu-málastofnun hafa þegar borist nokkrar umsóknir um leyfi fyrir handboltamenn á Íslandi. Um næstu helgi verður dregið í Meistaradeildinni í handbolta en Framarar verða á meðal liða í pottinum. Ný stúka sem Framarar ætla að fá sér á heima-völl sinn í Safamýrinni er enn ekki komin og líklegt

er að tafir verði á afhendingu hennar. Handknattleikssamband Evrópu hefur þegar skoðað Framheimilið og setti nokkrar athugasemdir á húsið, þar á meðal vegna áhorfendastöðunnar, en ekki er leyfilegt að selja í stæði heldur einungis í stúku. Auk þess var kvartað yfir perum í ljósum hússins og fjölda auglýsinga á gólfinu.

„Það kemur vel til greina að við spilum okkar leiki í Laugardalshöllinni, sérstaklega ef við lendum í riðli með Ísland-ingaliðunum, en þetta verður að koma í ljós. Við viljum spila okkar leiki í Safamýrinni en því miður er ekki víst að það hafist,“ sagði Hjálmar.



> Ólík hlutskipti landsliðanna

Íslensku ungmennalandsliðið í körfubolta stóðu í ströngu í gær á Evrópumótum piltalandsliða. 20 ára lið Íslands tapaði illa fyrir Svíum í lokaleik sínum í móttinu með 36 stigum mun, 101-65. Ísland endaði þar með í tólfra sæti á móttinu sem fór fram í Portugal en Alexander Dungal var stigahæstur í gær með fjórtán stig. 18 ára liðið gerði þó góða hluti á móti sínu í A-deild í Grikklandi þar sem það vann Slóvena 83-65 í gær en leikur gegn Ísrael í dag. Hörður Axel Vilhjálmsson fór á kostum í leiknum og skoraði 30 stig. Hjörtur Einarsson skoraði 13, Þröstur Jóhannsson 12 og Brynjar Björnsson 11.



RÆNDUR Rooney tapaði derhúfum, treyjum og öðru í ráninu.

Innbrot í Liverpool:

Stolið af Wayne Rooney

FÓTBOLTI Brotist var inn á heimili foreldra Waynes Rooney um helgina og gripum stolið sem eru í eigu enska landsliðsframherjans. Meðal þess sem var stolið voru enskar landsliðstreyjur og bikarinn sem hann hlaut fyrir að vera besti ungi leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar 2002.

Almenningur hefur verið beðinn um að setja sig í samband við lögregluna ef fólk er boðinn varningurinn á netinu eða á kránni sinni.

- hbg

Hólmar Örn Rúnarsson:

Fer til Silkeborg í dag

FÓTBOLTI Hólmar Örn Rúnarsson, leikmaður Keflavíkur, fer í dag til reynslu hjá danska liðinu Silkeborg. Þar hittir hann fyrir Íslendingana Bjarna Ólaf Eiríksson og vin sin úr Keflavík, Hörð Sveinsson sem skoraði einmitt eina mark liðsins í 4-1 tapi gegn FC Kaupmannahöfn um helgina.

Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur og faðir Hólmar, sagði við Fréttablaðið í gær að miðjumaðurinn yrði líklega fram á sunnudag hjá Silkeborg en liðin hafa enn ekkert rætt sín á milli um kaupverð á Hólmar, sem er spenntur fyrir förlinni samkvæmt Rúnar. - hph

Frakklandshjólreiðarnar:

Landis öruggur sigurvegari

HJÓLREIÐAR Floyd Landis varð í gær þriðji Bandaríkjamadurinn til að vinna Frakklandshjólreiðarnar, Tour de France, en hann lauk keppni eftir maraþonmótið 57 sekúndum á undan Oscar Pereiro. Samtals hjólaði Landis á 89 klukkustundum, 39 mínútum og 30 sekúndum. Mótið varð loksins spennandi eftir glæstan árangur landa Landis, Lance Armstrong, en sá magnaði kappi fór með sigur af hólmí í móttinu sjö ár í röð. Hann tók ekki þátt á þessu sinni og gerði það keppnina enn meira spennandi en sigur Landis var á meðal tæpustu sigra í sögu keppninnar. - hph

Þessi titill var fyrir pabba

Besti kylfingur heims brotnaði niður og grét eftir að hann tryggði sér sigur á opna Breska meistaramóttinu. Þetta var fyrsti sigur Tigers eftir að faðir hans féll frá í upphafi sumars og hann tileinkaði föður sínum titilinn.

GOLF Tiger Woods varð í gær fyrsti kylfingurinn í sextán ár sem ver titill sinn á opna Breska meistaramóttinu. Tiger var öryggið upp-málað á lokadegi mótsins á Hoylake-vellinum og tapaði aldrei forystunni sem hann hafði fyrir daginn. Tiger hefur unnið öll þau risamót sem hann hefur leitt fyrir lokadaginn. Þetta var þriðji sigur Tigers á þessu elsta risamóti golf-sins.

Chris DiMarco varð annar tveim höggum á eftir Tiger og Ernie Els varð þriðji, fimm höggum á eftir hinum stórkostlega Bandaríkjamanni. DiMarco náði um tíma að minnka muninn í eitt högg en en Tiger svaraði með góðum fuglum og sigurinn var aldrei í hættu eftir það.

Þetta var ellefti risatitill Tigers en sá fyrsti eftir að hann missti föður sinn. Þá tók Tiger sér frí frá golfiðkun í níu vikur og þegar hann sneri til baka á opna bandaríska meistaramótið var hann heillum horfinn og komst ekki í gegnum niðurskurðinn í fyrsta sinn á risamóti. Það var allt annað upp á teningnum núna.

„Stevie (kylfusveinn Tigers, innsk. blm.) sagði við mig þegar við löbbuðum upp að átjándu flötina að þessi sigur væri fyrir pabba. Í kjölfarið fóru tilfinningararnar að flæða en þær hafa verið læstar inn í mér,“ sagði Tiger auðmjúkur en hann hræðist ekki að ræða um tilfinningar sínar.

„Ég sakna föður míns svo rosalega mikið. Ég vildi að hann hefði verið hérna og orðið vitni að þessu. Ég reyndi að láta hann upplifa það í síðasta sinn að sjá mig sigra á Masters en það gekk ekki. Hann naut þess innilega að sjá



TILFINNINGAPRUNGIN STUND Tilfinningarnar báru Tiger Woods ofurlíði eftir að hann tryggði sér sigur á opna Breska meistaramóttinu í golfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

mig vinna risamót og hann hefði brosað breitt hefði hann verið hér í dag.“

Þakkarræða Tigers var innileg þar sem hann þakkaði vallerstarfsmönnum fyrir þeirra hlut og hrósaði síðan DiMarco, sem varð fyrir álika áfalli á dögnum


henry@frettabladid.is

Birgir Leifur Hafþórsson fór illa að ráði sínu á Áskorendamótaröðinni í Austurríki: Allan stöðugleika vantar í spilið

GOLF Atvinnukylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson átti skelfilegan lokadag á Man No móttinu í Austurríki sem er hluti af áskorendamótaröðinni. Birgir var í frábærri stöðu fyrir gærdaginn en hann hafði leikið vel fyrstu þrjá dagana og var ásamt þremur öðrum kylfingum í þriðja sæti áður en leikur hans fór algjörliga út um þúfur.

Birgir gerði hver mistökina á fætur öðrum í gær og slæm byrjun setti hann út af laginu. Hann fékk skolla og skramba á tveimur fyrstu holunum og leiðin lá ekki upp á við eftir það. Hann lauk keppni á fyrri níu holunum á 42 höggum, sjö höggum yfir pari, og þar með var draumur hans um að vera á meðal efstu manna fokinn út um veður og vind.

Birgir rétti aðeins úr kútnum á seinni hringnum sem hann lék á einu höggi yfir pari en hann fékk tvo skolla, á 13. og 14. holu.



BIRGIR LEIFUR Lék vel á þremur dögum af fjórum á móttinu í Austurríki.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

en lagaði stöðuna með fugli á 16. holu vallerins. Hann lauk hringnum því á átta höggum yfir pari og móttinu á tveimur höggum undir pari. Það dugði honum skammt en hann var ásamt fimm öðrum kylfingum í 49. sæti mótsins. Spánverjinn Rafael Cabrera Bello sigraði á móttinu en hann

þegar móðir hans féll frá. Tiger er nú í öðru sæti yfir þá kylfinga sem hafa unnið risamót, jafn Walter Hagen.

Enn nokkuð í Jack Nicklaus, sem sigraði á átján risamótum á sínum ferli.

henry@frettabladid.is



Á FÖRUM Ruud hefur að öllum líkindum leikið sinn síðasta leik fyrir United.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ruud van Nistelrooy:

Í viðræðum við Bayern

FÓTBOLTI Karl-Heinz Rummenigge, framkvæmdastjóri Bayern München, staðfesti við þýska blaðið Bild í gær að félagið væri í viðræðum við hollenska framherjann Ruud van Nistelrooy. Þrátt fyrir það er félagið ekki búin að ná samkomulagi um kaupverð á framherjanum en félag hans, Manchester United, er búin að setta sig við hann sé á förum.

„Ruud bað um að fara frá okkur fyrir bikarúrslitaleikinn gegn Arsenal í fyrra, síðan bað umboðsmaður hans um að hann yrði seldur og nú hefur Ruud ítrekað þá ósk sína í bréfi til okkar,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd. „Ef ég á að vera heiðarlegur þá ætla ég ekki að standa í vegi hans ef hann vill virkilega fara frá okkur. Ég get ekki sagt ykkur af hverju hann vill fara, allt sem ég get sagt er að hann vill fara og við höfum sætt okkur við það.“

- hbg



ÓSÁTTIR Vieira og félagar í Juve telja dóminn harðan.

Ítalíuskandalinn:

Refsingarnar linaðar í dag?

FÓTBOLTI Búist er við því að áfrýjunardómstóll muni í dag skera úr um hvort dómur ítölsku liðanna fjögurra verða styttrir eða ekki. Öll fjögur félögin sem fengu refsingarnar fyrir að vera viðriðin Ítalíuskandalinn áfrýjuðu dómnum en þau eru Juventus, Lazio og Fiorentina, sem dæmd voru niður í B-deildina, auk AC Milan.

„Við teljum að Juventus þurfi að ná því sem nemur 80 stigum, sem jafngildir því að vinna 27 af 34 leikjum, bara til að tóra í Serie B deildinni,“ sagði Cesare Zaccone, lögfræðingur Juventus, fyrir framan áfrýjunardómstóllinn. Hann minnti einnig á að ef refsingunni yrði ekki breytt myndi það hafa gríðarleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins. - hph

Sektarkennd?

Umferðarlagabrot

*Ölvun við akstur	kr. 294.000
Ökuskírteini útrunnið	kr. 5.000
Bílbelti ekki spennt	kr. 5.000
samtals	<u>kr. 304.000</u>

* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 6 mánuði.

Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.



Öflugri löggæsla á vegum landsins.

Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



VEGAGERÐIN



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



UMFERÐARSTOFA

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

VISA-bikar karla:

VALUR-VÍKINGUR	1-2
1-0 Garðar Jóhannsson (11.), 1-1 Daníel Hjaltason (17.), 1-2 Höskuldur Eiríksson (76.).	
ÍA-KEFLAVÍK	3-4
0-1 Þórarinn Brynjar Kristjánsson (18.), 1-1 Arnar Gunnlaugsson (36.), 1-2 Guðmundur Steinarsson, víti (47.), 2-2 Arnar Gunnlaugsson (60.), 2-3 Guðmundur Steinarsson (75.), 2-4 Símun Samuelsen (80.), 3-4 Jón Vilhelm Ákason (86.).	
KA-PRÓTTUR	1-5
0-1 Sinisa Valdimar Kekic (17.), 1-1 Sveinn Elias Jónsson (42.), 1-2 Halldór Arnar Hilmisson (67.), 1-3 Sinisa Valdimar Kekic (73.), 1-4 Magnús Lúðvíksson (77.), 1-5 Andrés Vilhjálmsson (82.).	

Hiti í mönnum:

Skagamenn ósáttir

FÓTBOLTI Keflvíkingar unnu Skagamenn 4-3 í VISA-bikar karla í gærkvöldi í æsilegum leik liðanna sem var frábær skemmtun. Skagamenn voru mjög ósáttir við að fá ekki dæmt mark þegar þeir skölluðu að marki undir lok leiksins og boltinn virtist fara inn fyrir línuna. „Hann var langt fyrir innan, það sá það allir, en línuvörðurinn þorði ekki að dæma mark, það er alveg skelfilegt,“ sagði Bjarni Guðjónsson, leikmaður ÍA, eftir leikinn.

Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflvíkinga, var að vonum glaður eftir leikinn en hann skoraði helming markka Suðurnesjalíðsins. „Þetta var ekta bikarleikur og ég held að það hafi allir skemmt sér frábærlega vel, nema kannski Skagamennirnir. Það var boðið upp á frábær mörk og gott spil hjá báðum liðum en munurinn lá kannski í því að við höfðum meira blóðbragð í muninum,“ sagði Guðmundur.

- hph

Bikarmeistararnir slegnir út af fersku Víkingsliði

Eftir að Víkingur sigraði Íslandsmeistarana í sextán liða úrslitum var komið að bikarmeisturunum í gær. Sigurmarkið skoraði fyrirliðinn Höskuldur Eiríksson.

FÓTBOLTI Víkingar komust í undanúrslit VISA-bikarsins í gær með því að leggja Valsmenn 2-1 á Laugardalsvöllinum. Valsmenn þurftu að leika einum færri allan seinni hálfleikinn eftir að Guðmundur Benediktsson fékk að líta rauða spjaldið í stöðunni 1-1. Þegar boltinn var ekki í leik féll Valur Úlfarsson, varnarmaður Víkinga, með tilþrifum og var Guðmundi vísað af velli en það var Sigurður Óli Þórleifsson aðstoðardómari sem lét Magnús Þórisson vita af því að Guðmundur ætti að fá rautt. Skiljanlega voru Valsmenn mjög ósáttir við þennan dóm enda virtist þetta sárasklaust og ekki verðskulda brottvísun.

Þetta gerðist á 40. mínútu og var vendipunkturinn í leiknum en eina ógn Valsmanna í seinni hálfleik kom úr föstum leikatriðum. Sigurmarkið kom þegar um stundarfjórðungur var eftir en það var enginn annar en fyrirliðinn Höskuldur Eiríksson sem skoraði eftir að Grétar Sigfinnur Sigurðsson skallaði boltann til hans eftir horn. Höskuldur er ekki þekktur fyrir markaskorun en hann skoraði þó bæði mörk Víkinga í sigri á FH í sextán liða úrslitum og heldur því uppteknum hætti í bikarkeppinni.

Fjölmenni var á leiknum í gær en athygli vakti að Garðar Jóhannsson fór strax inn í byrjunarliði Vals og var ekki lengi að stimpla sig inn því hann skoraði fyrsta mark leiksins á elleftu mínútu eftir að hafa fengið langa sendingu fram og varnarmenn Víkinga



HVAÐ ERTU AÐ DÆMA, MAÐUR? Guðmundur Benediktsson sendir hér Sigurði Óla Þórleifssyni aðstoðardómara tóninn en Guðmundur var sendur í bað eftir ábendingu Sigurðar Óla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTÓN

réðu ekkert við hann. Daníel Hjaltason jafnaði metin á sautjándu mínútu með laglegum skalla eftir hornspyrnu Arnars Jóns Sigurgeirssonar.

Einum fleiri voru Víkingar betri í seinni hálfleiknum og heldur því bikarævintýri liðsins áfram með þessum 2-1 sigri og undanúrslitaleikur á Laugardalsvelli bíður. „Allt liðið spilaði vel að mínu mati og við vorum kraftmiklir nánast allan leikinn ef smá kafla í byrjun leiks er undanskilinn. Bikarkeppnin er frábær keppni og nú

erum við búnir að leggja Íslandsmeistarana og bikarmeistarana á útivöllum,“ sagði Magnús Gylfason, þjálfari Víkinga, eftir leik.

Spurður út í hina umdeildu brottvísun Guðmundar sagðist Magnús ekki hafa séð atvikið nægilega vel. „Ég sá bara minn mann detta en ef aðstoðardómari flaggar og lætur dómara reka leikmann af velli hlýtur hann að hafa séð eitthvað, hann er varla að búa þetta til. Annars veit ég ekkert hvað gerðist.“

elvargeir@frettabladid.is

- hbg



STÓRSIGUR Á AKUREYRI Atli Eðvaldsson stýrði lærisveinum sínum í Þrótti til stórsigurs gegn KA á Akureyri í gær.

Fjör á Akureyri:

KA steinlá gegn Þrótti

FÓTBOLTI Þróttur tryggði sér sæti í undanúrslitum VISA-bikarkeppinnar í gær með ótrúlegum sigri á KA, 1-5, norður á Akureyri.

Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik og liðin gengu jöfn til leikhls og fátt sem benti til þess að Þróttur myndi rúlla yfir heimamenn. Um miðjan hálfleikinn dattu gestirnir í girinn og í hönd fór örugglega einar eftirminnilegustu fimmtán mínútur sem hafa verið spilaðar í knattspyrnuleik á Akureyri lengi.

Þróttur skoraði þá fjögur mörk og mark Sinisa Kekic var sérstaklega eftirminnilegt en hann lék þá leikmenn KA upp úr skónum áður en hann setti boltann í netið. Magnaður leikur hjá Kekic, sem skoraði tvö mörk og virðist ætla að vera drjúgur fyrir Þróttara.

- hbg

VISA BIKARINN 2006



8 LIÐA ÚRSLIT

Dagur	Tími	Lið	Völlur
Sunnudagur 23. júlí 2006	19:15	ÍA – Keflavík	Akranesvöllur
	19:15	KA – Þróttur	Akureyrarvöllur
	19:15	Valur – Víkingur	Laugardalsvöllur
Mánudagur 24. júlí 2006	19:15	KR – ÍBV	KR-völlur

VISA styður íslenska boltann



Netisitur á www.visa.is/bikarleikur
Utanlandsferð í vinning og fjöldi glæsilegra aukavinninga.

Bikarleikur þar sem spáð er um úrslit leikja er á www.visa.is/bikarleikur
Í verðlaun eru utanlandsferð fyrir tvo auk fjölda glæsilegra aukavinninga.



FÖGNUMUR Færeyingurinn Simun Samuelsen fagnaði marki sínu gegn ÍA með miklum tilþrifum eins og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Mikil dramatík í leik ÍA og Keflavíkur:

Keflavíkursigur í æsilegum leik

FÓTBOLTI Keflvíkingar eru komnir í undanúrslit VISA-bikars karla eftir 4-3 sigur á Skagamönnum. Fyrri hálfleikur liðanna í gær var hin besta skemmtun. Heimamenn fengu sýnu betri færi í fyrri hálfleik en það voru þó gestirnir sem skoruðu fyrsta markið. Þar var að verki Þórarinn Brynjar Kristjánsson sem smellti boltanum glæsilega upp í samskeytin af 25 metra færi.

Heimamenn héldu áfram að pressa og uppskárú loksins jöfnunarmark þegar Arnar Gunnlaugsson vippaði snyrtilega yfir Ómar Jóhannsson, markmann Keflvíkinga. Glæsilegt mark hjá hinum spilandi þjálfara en sá sem gegnir sama starfi hjá ÍA, bróðir hans Bjarki, fór mjög illa að ráði sínu þegar hann slapp aleinn í gegn eftir frábæra sendingu Þórðar en var allt of lengi að athafna sig og Keflvíkingar náðu að bjarga á síðustu stundu.

Það var ekki mínúta liðin af síðari hálfleik þegar Igor Pesic sparkaði í andlitnið á Guðjóni Arna Antoníussyni og Einar Örn Daníelsson, góður dómari leiksins,

dæmdi vítaspyrnu. Úr henni skoraði fyrirliði Keflvíkinga, Guðmundur Steinarsson, örugglega og kom gestunum yfir á nýjan leik.

Skagamenn bitu í skaldarrendur og náðu að jafna leikinn á nýjan leik. Eftir góða sókn sendi varnarmanninn Dean Martin fyrir þar sem Arnar var mættur á fjærstöngina á nýjan leik og í þetta skipti skallaði hann boltann í tómt markið og jafnaði þar með leikinn í 2-2.

Þessi stórskemmtilegi leikur stóð svo sannarlega undir væntingum og Guðmundur Steinarsson kom Keflvíkingum aftur yfir þegar hann skoraði eftir lipra sókn þegar stundarfjórðungur lifði leiks. Færeyingurinn Símun Samuelsen skoraði svo glæsilegt mark þegar hann vippaði frábærlega yfir Bjarka, markmann Skagamanna, utarlega í vítateignum. Jón Vilhelm Ákason minnkaði muninn í 4-3 með enn einu glæsilegri markinu þegar hann prumaði boltanum í bláhornið úr vítateignum en það dugði ekki til og Keflvíkingar fóru með sigur af hólmi af Akranesi.

- hph

ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER!



HELGARBLAÐ DV ER KOMIÐ ÚT!

Helgarblað DV, Sirkus og DV sport!
Preföld ánægja um helgar.

DV

LIFANDI PAPPÍR!

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„Talk to the hand, cuz the face don't wanna hear it.“

Svar: Dr. Evil úr kvikmyndinni Austin Powers 2.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER KOMINN MEÐ NÓG AF ENDURSÝNINGUM

Hvar eru Prúðuleikararnir?

Endursýningar. Sami gamli brandarinn og fyrir áratug síðan. Vinir, Frasier, Simpson-fjölskyldan og nú auglýsir Sirkus að Seinfeld snúi aftur á skjáinn. Er ég að horfa á sama gamla sjónvarpið eða er bara ekkert til af góðum nýjum gamanþáttum? Þau Ross og Rachel eignuðust barn fyrir einhverjum árum síðan, Monica og Chandler giftust og Joey er alltaf jafn heimskur. Hlutir sem breytast ekkert í fyllingu tímans.

Mér líður stundum eins og Hafnfirðingnum sem fór með vini sínum á John Wayne mynd. Þegar komið var að slagsmálatriði spurði vinurinn hvort þeir ættu að veðja. „Ég spái því að John Wayne verði sleginn í rot,“ og Hafnfirðingurinn sló til með glampa í augunum. Þegar atriðinu var lokið og Wayne lá í valnum blótaði Gaflarinn hejgunni í sand



FRIENDS eru ekki allir löngu búnir að fá nóg af endursýndu efni á borð við Vini, Frasier og núna Seinfeld?

og ösku. Þegar myndin var búinn og það átti að borga viðurkenndi vinurinn að hann hefði svindlað. „Ég var búinn að sjá þessa mynd,“ sagði hann með skömmustulegum svip. Hafnfirðingurinn horfði á hann og sagði: „Ég líka, ég hélt bara að Wayne myndi ekki falla fyrir þessu bragði aftur.“

Ef þessir umræddu þættir væru nú eldgamlir líkt og Staupasteinn, sem svo sannarlega kveikti á einhverri nostalgíuæð, væri þetta vel skiljanlegt. Prúðuleikarana væri til dæmis gaman að sjá á ný eða jafnvel Heilsbælið sem um áráðir fékk Íslendinga til skella uppúr en mætti ég frábiðja mér að sjá fleiri endursýnda bandaríska þætti sem voru á dagskrá fyrir einungis nokkrum árum. Við sjónvarpsáhorfendur erum nefnilega ekki gúbbíffiskar.



21.00
Heimild

CAPTURING THE KILLER CROC



20.05
Nýtt

EXTREME MAKEOVER: HOME EDITION



21.50
Drama

SMALLVILLE



21.40
Nýtt

THE CONTENDER



19.40
Fjármál

PENINGARNIR OKKAR

SIJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah (79:145) 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Grey's Anatomy (4:9)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement (10:25) 13.30 Oliver Beene 13.55 Spartacus 15.20 You Are What You Eat (11:17) 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.15 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

14.00 Opna breska meistaramótið í golfi 16.35 Helgarsportið 16.50 Fótboltakvöld 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bárá (11:26) 18.06 Búi! 18.17 Lubbi læknir (21:52)

18.30 Vistaskipti (9:26) (Foreign Exchange)

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.05 Kóngur um stund (7:12) Textað á síðu 888 í Textavarpi.

20.40 Svona var það (5:22) (That 70's Show)

► 21.00 Leitín að mannæturkóðilinum (Capturing the Killer Croc) Heimildamynd um tilraunir til að fanga fimm og hálfis metra langan krókóðil sem talinn er hafa drepit 200 manns við Tanganyika-vatn í Búrúndi á undanföllum tíu árum.

22.00 Tíufréttir

22.25 Glæpahneigð (2:22) (Criminal Minds)

23.10 Fótboltakvöld 23.25 Út og suður 23.50 Kastljós 0.20 Dagskrárlök

23.05 Dream Lover 0.45 Medium (17:22) (B. börnum) 1.25 NCIS (2:24) (B. börnum) 2.10 David Bowie: Sound and Vision 3.40 Spider (B. börnum) 5.15 Fréttir og Ísland í dag 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Sky Captain and the World of Tomorrow 8.00 Tom Thumb & Thumbelina 10.00 Tortilla Soup 12.00 Another Pretty Face 14.00 Tom Thumb & Thumbelina 16.00 Tortilla Soup 18.00 Another Pretty Face 20.00 Sky Captain and the World of Tomorrow (Háloftakafteinninn og veröld morgundagsins) Byltingakennend og ævintýrleg visindaskáldsaga. Hér er á ferð ein fyrsta leikna myndin sem er alfarið búin til með notkun

bláskjás og unni í tölvum. Aðallutverk: Gwyneth Paltrow, Jude Law, Giovanni Ribisi. 2004. 22.00 Texas Rangers (Lögreglið í Texas) Aðallutverk: James Van Der Beek, Rachael Leigh Cook, Ashton Kutcher, Dylan McDermott. Str. b. börnum. 0.00 Gothika (Stranglelega bönnuð börnum) 2.00 The Pentagon Papers (Bönnuð börnum) 4.00 Texas Rangers (Stranglelega bönnuð börnum)

SIRKUS TV

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Fashion Television (e)

20.00 Seinfeld (3:22)

20.30 Jake in Progress (10:13) (Boys' Night Out)

21.00 Falcon Beach (8 :27) (Local Heroes) Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð.

► 21.50 Smallville (11:22) (Lockdown) Fimmta þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd.

22.40 Killer Instinct (8:13) (e) (Forget Me Not) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn. Bönnuð börnum.

23.30 Stacked (6:13) (e) 23.55 My Name is Earl (e) 0.20 Rescue Me (9:13) (e) 1.05 Weeds (9:10) (e) 1.35 Seinfeld (3:22)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

7.00 6 til sjó (e) 8.00 Dr. Phil (e)

15.50 Everybody Hates Chris (e) 16.20 One Tree Hill (e) 17.15 Dr. Phil 18.00 6 til sjó (e)

19.00 Beverly Hills 90210

19.45 Melrose Place

20.30 The O.C. Það er undurfullt í Orange County í Kaliforníu og þar býr ríka, fina fólkíð.

► 21.30 The Contender – NÝTT! Leitín að næstu hnefaleikastjörnu er hafin! Sextán hnefaleikakappar hafa verið valdir til að taka þátt í samkeppni um hver er efnilegastur. Fylgst verður með keppendum allan sólarhringinn í sérstökum þjálfun-ARBÚÐUM. Í hverjum þætti munu tveir þeirra berjast og sá sem tapar verður sendur heim. Sá sem stendur einn uppi í lokin verður milljón dólum ríkar.

23.20 C.S.I. 0.15 Jay Leno 1.00 C.S.I.: New York (e) 1.50 Beverly Hills 90210 (e) 2.35 Melrose Place (e) 3.20 Öst dölvandi tónlist

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 THS Goldie & Kate 15.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 16.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 17.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 18.00 E! News Weekend 19.00 THS Women Of Sex and The City 21.00 Sexiest Action Heroes 22.00 Dr. 90210 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 THS Women Of Sex and The City

NFS

7.00 Ísland í bítið 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

12.00 Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegisd – fréttaviðtal 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin 17.00 Sfréttir 18.00 Íþróttir og veður

18.30 Kvöldfréttir

19.00 Ísland í dag

► 19.40 Peningarnir okkar Þáttur um fjármál heimilanna, eins konar námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða.

20.00 Fréttayfirlit

20.20 Brot úr fréttavakt

21.00 Fréttir

21.10 60 Minutes

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Peningarnir okkar Ingólfur H. Ingólfsson hefur verið með vinsæl innskot á Fréttavaktinni undanfarna mánuði. Þátturinn er endursýndur á sama tíma á fóstudagskvöldum á eftir kvöldfréttum.

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10 Fréttavaktin 6.10 Peningarnir okkar

AKSJÓN

Fréttabútturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

FORSALA HAFIN Á STÆRSTU MYND ALLRA TÍMA



26. JÚLÍ

27. JÚLÍ

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA KL. 2-3-5-6-8-9-11
ÁLFABAKKI LÚXUS VIP KL. 6-9
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI KL. 2-15-5-15-8-15-11:15
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK KL. 8-11
SAMBÍÓIN AKUREYRI KL. 5-8-11
HÁSKÓLABÍÓ KL. 4-5-30-7-8-30-10-11-30

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA KL. 2-3-5-6-8-9-11
ÁLFABAKKI LÚXUS VIP KL. 6-9
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI KL. 2-15-5-15-8-15-11:15
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK KL. 8-11
SAMBÍÓIN AKUREYRI KL. 5-8-11
HÁSKÓLABÍÓ KL. 4-5-30-7-8-30-10-11-30

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA KL. 2-3-5-6-8-9-11
ÁLFABAKKI LÚXUS VIP KL. 6-9
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI KL. 2-15-5-15-8-15-11:15
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK KL. 8-11
SAMBÍÓIN AKUREYRI KL. 5-8-11
HÁSKÓLABÍÓ KL. 4-5-30-7-8-30-10-11-30

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA KL. 2-3-5-6-8-9-11
ÁLFABAKKI LÚXUS VIP KL. 6-9
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI KL. 2-15-5-15-8-15-11:15
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK KL. 8-11
SAMBÍÓIN AKUREYRI KL. 5-8-11
HÁSKÓLABÍÓ KL. 4-5-30-7-8-30-10-11-30



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

The Contender

Skjár einn kl. 21.30

Baráttan hafin

Leitin að næstu hnefaleikaleikastjórnu er hafin. Sextán hnefaleikakappar hafa verið valdir til að taka þátt og verður fylgst með þeim allan sólarhringinn í sérstökum þjálfunarbúðum. Í hverjum þætti berjast tveir keppendur, þar til í lokin að einn stendur uppi milljón dólum ríkari. En í þáttunum sést ekki einungis blóð og brotin bein, heldur fá áhorfendur einnig að kynnst bakgrunni mannanna, vonum þeirra og þrám.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

3	2	4	1	7	5	6	9	8
9	7	8	6	4	2	1	5	3
6	1	5	3	9	8	2	4	7
2	3	7	5	6	9	4	8	1
8	6	9	2	1	4	7	3	5
5	4	1	7	8	3	9	2	6
1	9	3	8	2	6	5	7	4
4	8	6	9	5	7	3	1	2
7	5	2	4	3	1	8	6	9

				6				
3	9		5	8				
	4				9			1
		2				6		8
8			9	7				5
9		5				1		
7			1				6	
				9	3		1	7
				4				

22.00
Heimildamynd
TIGERS PROWL



18.00 Íþróttasjallið 18.12 Sportið

- 18.30 Gillette Sportpakinn** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi.
- 19.00 Veitt með vinum** (Sogið í Ölfusi) Ný þáttaröð þar sem rennt er fyrir fisk í ám og vötnum landsins.
- 19.45 Meistaradeild Evrópu** (Úrslit: Arsenal-Barcelona)
- 22.00 Tiger Woods - heimildamynd (1:3)** (Tigers Prowl) Tiger Woods er einn besti kyflingur allra tíma. Nafn hans er þegar skrifað gylltu lettri í golfsöguna en afrekaskrá Tigers er bæði löng og glæsileg. Hæfileikar hans komu snemma í ljós en í þáttaröðinni fá sjónvarpsáhorfendur að kynnst kappanum frá ýmsum hliðum. Rætt er við fjölskyldu og vini Tigers sem og þekktar stjörnur.

23.00 4 4 2 0.00 Saga fótboldans **0.55 HM 2006**

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20**

Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaheiti **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fimm þúsund mínútur í Kænugarði **16.15** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Kvöldtónar **21.00** Framtíð lýðræðis **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **23.00** Á slóðum Mozarts **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.24** Auglýsingar **18.25**

Spegillinn **19.30** Á vellinum **22.10** Uppruni tegundanna **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bitið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádeggi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

ÁÐRAR STÖÐVAR

- FM 90,9 TALSTÖÐIN**
- FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
- FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
- FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
- FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
- FM 96,7 Lítt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
- FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
- FM 89,5 Kiss** / Nýja bitíð í bænum
- FM 88,5 XA-Rádió** / 12 spora efni
- FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
- FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður

SIRKUS TV

PÍPÓLA

FIMMTUDAGSKVÖLD KL. 22:00

ÞÆR VORU RÁÐNAR

Þær Elín og Sigurbjörg slógu út yfir 400 manns sem sóttu um að stjórna mest spennandi sjónvarpsþætti sumarsins! Í þættinum Pípóla (merking: leika, dansa, spila) munu Elín og Sigurbjörg kanna hina ýmsu króka og kima íslensks samfélags. Þær setja sig í ólíkleg hlutverk í einn dag og leyfa þannig áhorfendum að kynnst lífi ólíkra hópa á reykvískum sumardögum.

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.



HRÓSIÐ FÆR

Kristinn Jakobsson knattspyrnu-dómari, en að mati leikmanna á Íslandsmóttinu í knattspyrnu er hann skilningsríkasti dómariinn.

Myndar eftir Rembrandt leitað á Íslandi

Steinunni Jóhannesdóttur rit-höfundur barst á dögunum skrifleg fyrirspurn frá Hollandi um hvort hægt væri að færa sönnur á að hollenski listamaðurinn Rembrandt van Rjin hefði málað mynd af Guðríði Símonardóttur, eiginkonu Hallgríms Péturssonar, og hvort mögulega væri hægt að hafa uppi á málverkinu.

Málavextir eru þeir að Hollendingur einn hafði lesið þýska þýðingu á Reisubók Guðríðar Símonardóttur, sögulegri skáldsögu eftir Steinunni sem hún byggir á ævi Guðríðar. Þar segir meðal annars frá vikudvöl hennar í Amsterdam í ágúst árið 1636. „Þar leiddi ég Guðríði til fundar við hinn unga Rembrandt og Saskiu konu hans,“ segir Steinunn.

„Saskia sat reglulega fyrir hjá manni sínum en í skáldsögunni hleypur Guðríður í skarðið fyrir hana brot úr degi og fær skissuna að launum.“

Bréfritarinn átti sig ekki á að um skáldskap var að ræða og veðraðist svo mikið upp við lestur bókarinnar að skissan varð að málverki. Hann hafði rakið samband við forstöðumann bókasafns Rembrandts-hússins í Amsterdam, sem varð ekki minna upprifinn þegar hann heyrði tíðindin en mikil hátíðarhöld

eru í Hollandi um þessar mundir í tilefni þess að 400 ár eru liðin frá fæðingu Rembrandts. Hófst þá mikil fjársjóðsleit þar sem forstöðumaðurinn og hjálparveinn hans einsettu sér að finna meistaraverkið og settu sig því í samband við Steinunni. „Getirðu sannað að þetta málverk hafi verið til væru það mikil tíðindi, jafnvel þótt það sé glatað,“ stendur meðal annars í bréfinu til hennar.

„Ég varð því miður að hryggja þá með því að segja þeim að þessi saga væri bara uppspuni af minni hálfu,“ segir Steinunn. „En ég bætti við að sjálf hefði ég ákveðnar hugmyndir



STEINUNN JÓHANNESSDÓTTIR Olli usla í Amsterdam með sögulegri skáldsögu.

um hvenær skissan glataðist, hefði hún verið til, en það var þegar bær Guðríðar og Hallgríms í Saurbæbrann til kaldra kola í ágúst árið 1662. Þá er næsta víst að skissan hefði orðið eyðileggingunni að bráð en þeim er vitaskuld velkomið að koma hingað og leita.“

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 dræsa 6 tveir eins 8 því næst 9 fæða 11 hreyfing 12 stuttur 14 trufla 16 skóli 17 niður 18 kærleikur 20 guð 21 viðlag.

LÓÐRÉTT

1 ætla 3 í röð 4 vanvirkur 5 soðningur 7 ljúka 10 temja 13 suss 15 hástétt 16 blástur 19 drykkur.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 skal, 3 rs, 4 óvirkur, 5 soð, 7 klárast, 10 aga, 13 uss, 15 aðal, 16 mäs, 19 te.
LÁRÉTT: 2 drós, 6 ak, 8 svo, 9 ala, 11 í, 12 lægur, 14 raska, 16 ma, 17 súð, 18 ást, 20 ra, 21 stef.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Íslandsvinir.
- 2 Fjórða sætið.
- 3 Njörður.

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Vinningstölur laugardaginn 22.7.2006

1 6 29 35 38

Bónustala 20

Jökertölur vikunnar

Jóker 0 3 7 8 3

VÍKINGA LOTTO Allt af á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 19.7.2006

Aðaltölur 1 9 24 25 35 36

Bónustölur Ofurtala 3 23 18

Jökertölur vikunnar 2 8 8 4 2

Birt með fyrirvara um prentvillur



VAMPÍRAN NASH: HANNAR VÍGTENNUR FYRIR ÍSLENDINGA

Fjölskyldan hrædd við brjálæðinga

Vigtennur eins og þær sem varúlfar og vampírir skarta eru í hugum flestra eitthvað sem á bara heima í kvikmyndum en hér á landi er staddur sérfræðingur í vigtannagerð að nafni Nash og geta áhugasamir kynnt sér verk hans hjá húðflúrastofunni Stúdíó 54 þar sem Fjöltnir Bragason ræður ríkjum. Reyndar er þetta ákaflega viðkunnalegur náungi sem býr rétt fyrir utan New York.

Hann talar hratt en hefur augljóslega

gaman af því að vera hér á Íslandi. „Ég er hér til að kynna vigtennur sem líkamsskraut,“ segir Nash en viðurkennir að þetta sé ekki jafn vinsælt og götun eða húðflúr. „Þetta hefur samt sem áður verið að ryðja sér rúms og er orðið nokkuð vinsælt á alþjóðavísu,“ bætir Nash við og segir að varúlftennurnar séu eftirsóttastar.

Nash hefur verið á ferðalagi að undanfögnu og meðal annars komið við í Ástralíu auk þess að hafa staldrað við í flestum ríkjum Bandaríkjanna. Reyndar hófst þetta tannævintýri Nash fyrir algjöra slysn

því hann segist fyrst og fremst vera tónlistamaður. „Ég var með langar tennur þegar ég var yngri og fór til tannlækna sem reyndu að laga þær. Þegar ég var síðan að spila á tónleikum sá ég strák með svona tennur og fór til tannlæknis sem útbjó svona handa mér. Móður minni var svo illa við þær að hún eyðilagði þær eina nóttina. Það stöðvaði mig þó ekki, ég fékk efnið hjá tannlækni og ég bjó bara til nýjar. Vinum mínum fannst þetta töff og svo byrjaði boltinn að rúlla,“ útskýrir Nash og segir að fjölskyldunni sinni hafi ekkert litist á þessa atvinnugrein hans til að byrja með. „Þau voru skíthrædd við allt þetta brjálæða fólk sem ég kynni að komast í tæri við,“ segir Nash en að gefnu tilefni skal tekið fram að tennurnar

eru gerðar úr plasti og því þurfa viðskiptavinirnir ekki að hafa áhyggjur af því að þeir verði með vampírutennur til eilíffðar.

Nash er orðinn nokkuð þekktur fyrir handbragð sitt og hafa kvikmyndaframleiðendur haft samband við hann þegar gera á vampírumyndir. „Það eru aðallega tæknibrellumeistararnir sem koma að máli við mig og vilja fá ráð,“ útskýrir Nash en vill þó sem minnst gera úr þessu sambandi sínu við Hollywood.

Nash fer héðan á þriðjudaginn en er staðráðinn í að koma aftur hingað enda segist hann kunna ákaflega vel við land og þjóð. „Ég er hvorki giftur né á börn en held að ég hafi fundið rétta staðinn til að leita.“



KATE BECKINSALE Nash fékk símtal frá brellusérfræðingum kvikmyndarinnar Underworld og hann ráðlagði þeim með tennurnar sem Kate Beckinsale var með.

Getur flautað með augunum


Hinn 22 ára gamli Sigurgeir Þór Helgason vann nýlega æsispenandi hæfileikakeppni meðal starfsmanna ÍTR en eins ótrúlega og það hljómar þá getur hann blístrað lag með augunum. Sigurgeir framkallar blístrið með því að halda fyrir nef sér og blása út um augun. „Ég hef getað gert þetta síðan ég var smá krakki. Amma getur þetta líka þannig að þetta er greinilega einhver ættarhæfileiki,“ segir Sigurgeir, nokkuð ánægður með sigurinn sem færði honum bikar til eignar.

Sigurgeir flautaði lagið Atti katti nóa í keppninni og gekk það

ágætlega. „Sumum finnst þetta merkilegt en öðrum finnst þetta bara ógeðslegt,“ segir Sigurgeir, sem hefur heyrt um fleiri sem geta gert þetta og telur þetta ekki vera svo óalengt þó ekki geti allir gert þetta. „Þetta er ekkert vont, ekki nema ég sé að leika einhverjar sínfóníur. Ég tárast aðeins við þetta.“ Í sumar vinnur Sigurgeir sem leiðbeinandi á leikjanámskeiði en hann segist ekki hafa sýnt krökkunum þennan hæfileika sinn. „Ég hef bara verið að sýna vinum mínum þetta en það er aldrei að vita nema ég taki sýningu fyrir krakkana við tækifæri.“



MEÐ ÓVENJULEGAN HÆFILEIKA Sigurgeir getur flautað lag með augunum og vann nýlega hæfileikakeppni meðal starfsmanna ÍTR út á þann hæfileika.



FLITON/SÍA


Dell Latitude D520

TÖLVAN SEM VAKIR MIKLU LENGUR EN ÞÚ!

Hin afkastamikla **Dell Latitude D520** er búin geysiöflugri rafhlöðu. Hún er með frábærum skjá, snilldardrifum, þráðlausu netkorti og öllu sem þú þarft í skólann og svo er hún á góðu verði. Í stuttu máli þá gerir **Dell Latitude D520** allt fyrir þig – nema að læra heima!

Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:

R. SIGMUNDSSON / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 • PENNINN / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 • PENNINN EYMUNDSSON / Sólvallagötu 2, Keflavík / 421 1102 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Eyraveggi 37, Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Strandvegi 51, Vestmannaeyjum / 481 1122 • BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 • TÖLVU-SMÍÐJAN / Nesgötu 7, Neskaupstað / 470 2230 / Miðási 1, Egilsstöðum / 470 2220 • PENNINN / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 461 5050 • NETHEIMAR / Aðalstræti 27, Ísafirði / 456 5006 • NETOS / Aðalstræti 9, Ísafirði / 456 8440 • MAREIND / Nesvegi 7, Grundarfirði / 438 6611 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Brúartorgi 4, Borgarnesi / 437 2260 • TÖLVU-ÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / Esjubraut 49, Akranesi / 430 7000



VERÐ Á MÁNUÐI
FRÁ KR.

3.461*

*M.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán. Fullt verð frá 99.900 kr.

▶ [Skoðu úrvalið á www.ejs.is](http://www.ejs.is)

DELL

Það er til lausn á öllu

Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS ▶

www.ejs.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR


Sólskin og hiti

Þegar ég var að rokast með töskurnar inn í anddyrið á hótelinu vék sér að mér maður og ávarpaði mig á íslensku. Hann sagðist hafa dvalið hér í viku og átt illa vist, því að hér væri bæði sólskin og hiti og ekkert sjónvarp á herbergjunum. Hann saknaði íslenskrar veðráttu, íslensks mataræðis, íslenskrar tungu og alls annars sem íslenskt er.

PETTA rennir stoðum undir þá kenningu að ferðalög og sumarleyfi séu fyrst og fremst til að sanna fyrir fólki að heima sé best. Þegar fólk er búð að vinna í ellefu mánuði er það skyldað til að fara í frí. Sérstakar ferðaskrifstofur sjá um að senda fólk á ókunna staði, einkum svokallaða ferðamannastaði, þar sem töluð eru framandi tungumál, loftslagið er öðruvísi en heima og vatnið inniheldur skuggalegar bakteríur og svonefndar túristahjarðir reika um villtar.

SÚ erfiða lífsreynsla að slíta erlendan gjaldmiðil út úr hraðbönkum í myrkum húsasundum, að svitna, sólbrenna, villast, drekka saltan sjó, týna vegabréfinu sínu og falla í ræningjahendur forhertra leigubílstjóra skapar djúpa og innilega heimþrá sem ágerist með hverjum degi, einkum ef tímanum er varið í langar rútufærðir til að skoða óeftirminnilegar rústir eða hversdagsleg náttúru-undur og kvöldin fara í að umreikna einkennilega gjaldmiðla í íslenskar krónur og komast að þeirri niðurstöðu að kostnaðurinn við hina ódýru leyfisferð sé löngu kominn úr böndunum.

HEIMPRÁIN breytist svo í friðsælan fögnuð þegar eldvíglunni lýkur og fornfáleg flugvélin lendir í Keflavík við dynjandi lófatak. Samstundis tekur minnið að vinna úr hinni erfiðu reynslu. Hrakningar, flugnabit og matareitranir breytast í ljúfar minningar. Hámarki sælunnar er náð á fyrsta vinnudegi í kunnuglegu umhverfi innan um samverkafólk og vini sem hlýðir agndofa á mergjaðar lýsingar á ferðalagi þar sem allir erfiðleikar voru yfirstignir af ráðagóðri hagsýni og jafnaðargeði. Framundan er notalegt og friðsælt umhverfi heimilis og vinnu næstu ellefu mánuði - en að þeim tíma liðnum er tímabært að fara á stjá á nýjan leik til að rifja upp þau fornu sannindi, að heima er best!



Sumartilboð á Legacy 2.470.000 kr.*

LEGACY

SUBARU

JONSSON & LEWIS • JMS • SÍA

SYMMETRICAL AWD

Legacy er mjög kraftmikill bíll og sérlega þægilegur og mjúkur undir stýri - hvort sem þú ert að sækja börnin í leikskólann eða á leiðinni upp í sumarbústað. Legacy er rétti bíllinn fyrir íslenskar aðstæður, og þig.

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRAR - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Ingvar Helgason	Sævarhóla 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00.	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Njarðvík 421-8808	Reyðarfirði 474-1453

* Á meðan birgdir endast.

SUMARTILBOÐ LEGACY - TAKMARKAÐ MAGN

SEDAN	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
Sjálfskiptur	2.620.000	2.470.000
WAGON	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
Beinskiptur	2.690.000	2.490.000
Sjálfskiptur	2.790.000	2.640.000

ÓKEYPIS ÍSETNING

2006 línan frá Pioneer



Pioneer DEH-1800

4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð 17.900.-



Pioneer DEHP-4800MP - Spilar MP3/WMA/WAV

Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari • EEQ forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangur • Snúningstakki • Verð 24.900.-

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

ORMSSON

SJÐUMÚLA 9 Sími 530 2800 SMÁRALIND Sími 530 2900 KEFLAVÍK Sími 421 1535 AKUREYRI Sími 461 5000